SKOÐUN Þorvaldur Gylfason skrifar um Grikkland, Þýskaland og ESB. **15**

MENNING Sjoppurnar við þjóðveginn eru meðal yrkisefna Eyþórs Árnasonar. **26**

LÍFIÐ Katrín Sif greiddi fyrirsætum fyrir sýningu Bowie Wong. **34**

SPORT Hólmari Erni Eyjólfssyni líður eins og hann sé í útlöndum á Íslandi. **26**

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Fimmtudagur
16. júlí 2015
165. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014

FRÉTTIR

Salernisgjald aflagt

Þingvallanefnd hefur ákveðið að hætta að innheimta salernisgjald þegar nýtt bílastæðagjald verður tekið upp. Illa hefur gengið að rukka inn á salernin á Hakinu. Starfsfólk segir ferðafólk forðast salernin. **2**

Áföll og hamfarir hjá bændum
Bændur eru ekki búnir undir ítrekuð áföll og fjárhagstjón. Mikið hefur dunið á þeim undanfarin ár, fjárdauði, kindur hafa drepist í fannfergi og vegna öskufalls og hestapest geisaði. **8**

Öll ársgömul börn í leikskóla
Starfshópur vil að öll ársgömul börn fái leikskólapláss. **6**

SHALDOR **14**

SÉRBLAÐ Fólk

Reiðir hjúkrunarfræðingar munu standa við uppsagnir

Hjúkrunarfræðingar eru afar ósáttir við framkomu ráðamanna og segjast ætla að standa við uppsagnir. Næga vinnu sé að fá á Norðurlöndunum. Landspítalinn verður óstarfhæfur verði uppsögnum haldið til streitu.

KJARAMÁL Mikil reiði er meðal þeirra hjúkrunarfræðinga sem sagt hafa upp störfum á Landspítalanum. Hjúkrunarfræðingarnir segjast ætla að standa við uppsagnir enda sé næga vinnu að fá á Norðurlöndunum. Hjúkrunarfræðingar felldu kjarasamning í gær með 88,4 prósentum greiddra atkvæða

„Okkur finnst vera komið fram við okkur af vanvirðingu," segir Ingibjörg Linda Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur á svæfingardeild Landspítalans.

Linda og eiginmaður hennar Stefán Alfreðsson, hjúkrunarfræðingur og sérfræðingur á hjarta- og lungnavél, hafa bæði sagt upp störfum á Landspítalanum. Linda segir ráðamenn ekki taka hjúkrunarfræðinga alvarlega. „Mér og mínum manni er alvara. Við erum farin að leita að vinnu," segir Linda en hjónin hafa bæði starfað áður á Norðurlöndunum.

Alls hafa 258 hjúkrunarfræðingar sagt upp störfum, sem er um tæplega 18 prósent af heildarfjölda hjúkrunarfræðinga á Landspítalanum. Staðan er sérstaklega slæm á gjörgæsludeild þar sem 61 prósent hjúkrunarfræðinga hefur sagt upp.

Kristín Ingibjörg Gunnarsdóttir, deildarstjóri gjörgæsludeildar Landspítalans, segir að deildin verði óstarfhæf muni uppsagnirnar standa. Hún segist ekki búast við að uppsagnir verði dregnar til baka nema betri samningur bjóðist. „Fólk er alveg gallhart á þessu," segir Kristín.

Edda Jörundsdóttir, hjúkrunarfræðingur á gjörgæsludeildinni, er ein þeirra sem sagt hafa upp störfum. Hún hyggst líkt og margir samstarfsmenn hennar ætla að starfa í Noregi þegar uppsögn hennar tekur gildi þann 1. október. „Fólk ætlar að labba út, ráðamenn gera sér ekki alveg grein fyrir því," segir Edda.

> **Fólk ætlar að labba út, ráðamenn gera sér ekki alveg grein fyrir því.**
> *Edda Jörundsdóttir, hjúkrunarfræðingur*

- ih / sjá síðu 4

ÓEIRÐIR Í APENU Mótmælendum og lögreglu laust saman í Aþenu í gær á meðan þingið ræddi um skuldasamning Grikklands við ESB. Sjá síðu 2. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Bandaríski rapparinn Snoop Dogg vill gæðavöru á meðan hann dvelur hér:

Vill ekki ferðast um á limósínu

MENNING Bandaríski rapparinn Snoop Dogg sem treður upp í Laugardalshöllinni í kvöld undir nafninu DJ Snoopadelic, sendir allajafna ítarlegan lista til tónleikahaldara með ýmsum kröfum. Samkvæmt svokölluðum „ræder-lista", sem kappinn hefur sent frá sér og Fréttablaðið hefur undir höndum, er ætlast til þess að ákveðnir hlutir séu til staðar svo að allt fari vel fram. Á listanum biður hann um fjórar flöskur af ísköldu Moet Rosay-kampavíni, tvær flöskur af ísköldu Ciroc-vodka, tvær flöskur af ísköldu Patrón-tekíla og tvær flöskur af Hennesy XO koníaki. Allar flöskurnar skulu vera að minnsta kosti 750 ml.

Ofan á þetta fer Snoop fram á að fá 24 flöskur af ísköldum Red Bull-orkudrykk, 36 flöskur af ísköldum Premium-bjór og 24 flöskur af ísköldu vatni. Þá eru ávaxtasafar eins og ananas- og appelsínusafar einnig á listanum. „Það kom maður á hans vegum til landsins á mánudag, sem er að taka út svæðið. Snoop sendir fólk á undan sér til að kanna hvort allt sé ekki öruggglega nógu gott og hvort allt sé til staðar," segir Kristinn Bjarnason, einn skipuleggjenda tónleikanna.

Snoop lendir hér á landi í dag á einkaþotu sinni. Slíkur reynslubolti og kanóna gerir að sjálfsögðu miklar kröfur hvað varðar samgöngur enda hefur hann ferðast um allan heim í fjölda ára.

Kröfurnar eiga einnig við um samgöngumáta hér á landi, því hann vill eingöngu ferðast á milli staða á svartri extra stórri Mercedes Vito-lúxussendibifreið og tekur fram að hann vilji ekki sjá limósínur.

- glp / sjá síðu 42

VEÐUR



Áfram norðaustlæg átt 3-10 m/s í dag og að mestu skýjað og þurrt, en nokkrir dropar munu þó falla allra syðst seinnipartinn. Hiti 7 til 16 stig, hlýjast suðvestan til.

SJÁ SÍÐU 24

Líklegt þykir að stjórnarandstöðuflokkarnir kjósi með niðurskurðartillögum ríkisstjórnarinnar:

Mótmælendur köstuðu bensínsprengjum

GRIKKLAND Mótmælendur sem mótmæltu niðurskurðartillögum grísku ríkisstjórnarinnar köstuðu bensínsprengjum að lögreglu og mikil átök brutust út í kjölfarið á milli þeirra og lögreglu við gríska þingið í gærkvöldi.

Á sama tíma rökræddu þingmenn tillögur vegna samnings Grikklands og Evrópusambandsins um 86 milljarða evra neyðarlán til landsins.

Stefnt var á að kosið yrði um tillögurnar í gærkvöldi en ekki var búið að kjósa þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Alexis Tsipras forsætisráðherra hefur staðið í ströngu við að afla tillögunum stuðnings á þinginu en hópur þingmanna úr flokki Tsipras ætla sér að kjósa gegn þeim en Nadia Valavani, varafjármálaráðherra landsins, sagði til að mynda af sér embætti í gær og líkti samkomulaginu við ESB við gríska harmleik.

Ljóst er að ríkisstjórnin hefur ekki þingmeirihluta til að koma tillögunum í höfn án þess að treysta á stuðning stjórnarandstöðuflokkanna sem eru líklegir til að kjósa með tillögunum.

Niðurskurðartillögurnar fela í sér mikinn opinberan niðurskurð og breytingar á virðisaukaskattkerfinu og lífeyriskerfi Grikkja. Ef þingið samþykkir tillögurnar mun Evrópusambandið veita neyðarlán sem er það þriðja til Grikklands á þremur árum. - srs

ÓEIRÐIR Fjöldi manns mótmælti í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

GRÖF MURNAU F. W. Murnau er þekktastur fyrir að hafa leikstýrt Max Schreck sem Orlok greifa í kvikmyndinni Nosferatu frá árinu 1922. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Lögregla leitar vitna sem geta varpað ljósi á þjófnaðinn:

Hauskúpan tekin úr gröf Murnau

ÞÝSKALAND Höfuðkúpunni af leikstjóranum Friedrich Wilhelm Murnau var stolið úr gröf hans í Þýskalandi á dögunum.

Lögreglan í Þýskalandi telur að höfuðkúpunni hafi verið stolið á milli 4. og 12. júlí. Lögreglan hefur kallað eftir vitnum sem gætu varpað ljósi á grunsamlegar mannaferðir í Stahnsdorf-kirkjugarðinum sem er í úthverfi Berlínar.

Murnau var einn frægasti leikstjóra svarthvíta tímabilsins í Hollywood en hans allra þekktasta verk er vampírumyndin Nosferatu, sem kom út árið 1922. Murnau lést í bílslysi í Kaliforníu árið 1931. - srs

Breytt lög kalla á flutninga:

Fara til sérstaks saksóknara

STJÓRNSÝSLA Peningaþvættisskrifstofa ríkislögreglustjóra flutti í gær yfir til Embættis sérstaks saksóknara.

Flutningurinn er í samræmi við nýsamþykkt lög um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögreglulögum.

Peningaþvættisskrifstofa mun starfa hjá sérstökum saksóknara til 1. janúar 2016 eða þar til embætti héraðssaksóknara tekur til starfa. Embætti héraðssaksóknara mun meðal annars höndla móttöku tilkynninga á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningaþvætti. - srs

Fjórir í gæsluvarðhaldi:

Lögðu hald á pillugerðarvél

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði hald á öfluga vél eða pressu til töflugerðar í íbúðarhúsi á höfuðborgarsvæðinu í lok síðasta mánaðar.

Auk þess lagði lögregla hald á mikið magn e-taflna og fimm manns voru handteknir í aðgerðinni sem þótti nokkuð umfangsmikil.

Talið er að pillurnar hafi verið framleiddar í vélinni sem lagt var hald á.

Fjórir mannanna voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald og tveir eru enn í haldi lögreglu. - srs

SALERNISFERÐIR Dvöl sumra ferðamanna á Þingvöllum hefur einskorðast við að bíða hér í röð og skoða salernisaðstöðuna á Hakinu að innan. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Salernisgjald lagt af í Þingvallaþjóðgarði

Formaður Þingvallanefndar segir illa ganga að rukka inn á salernin á Hakinu. Nefndin hafi því ákveðið að hætta innheimtunni þegar nýtt bílastæðagjald verður tekið upp. Kallar eftir sameiginlegu átaki opinberra aðila og ferðaþjónustunnar.

FERÐAÞJÓNUSTA „Okkur fannst þetta hefta of mikið ferðamennina," segir Sigrún Magnúsdóttir, formaður Þingvallanefndar, um þá ákvörðun að hætta að taka gjald fyrir afnot af salernum þjóðgarðsins á Hakinu.

Salernisgjaldið, sem er 200 krónur, verður afnumið þegar nýtt bílastæðagjald verið tekið upp á Þingvöllum. Það verður sennilega síðar í sumar eða haust.

Að sögn Sigrúnar tókst innheimta salernisgjaldsins ekki eins og til var ætlast. Bæði hafi sumir reynt að koma sér undan því að borga og búnaðurinn hafi verið bilunargjarn. Þyngst vegi þó að kerfið hafi verið tafsamt.

„Svona hlið þýðir töf og það myndi verða betra flæði að þurfa ekki að borga þar neitt. Maður sá þessar biðraðir hjá fólkinu í rútunum sem sá svo aldrei Þingvelli því það stóð bara í biðröð til þess að komast á klósett," útskýrir Sigrún.

Í tilefni fréttar í gær af fólki sem hægir sér aftan við Þingvallabæinn undirstrikar Sigrún að á Vallhallarreitnum þar skammt undan séu fjögur salerni auk þess sem tvö salerni séu við Silfru. „Þannig að sitthvorum megin við þetta ógeð eru þó sex salerni," segir Sigrún og upplýsir að það kosti þjóðgarðinn hálfa milljón króna á mánuði að reka salernin fjögur á Valhallarreitnum.

„Þannig að það hefur vissulega verið reynt að koma til móts við kröfur en það virkar eins og menn hafi hreint út sagt ekki vitað um þau. Það hvílir líka ábyrgð á leiðsögumönnum að afla sér upplýsinga um staðhætti," segir Sigrún.

Auk þess að vera formaður Þingvallanefndar er Sigrún umhverfisráðherra. Hún segir salernismálin víða um land mikið áhyggjuefni.

„Það er mitt sem umhverfisráðherra að reyna að verja náttúru landsins og mér svíður hvernig ástandið er," segir Sigrún, sem segir lausnina felast í samhentu átaki. „Ég treysti alltaf á samvinnuhugsjónina; það þarf samhent átak ríkis, sveitarfélaga og þjónustuaðila," segir umhverfisráðherra, sem kveður vandann nú felast í því að menn hafi ekki séð fyrir fjölda ferðamanna í dag fyrir tíu árum. „En hver gerði það svo sem?"

„Maður sá þessar biðraðir hjá fólkinu í rútunum sem sá svo aldrei Þingvelli því það stóð bara í biðröð til þess að komast á klósett.

Sigrún Magnúsdóttir, formaður Þingvallanefndar

gar@frettabladid.is

Leiðsögumenn kvarta yfir því að stjórnvöld standi sig ekki í stykkinu:

Segja ferðafólk forðast salernin

FERÐAÞJÓNUSTA Starfsfólk þjóðgarðsins á Þingvöllum segir dæmi um að leiðsögumenn hvetji gesti til að greiða ekki fyrir að nota salerni sem boðið sé upp á í þjóðgarðinum. Þess í stað bendi þeir fólkinu á að ganga örna sinna úti í náttúrunni.

Í yfirlýsingu þjóðgarðsstarfsfólksins kemur fram að nýlega hafi verið reist girðing við salernin við Hakið því fólk hafi gert þarfir sínar á veggina. Með því sparar það sér tvö hundruð krónur sem það hefði annars þurft að greiða fyrir að nýta klósettin.

„Í þjónustumiðstöðinni á Leirum er 21 gjaldfrjálst salerni en þrátt fyrir það lenda starfmenn iðulega í því að ferðamenn fara bak við byggingar þjóðgarðsins og létta á sér fyrir framan þá og aðra," segir meðal annars í yfirlýsingunni.

Salerni þjóðgarðsins eru alls 56 og það er sama hvar þú ert staddur á svæðinu, aldrei er lengra en 1.300 metrar á „Frissabúð".

„Við leiðsögumenn erum í því að afsaka gerðir stjórnvalda í hvert sinn sem við komum á þessa staði," sagði leiðsögumaðurinn Helgi Jón Davíðsson, í samtali við Fréttablaðið í gær. Á forsíðu blaðsins í gær var vakin athygli á því að margir ferðamenn nýta náttúru þjóðgarðsins sem salerni. Klósettpappír og saur mætti finna á víð og dreif um svæðið. - jóe

LÉTT Á SÉR Gestir í þjóðgarðinum á Þingvöllum hafa gerst full náttúrulegir við saur- og þvaglát. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

HÚSASMIÐJAN

blómaval

RÝMINGAR-SALA

Á SUMARVÖRUM

Hefst í dag

RÝMINGARSALA & ÚTSALA

Allt að 50% afsláttur

GARÐHÚSGÖGN **30–40%**, SUMARBLÓM **20%**, GARÐLEIKFÖNG **30–40%**, RAFMAGNS- OG BENSÍNORF **20%**, REIÐHJÓL **20–30%**, TRAMPÓLÍN **20%**, TRÉ OG RUNNAR **50%**, RAFMAGNSSLÁTTUVÉLAR **25%**, GASGRILL **20%**, ÚTIPOTTAR **30%**, GOSBRUNNAR **30%**, FRÆ **50%**, GARÐSTYTTUR **30%**, REIÐHJÓLAFYLGIHLUTIR **30%**, GRILLÁHÖLD **30%**, BÚSÁHÖLD **25%**, CLABER GARÐVÖRUR **40%**, KEÐJUSAGIR **20%**, HEKKKLIPPUR **30%**, MATJURTIR **50%** OG ÓTAL MARGT FLEIRA.

Brandenburg

Með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“, tilboðsvörum og Weber grillum.

525 3000 • husa.is

SPURNING DAGSINS

Jóhann, þurfið þið að lúta í gras fyrir veðrinu?

„Já, hérna er allt við sama heygarðshornið.“

Heyskapur er enn ekki hafinn hjá Jóhanni G. Jóhannssyni, kúabónda á Austurlandi. Gríðarlegar rigningar hafa staðið í vegi fyrir slætti. Heyskapur fer hægt af stað um land allt.

Formaður Félags vélstjóra og málmtæknimanna útilokar ekki að endurvekja verkfallsaðgerðir:

Félagsmenn VM felldu samninginn við SA

KJARAMÁL Meirihluti félagsmanna innan Samiðnar samþykkti kjarasamning við Samtök atvinnulífsins í dag. Félag járniðnaðarmanna á Ísafirði hafnaði þó samningnum auk þess sem samningur Samiðnar við Meistarafélag pípulagningamanna var felldur.

Hjá Rafiðnaðarsambandinu felldu þrjú félög samninginn en það voru Rafiðnaðarfélög Suðurnesja og Norðurlands auk Félags rafiðnaðarmanna á Suðurlandi.

Tæplega 58 prósent félagsmanna í félagi vélstjóra og málmtæknimanna (VM) felldu kjarasamning félagsins við SA.

Guðmundur Ragnarsson, formaður VM, segir niðurstöðuna afgerandi. „Þessi launaþróunartrygging fór mjög illa í menn og menn vildu bara fá meiri hækkanir í grunninn. Síðan er náttúrulega hvernig hlutirnir þróast út samninginn og hvernig dregst saman á milli lægstu launa í landinu og okkar félagsmanna,“ segir hann.

Guðmundur segir verkfallsaðgerðir undirliggjandi þrátt fyrir að þeim hafi verið aflýst við undirritun kjarasamninga þann 22. júní.

„Það stendur eftir 15. september ótímabundin vinnustöðvun.“ - hks, srs

FORMAÐURINN Guðmundur segir að félagsmenn hafi ekki sætt sig við samninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hjúkrunarfræðingar í mál við ríkið

Mikill meirihluti hjúkrunarfræðinga felldi kjarasamning við ríkið. Fjármálaráðherra og formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga takast á um lagatúlkun á hvort gerðardómur skuli kveða upp úr um kjörin. Landspítalinn þarf að bregðast við standi uppsagnir 311 starfsmanna.

KJARAMÁL Hjúkrunarfræðingar felldu í gær kjarasamning með 88,4 prósentum greiddra atkvæða en kjörsókn var 84,8 prósent.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir niðurstöðuna ekki óvænta. „Miðað við það hvernig umræðan hefur þróast frá því að samningurinn var gerður. Það var enginn talsmaður fyrir því að samningurinn væri samþykktur, ekki einu sinni innan félagsins eða af hálfu þeirra sem undirrituðu samninginn sjálfan,“ segir Bjarni.

Ólafur G. Skúlason, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, hafnar því að enginn hafi talað fyrir samningnum hjá félaginu. „Með fullri virðingu fyrir fjármála- og efnahagsráðherra þá var hann ekki staddur á þessum 15 kynningarfundum um þennan samning þar sem við fórum yfir tækifærin sem í honum fólust sem og bókanir sem honum fylgja,“ segir Ólafur. Tekin hafi verið ákvörðun um að reyna að ná eins góðum samningi og hægt væri og leggja hann í dóm félagsmanna.

Ólafur telur nú réttast að setjast að samningaborðinu að nýju. Bjarni er ósammála því og segir málið mjög einfalt. Lögin mæli fyrir um að ef ekki takist samningar skuli gerðardómur kveða upp úr um kjör hjúkrunarfræðinga. „Nú er ljóst að ekki hafa tekist samningar og þá er það alveg skýrt í mínum huga að þá á gerðardómur að taka til starfa og starfa í samræmi við ákvæðið.“

Ólafur segir að Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga ásamt lögmanni þess túlki lögin með þeim hætti að ekki sé hægt að skipa gerðardóm. Samningur hafi verið undirritaður eins og lögin kveða á um, þótt hann hafi síðan verið felldur. Félagið muni höfða mál til að fá skipun dómsins hnekkt.

Bjarni telur þessa lagatúlkun „loftfimleika“. „Það á ekki að dyljast neinum sem kynnir sér frumvarpið sem var lagt fyrir þingið, umræður um frumvarpið og þann grundvöll, sem er undir þessum lögum, hver þingviljinn var í þessu máli og annað eru bara einhverjir útúrsnúningar,“ segir Bjarni.

Alls hafa 311 starfsmenn Landspítalans sagt upp störfum undanfarnar vikur, þar af yfir 250 hjúkrunarfræðingar.

Ólafur segist hafa miklar áhyggjur af því að fleiri uppsagnir muni fylgja í kjölfarið standi skipun gerðardóms, sem gæti komist að lakari niðurstöðu fyrir hjúkrunarfræðinga.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra segir framhaldið óljóst. „Við bíðum bara í sömu óvissunni áfram þar til að niðurstaða fæst fyrir gerðardómi. Í millitíðinni hef ég átt viðræður og fundi með forstjóra Landspítalans til þess að meta hvernig við því verði brugðist ef þessar uppsagnir standa og ekki næst viðunandi niðurstaða í gerðardómi.“

Lilja Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri skurðlækningasviðs Landspítalans og staðgengill forstjóra, segir að engin aðgerðaáætlun sé farin af stað til að bregðast við uppsögnum.

Verði þær ekki dregnar til baka muni það hafa ófyrirséðar afleiðingar fyrir starfsemi spítalans. „Spítalinn, í þeirri mynd sem hann er rekinn núna samkvæmt því skipulagi sem nú er, gengur ekki án þess að hafa alla þessa starfsmenn í vinnu. Þannig að frá okkar bæjardyrum séð sem hér vinnum og stýrum þarf að finna lausn á deilunni umfram allt,“ segir Lilja og bætir við: „Spítalinn má ekki við öðrum vetri þar sem allt verður undirlagt í vinnudeilum.“

fanney@frettabladid.is

Lagasetningin leysti ekki vandann

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Talsmenn stjórnarandstöðunnar eru uggandi yfir þeirri stöðu sem uppi er eftir að hjúkrunarfræðingar höfnuðu samningi sínum við ríkið.

„Eins og við vöruðum við þá gat lagasetning á verkföll aldrei leyst þetta mál og nú sitjum við eftir með vandann óleystan. Ríkisstjórn sem taldi það eðlilegt að bæta einum hópi úr samfélaginu fyrir gengisfall krónunnar verður að svara öðrum heilbrigðisstéttum því af hverju þær eiga ekki líka að fá bætur fyrir krónuna, og svo sem öðrum launamönnum líka,“ segir Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, tekur í sama streng. „Það heyrir upp á stjórnvöld að grípa til aðgerða til að verja okkar opinberu heilbrigðisþjónustu. Þó að lög á verkfallsaðgerðir hafi staðist fyrir rétti er ég þeirrar skoðunar að þetta hafi eigi að síður verið óskynsamleg og röng lagasetning fyrir stöðuna á vinnumarkaði í heild, en ekki síst fyrir stöðu velferðarkerfisins. Ég vona að sú verði ekki raunin en það eru þær áhyggjur sem ég held að flestir hafi haft þegar þessi lagasetning var rædd, að hún kynni að hafa mjög alvarlegar langtímaafleiðingar.“



SEGJA UPP Hjúkrunarfræðingar ætla í hart og munu stefna ríkinu á næstunni til að fá skipun gerðardóms hnekkt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHLEM

ÓLAFUR G. SKÚLASON

BJARNI BENEDIKTSSON

Formaður BHM segir að málið gæti verið þingfest í Hæstarétti á morgun:

BHM áfrýjar til Hæstaréttar

KJARAMÁL Bandalag háskólamanna (BHM) hyggst áfrýja dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, um að að ríkinu hafi verið heimilt að setja lög á verkfall BHM, til Hæstaréttar Íslands. BHM hefur sótt um flýtimeðferð vegna málsins.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, segir að von sé á svari við beiðni um flýtimeðferð í dag. Verði fallist á flýtimeðferð vonist hún til þess að málið verði þingfest fyrir Hæstarétti á morgun.

Ástráður Haraldsson, lögmaður BHM, dregur í efa að dómurinn standist fyllilega skoðun. „Mér sýnist að með dómnum sé leyst úr hlutum að því er varðar það sem íslenska ríkið taldi nauðsynlegt, að setja bann á verkföll allra félaganna. Mér finnst niðurstaða að því er varðar það ákaflega sérkennileg og ósannfærandi og ekki standast mjög vel lögfræðilega skoðun,“ segir Ástráður.

Hins vegar hafi mátt búast við því að málareksturinn yrði erfiður. „Það kemur í sjálfu sér ekkert á óvart og það er ekkert nýtt að við þessar aðstæður eigi stéttarfélögin á brattann að sækja og það snýst ekki nema að takmörkuðu leyti um lögfræði. Það snýst náttúrulega um það að það þarf ákaflega mikið til að koma að dómstólar haggi við því hvort að lög standist,“ segir Ástráður. - ih

Í HÉRÐASDÓMI Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, og Páll Halldórsson, formaður samninganefndar BHM, ganga út úr réttarsal í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Markhönnun ehf

nettó
Kræsingar & kostakjör

Grillum í sumar!

Nautahundir erlendar
nú 3.228 kr/kg
~~áður 3.798 kr/kg~~

40%

Grísakótilettur, Brasilíu
nú 1.199 kr/kg
~~áður 1.998 kr/kg~~

Kindahundir krydduðar
nú 2.960 kr/kg
~~áður 4.228 kr/kg~~

Kjúklingabringur í Miðjarðarhafsmarineringu
~~áður 2.384 kr/kg~~ - **nú 1.883 kr/kg**

35%

Lambakjúðar, grill, NÝ krydd
nú 779 kr/kg
~~áður 1.198 kr/kg~~

44%

Kjúklingalundir, 700 gr
nú 986 kr/pk
~~áður 1.761 kr/pk~~

Lambahryggur, 1/2 hundamegin, frosinn
~~áður 2.198 kr/kg~~ - **nú 1.692 kr/kg**

50%

Bökunarkartöflur, Frakkland
nú 98 kr/kg
~~áður 195 kr/kg~~

Tilboðin gilda 16. júlí – 19. júlí 2015

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

VEISTU SVARIÐ?

1. Hvað heitir geimfarið sem flaug fram hjá Plútó í gær?
2. Notkun hvernig bíla verður lögð af á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum?
3. Í hvaða landi komu fimm íslenskir flytjendur fram á Pohoda-hátíðinni?

SVÖR: **1.** New Horizons. **2.** Bekkjabíla. **3.** Slóvakíu.

Hjólin eru farin að snúast í aðdraganda kosninga í Bandaríkjunum og eru kappræður á næsta leiti:

Trump enn efstur eftir umdeild ummæli

BANDARÍKIN Auðjöfurinn Donald Trump mælist enn með mest fylgi meðal þeirra sem sækjast eftir útnefningu Repúblikanaflokksins til forsetaframboðs í Bandaríkjunum. Í nýrri könnun Suffolk University og USA Today kemur í ljós að Donald Trump nýtur sautján prósenta fylgis. Á hæla Trump koma Jeb Bush, fyrrverandi ríkisstjóri Flórída, með fjórtán prósent, og Scott Walker, ríkisstjóri Wisconsin, með átta prósent.

Trump hefur undanfarið farið mikinn í umræðu um ólöglega innflytjendur sem hann hefur sagt færa glæpi til Bandaríkjanna. Um síðustu helgi hitti hann til að mynda fjölskyldur þeirra sem ólöglegir innflytjendur frá Mexíkó hafa myrt. Útspil Trumps hefur vakið miklar deilur í Bandaríkjunum. Þó hefur það skilað honum miklu fylgi.

Fylgi Trumps kemur sér vel þar sem fyrstu kappræður forsetaframbjóðendaefna repúblíkana verða 6. ágúst næstkomandi og munu þar tíu af frambjóðendum repúblíkana, sem nú eru orðnir fimmtán talsins, etja kappi.

Þeir tíu sem njóta mesta fylgisins í meðaltali fimm skoðanakannana fá að stíga á stóra sviðið í ágúst í kappræðum sem fréttastofa Fox News heldur í samstarfi við internetrisann Facebook í Cleveland, stærstu borg Ohio. - **þea**

Á UPPLEIÐ Þrátt fyrir umdeild ummæli sækir Trump í sig veðrið í kosningabaráttunni vestanhafs. NORDICPHOTOS/GETTY

Meiri kostnaður fyrir eigendur fasteigna

Framkvæmdastjóri fasteignasölunnar Borgar segir ný lög um sölu fasteigna auka á kostnað fasteignaeigenda. Nýju lögin séu hins vegar skiljanleg þar sem fasteignasalar fari með aleigu fólks. Hún telur þó óþarfi að allir fari í tveggja ára nám.

VIÐSKIPTI Ný lög um sölu fasteigna mun þrengja að nýliðun í faginu, að mati Þóru Birgisdóttur, framkvæmdastjóra fasteignasölunnar Borgar. Með nýju lögunum er gerð sú grundvallarbreyting að einungis fasteignasalar hafa heimild til að sinna öllum helstu störfum sem varða milligöngu um fasteignaviðskipti. Þeir sem ætla að gerast fasteignasalar þurfa að stunda nám í fjögur misseri hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

„Til þess að komast inn í námið þarf að hafa unnið í tólf mánuði á fasteignasölu og hvað áttu að gera á fasteignasölu ef þú mátt ekki gera neitt?“ segir Þóra máli sínu til stuðnings.

Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félags fasteignasala, sagði í Fréttablaðinu í gær að nýju lögin fælu í sér að störf sölumanna fasteigna, þeirra sem ekki hafi löggildingu, væru úr sögunni. Þóra segir að það eigi eftir að koma í ljós hversu þröngt nýju lögin verði túlkuð. Hún segist telja að rétt væri að hafa fyrirkomulagið tvískipt. „Ég sé ekki þörf fyrir að það fari allir í gegnum þetta tveggja ára nám. Það mætti vera einhvers konar sex mánaða sölumannsnám þannig að við tryggjum að það fari enginn af stað sem hefur ekki fengið einhvern grunn,“ segir hún.

Þóra segir að nýju lögin muni ekki hafa mikil áhrif á Borg. „Við eigum því láni að fagna að hafa fleiri löggilta fasteignasala heldur en sölumenn og erum í því ferli að það eru þrír að fara í námið og einn langt kominn,“ segir Þóra. Á endanum muni því stærstur hluti starfsmanna vera löggiltir fasteignasalar. „Hins vegar megum við hafa aðstoðarmenn og við munum örugglega nýta okkur það.“

FASTEIGNIR Framkvæmdastjóri fasteignasölunnar Borgar segir að ný lög um sölu fasteigna hafi ekki verið sett að ástæðulausu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRIMARÍNÓ

Þóra segir að nýju lögin muni hafa meiri áhrif þar sem hlutfall löggiltra fasteignasala er lægra. Hún segist hafa skilning á nýju lögunum. „Það eru ástæður fyrir því að svona lög eru sett. Við erum að höndla með aleigu fólks og það er kannski svolítið glannalegt að aðilar hafi getað byrjað og vaðið inn í starfið án nokkurra takmarkana, eins og með fyrri lögum.“

Þóra býst við að þessar breytingar muni hafa aukinn kostnað í för með sér fyrir fasteignaeigendur. „Ég tel að þetta muni ýta þóknuninni upp. Og ég vil nú líka meina að það hafi verið búið að þrýsta henni ansi langt niður miðað við þá vinnu og tilkostnað sem við höfum af því að sinna þessu almennilega,“ segir Þóra.

> **Það eru ástæður fyrir því að svona lög eru sett. Við erum að höndla með aleigu fólks.**
>
> *Þóra Birgisdóttir, framkvæmdastjóri fasteignasölunnar Borgar*

jonhakon@frettabladid.is

Starfshópur um leikskóla að loknu orlofi leggur til fjölgun leikskólakennara:

Öll 12 mánaða börn í leikskóla

MENNTUN Starfshópur menntamálaráðuneytisins skilaði af sér skýrslu vegna þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi í gær.

Hópurinn kemst meðal annars að þeirri niðurstöðu að stefna stjórnvalda ætti að miða við það að bjóða öllum börnum leikskóladvöl frá tólf mánaða aldri en sá aldur miðast við þingsályktunartillöguna. Fæðingarorlof er níu mánuðir í dag og því væri enn gap á milli loka fæðingarorlofs og þess tíma sem barn getur hafið leikskólagöngu.

Starfshópurinn bendir á að til að ná settum markmiðum þurfi að fjölga leikskólakennurum til að geta mannað leikskóla með fagfólki.

Ljóst er að til þess að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla þarf að leggja fram umtalsvert fjármagn og ekki hafa öll sveitarfélög burði til þess. Því leggur hópurinn til að breytingin verið innleidd í áföngum og í upphafi verði miðað við að veita öllum börnum pláss á leikskóla við átján mánaða aldur.

LEIKSKÓLI Starfshópurinn veltir upp hugmyndum um sveigjanlegt innritunarkerfi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þá velti hópurinn upp þeim möguleika að tekið verði upp sveigjanlegt innritunarkerfi í leik- og grunnskóla án þess að skila beinum tillögum. Hópurinn bendir þó á mögulegar leiðir á borð við að innrita leik- og grunnskólanema tvisvar á ári. - **srs**

ÚTSALA

50% TIL

FRÁBÆR VERÐ

~~979~~ →	**490**
~~1.279~~ →	**640**
~~1.679~~ →	**840**
~~1.969~~ →	**985**
~~2.469~~ →	**1.235**
~~2.959~~ →	**1.480**
~~3.449~~ →	**1.725**
~~3.949~~ →	**1.975**
~~4.439~~ →	**2.220**
~~4.939~~ →	**2.470**
~~5.919~~ →	**2.960**
~~6.909~~ →	**3.455**
~~7.899~~ →	**3.950**

verð með 50% afslætti

FRÁBÆR VERÐ

~~979~~ →	**294**
~~1.279~~ →	**384**
~~1.679~~ →	**504**
~~1.969~~ →	**591**
~~2.469~~ →	**741**
~~2.959~~ →	**888**
~~3.449~~ →	**1.035**
~~3.949~~ →	**1.185**
~~4.439~~ →	**1.332**
~~4.939~~ →	**1.482**
~~5.919~~ →	**1.776**
~~6.909~~ →	**2.073**
~~7.899~~ →	**2.370**

verð með 70% afslætti

70%

AFSLÁTTUR

af útsöluvörum í fatnaði, skóm og heimilisvöru

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á

bilaland.is

ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN

NISSAN X-Trail Elegance
Nýskr. 02/06, ekinn 90 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 191860.

Frábært verð!
1.390 þús.

SUBARU Forester CS
Nýskr. 01/08, ekinn 76 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 1.790 þús.
Rnr. 282850.

TOYOTA Yaris Terra
Nýskr. 06/05, ekinn 183 þús. km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 690 þús.
Rnr. 191873.

BMW 5 520d xdrive
Nýskr. 06/14, ekinn 20 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 8.690 þús.
Rnr. 102876.

VW Caravelle T5 Trendline 4motion
Nýskr. 05/13, ekinn 78 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 6.900 þús.
Rnr. 191874.

VW Caravelle T5 Blue Motion
Nýskr. 05/13, ekinn 75 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 5.850 þús.
Rnr. 191875.

BMW X5 XDrive25d
Nýskr. 06/14, ekinn 4 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 11.290 þús.
Rnr. 191816.

bílaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
facebook.com/bilaland.is

ÖSKUFALL Árið 2011 varð eldgos í Grímsvötnum. Sauðfé drapst vegna öskufallsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Áföll og hamfarir ár eftir ár hjá bændum

Bændur eru ekki búnir undir ítrekuð áföll og fjárhagstjón. Fjárdauðinn í vor er enn óútskýrður. Fyrirséð að mun minna verður framleitt af lambakjöti í ár en síðustu ár. Bjargráðasjóður reynir eftir fremsta megni að bæta bændum tjónið.

LANDBÚNAÐUR „Nei, við ráðum ekki við þetta, það er bara þannig. Bændur eru ekki undir það búnir að takast á við svona ár eftir ár," segir Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssambands sauðfjárbænda. Endurtekin áföll hafa dunið á bændum síðastliðin ár með miklum afleiðingum.

Veður hafa almennt verið válynd. Ýmist hafa tún brunnið eða þau kalið. Fréttablaðið greindi í gær frá því að heyskapur væri ekki farinn af stað víða á Austurlandi vegna mikilla rigninga. Fyrirséð væri að fjárhagstjón bænda þar væri töluvert.

Þá höfðu eldgosin í Eyjafjallajökli árið 2010 og í Grímsvötnum árið 2011 mikil áhrif. Vorhret árið 2011 og óveður snemma hausts 2012 sömuleiðis. Fjárdauði og verkfall dýralækna í ár hefur svo haft mikið fjárhagstjón í för með sér.

„Með fjárdauðann núna, þá vitum við ekki almennilega hvað þetta er. Í sjálfu sér getum við ekki talið upp úr kössunum fyrr en í haust. Hjá sumum er þetta mikill fjöldi og hefur farið stigvaxandi," segir Þórarinn. Upp á síðkastið hafi bændur fundið stálpuð lömb dauð. Fækkun upp á tuttugu til þrjátíu prósent hefur orðið hjá sumum fjárbændum og það þýðir bara eitt: Minni framleiðsla verður á lambakjöti í haust en árin áður.

PÓRARINN INGI PÉTURSSON

SIGURÐUR EYÞÓRSSON

„Það er líka hægt að hafa á bak við eyrað að afurðaverð til bænda og kjötverð til neytenda hefur ekki fylgt neysluvísitölu undanfarin ár. Þetta gengur ekki svona til lengdar. Þegar áföllin bætast við líka og allur rekstrarkostnaður hækkar þá fáum við dæmið ekki til að ganga upp. Menn þurfa að ganga á eignir í staðinn fyrir að byggja sín bú upp," segir Þórarinn. „Ég á ekki von á því að Bjargráðasjóður ráði við að greiða mönnum þær bætur sem þeir þurfa," bætir Þórarinn við.

Bjargráðasjóður hefur fengið aukafjárveitingu frá ríkinu þegar stór áföll, eins og eldgosið 2011 og óveðrið 2012, hafa dunið yfir. Samkvæmt upplýsingum frá formanni sjóðsins, Sigurgeiri B. Hreinssyni, mun tíminn leiða í ljós hvort sjóðurinn bæti bændum fjártjónið í ár. Greining liggi ekki fyrir á ástæðum fjárdauðans.

Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, er bjartsýnn á gengi bænda, þrátt fyrir áföllin. „Þetta er ekkert auðvelt en ég held að við komumst yfir þetta eins og við höfum gert. Menn hafa mikla reynslu af því að kljást við svona áföll en þetta eru auðvitað nokkuð mörg áföll á stuttum tíma."

Hann segir bændur, eins og aðra í rekstri, gera ráð fyrir einhverju bakslagi. Ekkert geti þó búið menn undir svo síendurtekin áföll.

snaeros@frettabladid.is

Öskufall árin 2010 og 2011

Eldgosið í Eyjafjallajökli árið 2010 og eldgosið í Grímsvötnum ári síðar höfðu í för með sér gríðarlegt öskufall hjá bændum á Suðurlandi. Þykkt lag af ösku lagðist yfir öll tún á svæðinu svo lítið var fyrir skepnur að bíta.

Vegna Grímsvatnagossins þurfti að flytja búfé af bæjum. Afréttarlönd á Suðurlandi voru ónotæf og heyskapur nær vonlaus. Fjárhagstjón fólst meðal annars í því að kaupa þurfti mikið fóður í skepnurnar.

Ær deyja unnvörpum 2015

Óútskýrður fjárdauði hefur herjað á sauðfjárbændur allt þetta ár. Getgátur eru uppi um að hey séu ekki nógu góð en þó er það ekki algild skýring. „Fé sem hefur kannski verið á húsi í þrjá mánuði og á kjarnfóðri allan þann tíma er að deyja, það segir sig sjálft að það er ekki vondu heyi að kenna," segir Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda. Enn finnast lömb dauð. Víða hafa bændur misst tuttugu til þrjátíu prósent af hjörðinni.

Kindur grafnar úr fönn 2012

Tvö skæð óveður og kuldatíðir hafa sett svip sinn á landbúnaðinn síðastliðin ár. Vorhret í maí og júní árið 2011 var svo skætt að skepnur drápust úr kulda á túnum bænda.

Seinna óveðrið, og það alvarlegra, varð í september árið 2012. Þá höfðu bændur ekki smalað afrétt þegar snjó tók að kyngja niður. Á Norðurlandi þurftu bændur að eyða mörgum dögum við að grafa upp fé úr fönn, ýmist lifandi eða dautt.

Alþingi samþykkti aukafjárframlag til Bjargráðasjóðs vegna tjónsins sem af hlaust.

Skæð hestapest árið 2010

Árið 2010 kom upp hér á landi skæð hestapest sem lamaði algjörlega útflutning á hrossum um margra mánaða skeið. Tjónið hljóp á milljónum fyrir hvert bú fyrir sig og tamning stöðvaðist alveg.

Þá kom pestin niður á ferðaþjónustu. Í svari landbúnaðarráðherra á Alþingi kom fram að heildartjón hafi numið mörg hundruð milljónum króna.

Pestin lýsti sér sem veikindi í öndunarvegi hrossa, með tilheyrandi slími og kverkaskít.

Landsmóti hestamanna var frestað þetta ár, með tilheyrandi óþægindum og enn frekari kostnaði.

RAFLAGNADAGAR

Mikið úrval af innlagna- og rafmagnsefni á betra verði. Komdu við í Rafvörumarkaðinum við Fellsmúla og gerðu betri kaup.

OPIÐ
Mán. til fös. **kl. 9–18**
Laugard. **kl. 10–16**
Sunnud. **lokað í júlí**



Verð frá:
495 kr.
ROFAR OG TENGLAR
Utan á liggjandi
Litir: Hvítt og brúnt

Verð frá:
499 kr.
ROFAR OG TENGLAR
Innlagnarefni
Litir: Hvítt og Silfur

Verð frá:
995 kr.
ROFAR OG TENGLAR
Rakaþolnir. IP44

Verð frá:
2.569 kr.
HREYFISKYNJARAR

Verð frá:
179 kr.
BEYGJUR HÓLKAR OG DÓSIR
Rofadós, 3ja stúta, **kr. 295**
Loftdós, **kr. 345**
Patent-dós, **kr. 179**

Passar í **ítalskar BTicino** dósir

Verð frá:
195 kr.
INNLAGNAEFNI
Grindur frá **195 kr.**
Rammar frá **299 kr.**
Tenglar frá **595 kr.**
Rofar frá **422 kr.**

Verð frá:
4.930 kr.
GREINARTÖFLUR
Greinartafla á mynd, **kr. 7.965**

Verð frá:
64 kr. meter
ÍDRÁTTARVÍR
Mikið úrval af ídráttarvír og köplum

Verð frá:
1.706 kr.
INNLAGNAEFNI
3ja rofa með grind og ramma
Litir: Svart, hvítt, grátt og gyllt

Passar í **ítalskar BTicino** dósir

6.995 kr.
GREINARTAFLA, IP54
4x greinar, **kr. 6.995**
12x greinar, **kr. 11.852**

Verð frá:
699 kr.
CEE TENGLAR OG KLÆR

Verð frá:
1.295 kr.
NEOSET VARROFAR
Eins póla, **kr. 1.295**
Tveggja póla, **kr. 1.995**
Þriggja póla, **kr. 2.995**

Verð frá:
995 kr.
SJÁLFVÖR
Eins póla, **kr. 995**
Tveggja póla, **kr. 1.695**
Þriggja póla, **kr. 1.995**

Verð frá:
2.975 kr.
LEKASTRAUMROFI
Tveggja póla, 25A, **kr. 2.975**
Tveggja póla, 40A, **kr. 3.595**

RAFMAGNSVÖRUR
Á **LÆGRA** VERÐI

RAFVÖRUMARKAÐURINN

Líkaðu við okkur á Facebook

Rafvörumarkaðurinn við Fellsmúla | 108 Reykjavík | Sími: 585 2888

Hásumar á Ströndum

Náttúrufegurðin í Norðurfirði er mikil eins og annars staðar á Ströndum. Gamall bátur á fjörukambi, lamb á hafnarkanti og letilegt flug yfir fjörðinn þar sem við hefur rekið á land undir Reykjaneshyrnu, er meðal þess sem gefur að líta á sumardegi á Ströndum. Þokan læðist með Örkinni Reykjarfjarðarmegin. Bregði maður sér að bænum Munaðarnesi má sjá miðnætursólina dansa við Drangaskörð. *Stefán Karlsson* ljósmyndari fangaði stemninguna.

Sjúkraþjálfunin
SPORTHÚSINU

Býður Þóru Hugosdóttur og Elvar Leonardsson velkomin til starfa

Þóra Hugosdóttir

Elvar Leonardsson

Á stofunni starfa fyrir:
Ásdís Guðmundsdóttir, Elsa Sæný Valgeirsdóttir, Hildur Kristín Sveinsdóttir, Hólmfríður Þorsteinsdóttir, Karólína Ólafsdóttir, María Jónsdóttir og Sigrún Konráðsdóttir.

Þjónusta í boði:

Úrlausn og greining stoðkerfisvandamála
Heilsufarsmælingar
Fræðsla og ráðgjöf
Hreyfigreining

Hægt er að panta tíma í sjúkraþjálfun í síma 564 4067 eða senda póst á sjukrathalfunin@sporthusid.is

DEBENHAMS

Sumar

ÚTSALAN

Í FULLUM GANGI

50-70 %

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

Opið í dag frá 11:00 - 21:00

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Janet Yellen seðlabankastjóri segir að bjart sé fram undan í efnahagslífi Bandaríkjanna og stýrivextir verði hækkaðir síðar á árinu:

Seðlabankastjóri varar við afskiptum pólitíkusa

Janet L. Yellen, aðalbankastjóri seðlabanka Bandaríkjanna, varaði þingmenn við tillögum þess efnis að auka afskipti stjórnmálamanna af seðlabankanum. Slíkt myndi valda öllu hagkerfinu skaða.

Yellen ræddi þetta í skýrslu sem hún skrifaði fyrir fjárlaganefnd fulltrúadeildar Bandaríkjaþings í gær. Á vef The New York Times segir að þessi yfirlýsing Yellen sé til þess fallin að auka á spennu í samskiptum löggjafans og seðlabankans.

„Hversu góður hugur sem kann að vera að baki áformum um að auka gagnsæi, þá mega þær alls ekki koma í veg fyrir að bankinn geti mótað stefnu í þágu bandarískra fjölskyldna og fyrirtækja," sagði Yellen í skýrslunni

Yellen sagði að peningastefna seðlabankans hefði ekkert breyst á undanförnum vikum. Bankinn vænti þess enn að stýrivextir verði hækkaðir síðar á árinu, að því gefnu að hagvöxtur verði í takt við væntingar. „Þegar horft er til framtíðar þá er útlit fyrir jákvæða þróun á atvinnumarkaðnum og i efnahagslífinu í víðara samhengi," sagði Yellen við þingnefndina.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur að seðlabankinn eigi að bíða til næsta árs með að hækka vexti. Nokkrir úr bankastjórn seðlabankans eru sammála. Yellen sagði hins vegar í gær að stefna meirihluta bankastjórnarinnar hefði ekki breyst. Og hún gaf til kynna að útlit í efnahagsmálum væri betra en búist var við. Olíuverð lágt, vextir lágir, fleira starfsfólk ráðið í störf. Þá nytu Bandaríkin góðs af afleiddum áhrifum af aðgerðum sem ráðist hefur verið í í öðrum ríkjum til að örva hagvöxt.

- jhh

SEÐLABANKASTJÓRI Janet Yellen birti þingnefnd skýrslu sína í gær. Hún varar við afskiptum stjórnmálamanna af seðlabankanum. NORDICPHOTOS/AFP

Í SÖLU- OG MARKAÐSMÁL Vilborg Arna Gissurardóttir verður væntanlega eitthvað minna á hálendinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vilborg Arna Gissurardóttir tekst á við ný verkefni:

Pólfari til Sagafilm

Vilborg Arna Gissurardóttir, betur þekkt sem Vilborg pólfari, hefur verið ráðin sölu- og markaðsstjóri Sagafilm. Hún tekur við af Öldu Karenu Hjaltalín sem hefur nám í Háskóla Íslands haust.

„Ég hlakka til að ganga til liðs við öflugt og skapandi starfsfólk Sagafilm og takast á við ný og krefjandi verkefni," segir Vilborg í tilkynningu. Hún er með MBA-gráðu frá Háskóla Íslands og BA-gráðu í ferðamálafræðum.

Í tilkynningu frá Sagafilm segir að Vilborg hafi víðtæka reynslu í sölu- og markaðsmálum auk fjármögnun hinna ýmsu verkefna. Hún hefur einnig starfað sem stundakennari og unnið að fjölbreyttum ráðgjafarverkefnum.-jhh

Rúmir 28 milljarðar greiddir:

Avens-bréfið greitt upp

Ríkissjóður greiddi í gær upp eftirstöðvar svokallaðs Avens-skuldabréfs að fjárhæð 192 milljónir evra (rúmlega 28 milljarðar króna) auk vaxta. Upphaflegt nafnverð bréfsins var 402 milljónir evra og var það afborgunarbréf, gefið út árið 2010 með lokagjalddaga 2025.

Eftirstöðvar Avens-skuldabréfsins voru greiddar af gjaldeyrisinnstæðum ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands. Þær hafa vaxið nokkuð á árinu. Meðal annars vegna uppgreiðslu Arion banka á víkjandi lánum ríkissjóðs, samtals að fjárhæð um 20 milljarðar króna. - jhh

Byggingarefni lækkar í verði:

Meira keypt af byggingarefni

Meira var keypt af byggingarefni núna í júní en í sama mánuði árið áður. Rannsóknarsetur verslunarinnar telur aftur á móti að vöxtur á fyrri helmingi ársins hafi verið minni en tilefni hafði gefið til, með auknum umsvifum í hagkerfinu.

Vöxturinn í júní var 9,5 prósent frá fyrra ári en vöxtur í byggingavöruverslun fyrstu sex mánuði ársins var 2,4 prósent. Verðlag byggingavara lækkaði um 1,8 prósent frá júní í fyrra og kemur þar til lækkun virðisaukaskatts og niðurfelling vörugjalda um áramótin. Þetta sýna tölur Rannsóknarsetur verslunarinnar.

- jhh

Lífeyrissjóðirnir geti fjárfest erlendis í ár

Innlendir aðilar munu fá að fjárfesta í erlendum gjaldeyri fyrir áramót. Heimildin nemur samtals 10 milljörðum króna. Fyrrverandi formaður Landssamtaka íslenskra lífeyrissjóða segir það of lága fjárhæð. En góðir hlutir gerist hægt.

Seðlabanki Íslands tilkynnti í gær að fyrirhugað væri að veita lífeyrissjóðum ásamt öðrum innlendum vörsluaðilum séreignarlífeyrissparnaðar undanþágu frá lögum um gjaldeyrismál til að fjárfesta í erlendum gjaldeyri. Áður hafði verið ráðgert að veita þessa heimild eftir áramót.

Samanlagt munu þessir einstaklingar geta fjárfest fyrir 10 milljarða króna í erlendum gjaldeyri. Fjárfestingarheimildin kemur til með að skiptast milli þeirra með þeim hætti að annars vegar verður horft til stærðar sjóðanna, sem fær 70% vægi, og hins vegar verði horft til hreins innstreymis í sjóðina, sem fær 30% vægi. Í tilkynningu á vef lífeyrissjóðanna segir að útreikningurinn byggi á upplýsingum úr nýjustu ársreikningabók Fjármálaeftirlitsins um lífeyrissjóði. Það er tölum frá árinu 2013. Mun undanþága miðast við að heimild hvers aðila gildi til loka þessa almanaksárs.

Seðlabankinn segir að gjaldeyrisinnstreymi að undanförnu og minni óvissa um þróun greiðslujafnaðar í framhaldi af setningu laga á Alþingi, sem lúta að uppgjöri búa fallinna fjármálafyrirtækja og kynningu áforma varðandi svokallaðar aflandskrónur síðar á yfirstandandi almanaksári, skapi svigrúm til fjárfestinga lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar í fjármálagerningum útgefnum í erlendum gjaldeyri.

Í slíkum fjárfestingum felist þjóðhagslegur ávinningur þar sem lífeyrissjóðunum er gert mögulegt að bæta áhættudreifingu í eignasöfnum á sama tíma og dregið er úr uppsafnaðri erlendri fjárfestingarþörf lífeyrissjóðanna þegar fjármagnshöft verða leyst. Þar með er dregið úr hættu á óstöðugleika í kjölfar losunar fjármagnshafta.

Gunnar Baldvinsson, fyrrverandi formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, segist mjög ánægður með að þessi heimild hafi verið veitt. „Og vonast til þess að þetta sé bara fyrsta skrefið til þess að sjóðirnir geti fjárfest erlendis og dreift áhættu. Þetta er lágmarksfjárhæð sem ég vonast til að geti hækkað í framtíðinni," segir Gunnar. Hann segir að í skýrslu sem Landssamtök lífeyrissjóða gáfu út í nóvember hafi komið fram það álit Landssamtakanna að þau teldu að lífeyrissjóðirnir þyrftu tíu milljarða á ári til að viðhalda núverandi hlutfalli af erlendum eignum, sem væri vel að merkja of lágt.

AFNÁM HAFTA KYNNT Í vor var búist við að ekki yrði hægt að heimila lífeyrissjóðunum að fjárfesta í erlendum gjaldeyri fyrr en eftir áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég skil vel að Seðlabankinn og stjórnvöld vilji taka eitt skref í einu. Góðir hlutir gerast hægt.

Gunnar Baldvinsson, fyrrverandi formaður Landssamtaka lífeyrissjóða

„En ég skil vel að Seðlabankinn og stjórnvöld vilji taka eitt skref í einu. Góðir hlutir gerast hægt," segir Gunnar í samtali við Fréttablaðið. jonhakon@frettabladid.is

Í júní voru liðin 55 ár frá því að Litla kaffistofan var opnuð við Suðurlandsveg. Úrklippusýning vekur athygli á meðal gestanna:

Byrjaði að safna íþróttamyndum 10 ára gamall

Litla kaffistofan á Suðurlandsvegi varð 55 ára í byrjun júní. Stefán Þormar Guðmundsson, sem rekur kaffistofuna, segir að undanfarið hafi margir komið til að skoða sýningu sem hann setti upp með úrklippum af íþróttasíðum dagblaðanna.

Stefán Þormar segir að í dag komi margir til að sjá úrklippusýninguna sem er inni á safninu. „Það átti aldrei að verða neitt merkileg sýning, en ég byrjaði að safna myndum og setti upp á vegg. En það eru ótrúlega margir sem koma af því að þeir hafa heyrt af þessu og vilja skoða," segir Stefán.

Á sýningunni eru knattspyrnumyndir úr dagblöðum með stiklum úr knattspyrnusögunni. Stefán Þormar segist hafa byrjað að safna úrklippum úr dagblöðum þegar hann var tíu ára gamall, árið 1956. „Svo eru byrjuð að berast flögg frá erlendum liðum sem ég hengi upp," segir Stefán.

Stefán Þormar segir að enn þann dag í dag gangi reksturinn ágætlega. „Við eigum erlendum ferðamönnum mikið að þakka þótt uppistaðan sé Íslendingarnir," segir Stefán. Hann segir að gestir komi víða að. „Það er öll flóran í þjóðfélaginu. Margir sumarbústaðaeigendur sem fara i bústaðina sína. Menn sem vinna fyrir austan fjall og eru að fara til Reykjavíkur koma á morgnana. Og svo öfugt, Reykvíkingar sem vinna fyrir austan fjall, koma til okkar," segir hann.

Litla kaffistofan var stofnuð þann 4. júní árið 1960 og segir Stefán Þormar að staðurinn sé að mestu leyti óbreyttur síðan þá. „Það hefur aðeins verið byggt við hana. En það er engin glerhöll og ég held það standi ekki til að gera það. Þetta er bara vinalegur staður með góðar vættir allt í kringum okkur," segir Stefán. - jhh

Á KAFFISTOFUNNI Stefán Þormar safnar úrklippum af íþróttasíðum blaðanna sem gestir geta skoðað þegar þeir heimsækja hann. NORDICPHOTOS/AFP



Í dag 16. júlí verður Epal 40 ára og við ætlum að fagna því í heilt ár - því allt er fertugum fært. Gleðin byrjar því í dag og heldur áfram með skemmtilegum og áhugaverðum uppákomum í hverjum mánuði afmælisárið á enda. Fylgstu með og fagnaðu með. Við hlökkum til að sjá þig!

Skeifan 6 / Harpa / Kringlan / 5687733 / www. epal.is

Afmælishátíðin hefst í dag í Skeifunni 6!

Sérstök afmælisútgáfa
af Vaðfugli eftir Sigurjón Pálsson verður afhjúpuð og höfundur áritar seld eintök.

Plakatasýning
þar sem 12 hönnuðir og listamenn sem tengjast Epal sýna hvernig þeir sjá okkur fyrir sér í framtíðinni.

SKOÐUN

Ástand heilbrigðismála er á ábyrgð ráðamanna:

Sárt svíður undan sviknum loforðum

Engum blöðum er um það að fletta að ástandið í heilbrigðismálum þjóðarinnar er grafalvarlegt. Nokkur hundruð hjúkrunarfræðingar hafa sagt upp störfum á Landspítalanum. Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, hefur sagt að byggja þurfi upp kerfið og nóg af öflugu starfsfólki sé lykilatriði. Hér á landi, vel að merkja, ekki í Noregi þar sem mikið af því góða starfsfólki sem nú starfar á spítalanum verður í vinnu í vetur. Forstjórinn og ráðamenn hafa líka sagt að nauðsynlegt sé að sátt náist um kjör stéttarinnar.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladi.is

Kannski er sáttina um kjör hjúkrunarfræðinga að finna hjá ráðamönnum, en hjúkrunarfræðingar sýndu það í verki í gær að hjá þeim er hana ekki að finna. Um 88% þeirra felldu kjarasamning og allt stefnir í að launadeilan fari fyrir gerðardóm. Viðbrögð Kristjáns Þórs Júlíussonar, ábyrgðarmanns heilbrigðismála, eru á þá leið að líklega þurfi að flytja inn erlenda hjúkrunarfræðinga. Og Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra, maðurinn sem ber ábyrgð á kjörum hjúkrunarfræðinga, segir að málið eigi bara að fara í gerðardóm.

Kristján og Bjarni eru báðir í Sjálfstæðisflokknum. Fyrir síðustu kosningar gaf sá flokkur eftirfarandi út, til að fá sem flesta til að kjósa sig, en út á það gengur kosningastefnuskrá:

„Mikilvægt er að auka gegnsæi og breyta forgangsröðun við fjárveitingar til endurskipulagningar og uppbyggingar á heilbrigðiskerfinu í þágu sjúklinga og starfsfólks.“

Og til að skýra málið enn frekar var vitnað í álykun velferðarnefndar síðasta landsfundar flokksins:

„Leggja verður ríka áherslu á breytta forgangsröðun varðandi fjárveitingar til endurskipulagningar og uppbyggingar á heilbrigðiskerfinu í þágu sjúklinga og með bættu starfsumhverfi og kjörum heilbrigðisstétta.“

Nú má vel vera að sjálfstæðismenn hafi aðeins verið að ræða um kjör lækna, en ekki annarra heilbrigðisstétta, en það hefði verið betra að vita það fyrir kosningar.

Ríkisstjórnin setti sér líka stefnu í heilbrigðismálum. Þar er sagt brýnt að vinna að langtímastefnumótun heilbrigðiskerfisins með eðlilegu samráði við fagfólk heilbrigðisstarfsfólks og það verður áhugavert að sjá hvað kemur út úr þeirri vinnu, sem hlýtur að vera vel á veg komin. Þar segir líka:

„Íslenskt heilbrigðiskerfi verður að vera samkeppnisfært við nágrannalönd um tækjakost, aðbúnað sjúklinga og aðstæður starfsmanna.“

Það er morgunljóst að íslenskt heilbrigðiskerfi er ekkert af því sem ríkisstjórnin lofaði að það yrði í stefnuyfirlýsingu sinni sem samin var af þeim Bjarna og Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni í vorblíðunni á Laugarvatni fyrir tveimur árum.

Ábyrgðina á því ástandi sem ríkir í heilbrigðismálum bera stjórnmálamenn svikalaust. Ekki bara þeir sem nú sitja við völdin, líka þeir sem árum og áratugum saman leyfðu ástandinu að þróast þannig að vel menntað og hæft starfsfólk flýr land. Þeir sem nú eru við stjórnvölinn eiga hins vegar að standa við það sem þeir lofuðu.

Ef þjóðfélagið fer á hliðina við að hjúkrunarfræðingar hafi mannsæmandi laun, þá á einfaldlega ekki að lofa slíku fyrir kosningar. Loforð sem ekki á að standa við, eða lygar, hafa nefnilega afleiðingar og undan þeim svíður.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Travel John ferðaklósett leysa málið

Fyrirferðalítil, létt, einföld og hreinleg í notkun. Engin kemísk efni, engin þrif, aðeins tvöfaldur poki með efni sem gerir vökva að geli og eyðir lykt. Pokanum er lokað eftir notkun, einfaldara verður það varla. Pokana má nota í venjuleg ferðaklósett til að losna við að þrifa þau.

TravelJohn

Travel John pokar fyrir þvag eða uppköst gelgera vökvann og eyða lykt. Verð 3 stk. í pakka kr. 1.280,- Klósettpokar 3 stk. í pakka kr. 1.370,- Klósettstóll kr. 6.820,- Tilboð ásamt 3 pökkum af pokum kr. 8.500,- fæst hjá Donnu, Móhellu 2, Hafnarfirði. Póstsendum.

Ný vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: donna ehf

Donna
Sími 555 3100 www.donna.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Vond afmælisgjöf

Það var ekki beinlínis draumaafmælisgjöfin sem Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra fékk á afmælisdaginn sinn í gær, þegar hann varð 58 ára. Ákaflega erfið deila hjúkrunarfræðinga og íslenska ríkisins fór aftur á byrjunarreit þegar þeir fyrrnefndu kolfelldu kjarasamning í atkvæðagreiðslu. Og niðurstaðan því væntanlega ávísun á flóknari úrlausnarefni næstu daga og vikur en ellegar hefði verið. Þá er bara að vona að aðrar gjafir til ráðherrans hafi glatt meira. Og til hamingju með gærdaginn, Kristján.

Úrræðagóður þingmaður

Það mátti svo sem alveg búast við því að fólk kepptist við það að hneykslast á fyrirhugaðri byggingu Landsbankans við Austurhöfn. Enda nýtt hús rándýr framkvæmd og lóðarleigan ekki gefins. Sumir láta sér ekki nægja að hneykslast heldur koma með tillögur á móti. Þeirra á meðal er Frosti Sigurjónsson þingmaður sem leggur til að Landsbankinn komi sér fyrir í Kópavogi. Mikið hefði verið ánægjulegt ef forverar Frosta á þingi hefðu verið jafnséðir og hann þegar bygging Hörpunnar var á umræðustiginu fyrir nokkrum árum. Opinber bygging sem er margfalt dýrari en nýbygging Landsbankans og verður ekki greidd upp alveg á næstunni.

Áætlunum flýtt

Efnahagssvið Samtaka atvinnulífsins sendi Seðlabankanum skeyti um daginn í gegnum fjölmiðla. Í erindi sínu mæltust Samtök atvinnulífsins til þess að Seðlabankinn heimilaði lífeyrissjóðunum (og öðrum innlendum aðilum) að fjárfesta erlendis fyrr en áætlað var. Áætlunin gerði upphaflega ráð fyrir að slík heimild yrði gefin eftir áramót. Hvort sem það var fyrir áeggjan Samtaka atvinnulífsins, eða af öðrum ástæðum, þá er ljóst að Seðlabankinn hefur slegið til og ákveðið að flýta fyrirætlunum sínum.



jonhakon@frettabladid.is

HALLDÓR

Hafnarfjörður

BÆJARMÁL

Guðlaug Kristjánsdóttir
bæjarfulltrúi Æ-listans í Hafnarfirði

Einar Birkir Einarsson
bæjarfulltrúi Æ-listans í Hafnarfirði

Í lok júní var úttekt á rekstri og stjórnsýslu Hafnarfjarðar birt á vef bæjarins. Þessi greining er afar ítarleg og birt í anda opinnar stjórnsýslu til þess að auðvelda íbúum aðgengi að upplýsingum. Tilgangur úttektarinnar var tvíþættur, annars vegar að fá greinargott yfirlit yfir starfsemi og þjónustu og hins vegar að leita leiða til að bæta slæma fjárhagsstöðu bæjarins.

Greiningunni fylgja tillögur skýrsluhöfunda sem myndu, ef allar næðu fram að ganga, auka svigrúm í bæjarrekstrinum um 900 milljónir, sem svarar til 5% af heildarumfangi. Fram undan er nú úrvinnsla þessara tillagna með aðkomu bæjarstjórnar, starfsfólks og íbúa í bænum og markmiðið er að sú vinna skili bættri afkomu að andvirði 5-600 milljóna á ársgrundvelli, sem mun gera okkur kleift að snúa vörn í sókn í rekstri bæjarins. Breytingar á stjórnskipulagi sem samþykktar voru í bæjarstjórn í júní mörkuðu upphaf þessa ferlis, sem mun svo halda áfram af fullum krafti í haust. Höfuðmarkmið þessarar vinnu er að nýta fjármagn betur og um leið að veita betri og skilvirkari þjónustu.

Auk heildstæðrar greiningar á starfsemi Hafnarfjarðar kom nýverið út sérstök úttekt á rekstri, fjármálum og stjórnsýslu Hafnarfjarðarhafnar, sem einnig má sjá á vef bæjarins og verður nýtt til grundvallar stefnumótun í starfsemi og rekstri hafnarinnar.

Úttekt á samningum bæjarins við íþróttafélög, vegna uppbyggingar og reksturs íþróttamannvirkja og niðurgreiðslukerfis til bæjarbúa vegna tómstundavirkni barna, hefur jafnframt litið dagsins ljós og verið birt. Þverpólitískur vilji er til að breyta formi og framkvæmd styrkja til tómstundastarfs og mun greiningin koma í góðar þarfir við þá vinnu.

Björt framtíð leggur áherslur á mikilvægi þess að fá fram staðreyndir og meta niðurstöður greininga á hlutlægan hátt með aðkomu sem flestra. Birting ofannefndra úttekta auðveldar að okkar mati bæjarbúum að fá yfirsýn yfir þá þjónustu sem veitt er, sem og að hafa áhrif á breytingar á henni til framtíðar.

Álit óháðs aðila á stöðu mála er að okkar mati nauðsynlegur grunnur til að hefja samtal – góður upphafspunktur. Næstu skref byggja síðan á upplýstri umræðu og skoðanaskiptum sem verða því betri eftir því sem fleiri taka þátt. Saman getum við gert góðan bæ betri.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Þjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Grikkland, Þýzkaland, ESB

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
hagfræðiprófessor

Grikkir gengu í ESB 1981. Landið var þá fátækt og að ýmsu leyti frumstætt. Aþenu svipaði þá að ýmsu leyti frekar til sumra Afríkuborga en Evrópuborga. Aðeins sjö árum fyrr, 1974, höfðu Grikkir hrundið af höndum sér einræðisstjórn. Herforingjarnir sem höfðu rænt völdum í landinu 1967 sátu sumir enn bak við lás og slá. Grikkir kunna að taka til hjá sér þegar mikið liggur við.

Stakkaskipti

Höfuðrök þeirra sem kusu aðild Grikkja að ESB voru þau að með aðild gæti Grikkland hraðað för sinni inn í meginstraum lýðræðis, hagsældar og velferðar að evrópskum sið og upprætt ýmsar landlægar meinsemdir með aðstoð að utan. Það tókst bærilega í ýmsum greinum. Grikkland tók stakkaskiptum. Kaupmáttur þjóðartekna á mann í Grikklandi 1990 nam rösklega þrem fjórðu af kaupmætti þjóðartekna á mann í Finnlandi til viðmiðunar og hlutfallið var óbreytt 2009. Grikkir héldu m.ö.o. sama dampi og Finnar í efnahagslegu tilliti 1990-2009. Hvorugu landinu varð sýnilega meint af evrunni sem Finnar tóku upp 1999 og Grikkir 2001.

Kannast nokkur við þetta?

Ýmislegt vantaði þó á að Grikkjum gengi sem skyldi. Grikkir stóðu ólíkt Finnum á veikum og vanræktum grunni. Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikklands, lýsti vandanum vel í ræðu sinni í Evrópuþinginu á dögunum þegar hann sagði:

„Ég er ekki einn þeirra stjórnmálamanna sem kenna „vondum útlendingum“ um ófarir lands míns. Grikkland rambar á barmi greiðsluþrots þar eð fyrri ríkisstjórnir landsins gerðu landið að rentusóknarríki árum saman, muldu undir spillingu, umbáru og ýttu undir náið samneyti sérhagsmuna í stjórnmálum og viðskiptum og létu umfangsmikil skattsvik óáreitt.“

Land sem svo var ástatt fyrir var ekki líklegt til að fara vel með allt það lánsfé sem streymdi þangað inn að utan árin fram að 2008 þegar efnahagslíf Bandaríkjanna og margra Evrópulanda fór út á yztu nöf vegna óráðsíu í bankamálum.

Samábyrgð ESB

Fráleitt væri að halda því fram að Grikkir beri enga ábyrgð á óförum sínum. Grískir kjósendur kusu stjórnmálamenn og flokka sem keyrðu Grikkland nánast í þrot. Spillingin i stjórnmálum og viðskiptum teygir anga sína um allt þjóðlífið.

Ábyrgðin liggur þó víðar. Þjóðverjum, Frökkum og öðrum forustuþjóðum ESB bar að bregðast við óskum grískra kjósenda um hraðferð inn í meginstraum evrópskra stjórnmála með því að veita grískum stjórnvöldum aðhald. Allir máttu vita að ríkisbókhald Grikkja var ekki rétt. Gríski hagstofustjórinn á samt yfir höfði sér fangelsisdóm fyrir að hafa leiðrétt bókhaldið til samræmis við grísk og evrópsk lög. Allir vissu um forréttindadekrið, spillinguna og skattsvikin. ESB hefði með lagni átt að beina Grikklandi inn á rétta braut en gerði það ekki. Þjóðverjar hafa það þó sér til málsbóta að átta árum eftir inngöngu Grikklands í ESB hrundi Berlínarmúrinn og ESB stóð þá frammi fyrir inngöngu Austur-Evrópuríkjanna í ESB. Það var brýnt verkefni. En ESB á að geta haft fleiri bolta en einn á lofti í einu. Þarna brást Þjóðverjum og Frökkum bogalistin. Við bættist að ESB sá ekkert athugavert við ótæpilegar lánveitingar þýzkra og franskra banka til Grikklands eins og enginn væri morgundagurinn. ESB svaf á verðinum eins og reyndar Bandaríkjastjórn gerði líka.

Alvarlegasta skyssa Þjóðverja var þó sú að þýzka stjórnin tók forustu fyrir þríeyki ESB, AGS og Seðlabanka Evrópu í samningum við Grikkland um lausn á skuldavanda landsins og beitti mikilli hörku. AGS varaði við afleiðingum of mikils niðurskurðar í ríkisfjármálum úr því að ekki var hægt að bregðast við niðurskurðinum með vaxtalækkun til mótvægis þar eð Grikkland er evruland, en Þjóðverjar féllust ekki á röksemdir sjóðsins. Við bættist að sjóðurinn reiknaði skakkt í byrjun, hann vanmat afleiðingar niðurskurðarins og baðst forláts á mistökunum, en þýzka ríkisstjórnin situr við sinn keip og hefur enga slíka auðmýkt sýnt enn sem komið er.

Þýzka ríkisstjórnin ætti í ljósi sögunnar að skilja öðrum betur að á enga þjóð má leggja þyngri byrðar en hún getur borið. Þýzkum stjórnmálamönnum fer ekki vel að vanda um við Grikki með því að hamra á að þeir verði hvað sem það kostar að standa full skil á skuldum ríkisins svo að ríkisstjórnir Grikklands í framtíðinni gangi ekki á lagið. Hitt skiptir einnig máli að þýzka ríkisstjórnin átti frumkvæði að uppgjöri við þýzka banka og aðra vegna skulda Grikklands til að leysa þá úr snörunni með mun hóflegri klippingu en hefði þurft eins og ég lýsti hér á þessum stað 2. júlí sl. Klippingin var rausnarleg, rétt er það, en hún dugði samt ekki til eins og AGS hefur nú viðurkennt. Þýzka ríkisstjórnin hefði mátt vanda einnig um við þýzku bankana svo þeir gangi ekki á lagið.

Nú liggur loksins fyrir samningur um að halda Grikkjum innan ESB og evrusamstarfsins eins og þeir kjósa helzt sjálfir. Það spillir áliti ESB og Þýzkalands að svo mjóu hafi munað að málið leystist ekki í tæka tíð. Það er eins og söguskynið hafi brostið og dýrmætar lexíur fortíðarinnar hafi gleymzt líkt og gerðist í Bandaríkjunum eftir 1990. ESB þarf einnig að taka sér tak.

> Ábyrgðin liggur þó víðar. Þjóðverjum, Frökkum og öðrum forustuþjóðum ESB bar að bregðast við óskum grískra kjósenda um hraðferð inn í meginstraum evrópskra stjórnmála með því að veita grískum stjórnvöldum aðhald.

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á **greinar@visir.is** og við komum henni á framfæri hið snarasta.

www.renault.is

EIGUM RENAULT 16/17 MANNA
TIL AFGREIÐSLU STRAX

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
ENNEMM / SÍA / NM70036

RENAULT MASTER MINI BUS
16/17 MANNA – DÍSIL, BEINSKIPTUR
VERÐ: 7.580.000 KR. TIL HÓPFERÐALEYFISHAFA
Eyðsla 8,1 l/100 km*

RENAULT

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

Nú skammast menn sín fyrir umsóknina að ESB

EVRÓPUMÁL

Jón Bjarnason
formaður Heimssýnar og fyrrverandi ráðherra

➜ Valdið til að grípa inn í var framselt til stofnana Evrópusambandsins sem alls ekki reynast færar um að takast á við slíka stöðu.

Gríska þjóðin er í spennitreyju Evrópusambandsaðildar. Mistökin hjá Grikkjum voru í upphafi að gerast aðili að Evrópusambandinu. Önnur mistök voru að taka upp evru sem gjaldmiðil án þess að geta það í raun og fórna þar með efnahagslegu sjálfstæði sínu og réttinum til að bregðast við á eigin forsendum.

Ógæfa Grikkja

Grikkir eiga nú fárra kosta völ. Sitji maður fastur, sokkinn í fenið, dugar skammt að draga sjálfan sig upp á hárinu. Best er til framtíðar að ræsa burt og þurrka upp fenið og segja sig úr Evrópusambandinu.

Í skjóli laga og reglna Evrópusambandsins var grísku þjóðinni komið í þá erfiðu stöðu sem þeir eru nú í. Það var ljóst fyrir nokkrum árum að stefndi í hreinan ófarnað hjá gríska ríkinu. Valdið til að grípa inn í var framselt til stofnana Evrópusambandsins sem alls ekki reynast færar um að takast á við slíka stöðu. Það eina sem Evrópusambandið getur boðið eru hertar sultarólar almennings, svipuhögg og hótanir en kapítalið og valdið vilja fá sitt.

Gæfa Íslendinga

Mér verður hugsað til okkar Íslendinga, hvernig við værum staddir ef við hefðum gerst aðilar að ESB og tekið upp evru. Það var í skjóli regluverks Evrópusambandsins sem allt fór úr böndum hér á landi og útrás banka og fjármálafyrirtækja hófst.

Sem betur fór stóðum við utan Evrópusambandsins, með okkar eigin mynt og réttinum til að setja okkur lög. Þar skilur milli okkar og Grikkja. Værum við í ESB hefðum við ekki getað sett neyðarlögin, ekki sett á gjaldeyrishöft til að vernda eigin mynt og efnahag. Við gátum sett okkar eigin lög um endurgreiðslur kröfuhafanna til ríkisins, eins konar skaðabætur fyrir það tjón sem þeir ollu íslenskum efnahag, það tjón sem unnið var í skjóli reglna frá ESB sem við vorum skylduð til að innleiða.

Framsalssinnar

Vissulega settu Bretar á okkur hryðjuverkalög í skjóli ESB og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Greiðsla Icesave og afhending bankanna til kröfuhafa áttu að liðka fyrir umsókninni að ESB árið 2009. Um mitt ár 2011 var hins vegar ljóst að umsóknin og samningar um inngöngu í ESB var strand vegna krafna ESB um að Ísland gæfi upp á bátinn eigin lög og stofnanaumgjörð í landbúnaði, dýraheilbrigðismálum og framseldu forsjá fiskimiðanna til ESB.

ESB hafði verið blekkt til að taka við umboðslausri inngöngubeiðni sumarið 2009. Ég er stoltur af mínum hlut í að stöðva inngönguferlið í ESB á þeim tíma. Þegar kröfur ESB lágu á borðinu er þeim mun undarlegra að enn skyldi vera til hópur stjórnmálamanna, heilir flokkar á Alþingi sem vildu halda áfram umsókninni, vegferðinni inn í ESB.

Ólíkindi

Nú síðast í vor var forysta fjögurra stjórnmálaflokka á Alþingi enn blinduð í ESB-trúnni. Formenn Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata fluttu tillögu um framhald umsóknarinnar sem þeir þó vissu að var stopp vegna krafna frá ESB og fyrirvara frá Alþingi sem ekki var heimilt að víkja frá.

Nú þegar við heyrum stöðu Grikkja og samskiptin við ESB er með hreinum ólíkindum að nokkrum heilvita íslenskum stjórnmálamanni skuli hafa dottið í hug að leggjast á hnén og biðja um inngöngu í ESB sumarið 2009. Tökum gilda þá afsökun þeirra að hafa ekki vitað hvað þeir voru að gera. Þá er nú kominn tími fyrir forystumenn ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur að biðjast fyrirgefningar á því voðaverki, þeirri yfirsjón sem Evrópusambandsumsóknin var.

Biðjist afsökunar og styðjið Grikki!

Í ljósi hörmulegrar stöðu Grikkja er enn ríkari ástæða til að allir stjórnmálaflokkar sameinist um þann skilning að umsókn Íslands um aðild að ESB sé afturkölluð og engin áform um að sótt verði um aðild að nýju. Það er ekkert til sem heitir „að kíkja í pakkann“ hjá ESB. Það fá nú Grikkir að reyna. Þeir stjórnmálamenn sem sóttu um inngöngu í ESB annaðhvort af fávisku eða barnslegri forvitni til „að kíkja í pakkann“ ættu að hafa kjark til þess að biðja kjósendur sína og þjóðina fyrirgefningar, afturkalla tillöguna á Alþingi um framhald inngöngubeiðninnar og standa að þeirri kröfu að umsóknin frá 2009 sé ótvírætt afturkölluð. Það eru í raun bestu skilaboð sem íslenskir stjórnmálamenn og þjóðin öll geta sent grísku þjóðinni og hvatt hana þar með til að endurheimta sjálfstæði sitt og sjálfsforræði og segja sig úr ESB.

Stöðugleikaskilyrði eða skattur

EFNAHAGSMÁL

Einar Hugi Bjarnason
hæstaréttarlögmaður.

➜ Ef ekki verður búið að ljúka nauðasamningum, sem rúmast innan stöðugleikaskilyrða, í árslok 2015 leggst 39% stöðugleikaskattur á heildareignir slitabúa. Um þetta verður ekki samið og enginn afsláttur gefinn.

Stærsti hluti aðgerðaáætlunar ríkisstjórnarinnar um losun fjármagnshafta tekur til slitabúa föllnu bankanna en heildarumfangið í þeim þætti málsins einum er um 900 milljarðar króna. Í kynningu á áætluninni vakti sérstaka athygli að fram kom að stærstu kröfuhafar slitabúanna hafi þegar lýst því yfir að þeir vilji ganga að svonefndum stöðugleikaskilyrðum. Þetta eru stórtíðindi og mikið fagnaðarefni að nú hilli loks undir lok fjármagnshaftanna.

Trúverðug aðgerðaáætlun

Að mínu mati er ein meginástæða þess að málin þróuðust með þessum jákvæða hætti sú hversu skýr, gagnsæ og ófrávíkjanleg áætlun stjórnvalda varðandi slitabúin er í raun. Kröfuhafar gerðu sér grein fyrir að öll framvinda málsins var á forræði stjórnvalda sem settu fram tvo skýra valkosti; ófrávíkjanleg stöðugleikaskilyrði eða stöðugleikaskatt – gulrót eða kylfu eins og einhverjir hafa kosið að nefna þessa kosti. Klókindin felast svo í fyrirsjáanleikanum varðandi framhald málsins. Ef ekki verður búið að ljúka nauðasamningum, sem rúmast innan stöðugleikaskilyrða, í árslok 2015 leggst 39% stöðugleikaskattur á heildareignir slitabúa. Um þetta verður ekki samið og enginn afsláttur gefinn. Trúverðug áætlun sem er þessum kostum búin var forsenda þess að mögulegt væri að leysa vanda slitabúanna með skilvirkum hætti.

Vandað frumvarp til laga um stöðugleikaskatt

Eftir að hafa kynnt mér frumvarp til laga um stöðugleikaskatt kemur ekki á óvart að stór hluti kröfuhafa hafi lýst yfir vilja sínum til að semja við stjórnvöld. Mjög hefur verið vandað til verka við smíði frumvarpsins og hugað hefur verið að þeim grundvallaratriðum að skatturinn sé lagður á eftir almennum efnislegum mælikvarða, jafnræðis sé gætt og skattþegnum sé ekki mismunað.

Fleiri atriði skipta máli við mat á stjórnskipulegu gildi skattlagningar. Þannig varðar miklu hvert sé markmið viðkomandi lagasetningar, hvers eðlis skattur er og við hvaða aðstæður lög eru sett. Það eru einmitt þessi atriði sem eru helstu styrkleikar frumvarpsins um stöðugleikaskatt. Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er markmið þess að stuðla að losun fjármagnshafta með efnahagslegan stöðugleika og almannahag að leiðarljósi. Tilgangur skattsins er þannig ekki sá að afla ríkissjóði tekna til þess að standa undir útgjöldum heldur að draga umtalsvert úr áhættunni sem felst í slitum búanna og treysta þannig efnahagslegan stöðugleika.

Fordæmalausar aðstæður

Ef til þess kemur að stöðugleikaskattur verður lagður á og deilt verður um stjórnskipulegt gildi hans fyrir dómi er ég þeirrar skoðunar að dómur Hæstaréttar 10. apríl 2014 í máli nr. 726/2013, þar sem deilt var um álagningu svokallaðs auðlegðarskatts, sé mikilvægt fordæmi sem vafalaust verður horft til við matið. Í dóminum nefnir Hæstiréttur sérstaklega, til stuðnings niðurstöðu um lögmæti auðlegðarskattsins, að hann hafi fyrst verið leiddur í lög í lok árs 2009 en á þeim tíma hafi verið „við að etja einstæðan vanda í ríkisfjármálum“.

Þau sjónarmið og röksemdir sem Hæstiréttur reifar í Auðlegðarskatts-málinu eiga ekki síður við varðandi álagningu stöðugleikaskatts þar sem um er að tefla fordæmalausan vanda þar sem í húfi er efnahagsleg velferð þjóðarinnar. Það voru hin föllnu fjármálafyrirtæki sem að verulegu leyti sköpuðu þann „einstæða vanda“ sem þjóðin stendur frammi fyrir. Sá vandi snertir greiðslujöfnuð þjóðarbúsins og er ástæða þess að hér hafa verið fjármagnshöft frá árinu 2008. Á sama tíma hafa slitabúin fengið rými, í skjóli haftanna og með umfangsmiklum undanþágum, til að hámarka endurheimtur eigna sinna. Þegar svo háttar til er ekki óeðlilegt að slitabúin, þar sem núverandi kröfuhafar keyptu flestir kröfurnar á hrakvirði, greiði skatt til að mæta greiðslujafnaðarvandanum. Með því móti er efnahagslegur stöðugleiki varðveittur.

Ólíklegt að stöðugleikaskattur verði lagður á eignir slitabúa

Þó að sennilegast sé að stöðugleikaskattur verði ekki lagður á slitabúin er kálið ekki sopið þó í ausuna sé komið. Fram undan er langt ferli sem ekki sér fyrir endann á. Þannig liggur t.a.m. fyrir að aðeins hluti af kröfuhöfum slitabúanna standa að baki yfirlýsingunum en ekki slitastjórnirnar sjálfar og enn á eftir að leggja tillögurnar fyrir kröfuhafafundi til samþykktar eða synjunar.

Þó að ég sé vissulega þeirrar skoðunar að heppilegt sé að fara nauðasamningsleiðina þá er ástæðulaust að óttast ef mál þróast á annan veg. Mun þá koma til álagningar stöðugleikaskattsins sem skila mun ríkissjóði 850 milljarða króna tekjum og þannig nást markmið skattlagningarinnar um að tryggja efnahagslegan stöðugleika. Í framhaldinu munu slitabúin vafalaust láta reyna á lögmæti skattsins fyrir dómi.

Ef til þess kemur kvíði ég ekki niðurstöðunni. Þó að stöðugleikaskatturinn sé vissulega óvenjulegur skattur er engin krafa um það gerð að skattlagning þurfi að vera hefðbundin ef hún uppfyllir að öðru leyti þau grundvallaratriði sem nefnd voru hér að framan um jafnræði og málefnaleg sjónarmið. Staðreyndin er sú að Hæstiréttur hefur játað löggjafanum verulegt svigrúm til álagningar skatta og raunar svo víðtækt að aðeins í tvö skipti á öllum lýðveldistímanum hefur rétturinn komist að þeirri niðurstöðu að skattlagning hafi gengið gegn stjórnarskrá. Að mínum dómi hvílir álagning stöðugleikaskattsins á traustum lagagrunni og ekki er efni til annars en að stöðugleikaskatturinn verði metinn stjórnskipulega gildur ef á hann yrði látið reyna fyrir dómi.

Kæri sendiherra

PALESTÍNA

Eldar Ástþórsson
varaformaður Félagsins Ísland-Palestína og varaþingmaður Bjartrar framtíðar

➜ Þú minnist þó ekki einu orði á hernámið í grein þinni eða þá staðreynd að samkvæmt alþjóðalögum og áliti Sameinuðu þjóðanna er Gaza hernumið svæði.

Herra Schutz, sendiherra Ísraels í Noregi og á Íslandi. Ég tók eftir lesendabréfi þínu í Fréttablaðinu um daginn og get ekki staðist mátið að senda þér nokkrar línur sem svar.

Þú veist jafn vel og ég að í átökum Ísraela og Palestínumanna hernemur annar aðilinn hinn, stundar þar landrán og reisir landránsbyggðir í trássi við samþykktir Sameinuðu þjóðanna, Genfarsáttmálann og önnur alþjóðalög.

Þú minnist þó ekki einu orði á hernámið í grein þinni eða þá staðreynd að samkvæmt alþjóðalögum og áliti Sameinuðu þjóðanna er Gaza hernumið svæði. Ísraelsher ræður land- og lofthelgi þess ásamt landamærum og „öryggisvæðum“ – og ber því sem hernámsaðila að tryggja öryggi íbúanna.

Líkt og þú hafa ísraelskir ráðamenn og margir talsmenn Hamas átt erfitt með að horfast í augu við niðurstöðu nýrrar skýrslu Sameinuðu þjóðanna þar sem upplýst er um stórfellda stríðsglæpi Ísraelshers, dráp á 551 palestínsku barni og hátt í tvö þúsund óbreyttum borgurum. Þar er einnig fjallað um glæpi og gróf mannréttindabrot Hamas og árásir þeirra á Ísrael sem kostuðu sex óbreytta borgara lífið, þar á meðal barn.

Tilefni skrifa þinna er leiðari Óla Kristjáns Ármannssonar, Um stríðsglæpi, þar sem hann fjallar um niðurstöðu skýrslunnar. Þar segir þú umræddan blaðamann stunda lélega fréttamennsku og gefur í skyn að skrif hans séu afurð fordóma og gyðingahaturs.

Leiðari Óla Kristjáns er vissulega beittur og gagnrýnir að samþykktir alþjóðasamfélagsins séu að engu hafðar í Ísrael. Þar er þó tekið fram strax í byrjun að stríðsglæpir hafi verið framdir af bæði Ísraelsmönnum og Palestínumönnum. Benjamín Netanjahú forsætisráðherra Ísraels fær svo heila málsgrein í leiðaranum til að útskýra hlið Ísraels, meðan hvorki talsmenn Palestínumanna né Hamas fá slíkt pláss.

Vondur málstaður að verja

Þar er þó sögð saga eins fórnarlambs stríðsins, hins sex ára gamla Baders Qdeih, sem fannst á flótta frá þorpinu Kuzah hlaupandi með innyflin úti og lést stuttu síðar í sjúkrabíl við varðstöð Ísraelshers. Þú segir réttilega að dauði drengsins sé ömurlegur, en tekur síðan fram að það að „lítill drengur lét lífið er því miður fórnin sem er færð með háttalagi Palestínuaraba“. Talandi um fordóma. Að réttlæta dráp á barni, palestínsku eða ísraelsku, með því að að tala um slæmt háttalag heillar þjóðar finnst mér í besta falli ósmekklegt. Segir margt um þinn málflutning.

Þegar maður hefur vondan málstað að verja, eins og dráp á börnum og hernám á heilli þjóð, er kannski eðilegt að fara út á hálan ís í röksemdafærslum sínum. En að reyna að réttlæta voðaverk hermanna eða hernámsstefnu ísraelskra yfirvalda með því að tala um gyðinghatur er ekki aðeins lágkúrulegt, heldur vanvirðing við fórnarlömb gyðinghaturs fyrr og nú.

Það er ekki að ástæðulausu að fjölmörg samtök gyðinga um allan heim hafi mótmælt árásarstríði Ísraels á Gaza. Þau hundruð þúsunda, gyðingar sem aðrir, sem streymdu út á göturnar í borgum og bæjum, m.a. í New York og á Ísafirði, fyrir ári til að mótmæla árásum Ísraelshers á Gaza og hernámi Palestínu eru kannski ekki sömu skoðunar og þú. En þetta fólk er ekki gyðinghatarar. Frekar en þeir blaðamenn sem voga sér að fjalla um framferði Ísraelshers í hertekinni Palestínu.

verkfæri fyrir FLÍSALAGNIR

MÚRBÚÐARVERÐ

Ghelfi Spirit 2HP með 2 blöðum og aukahlutum
269.990

Drive LG4-570A 800W flísasög 79x39cm borð
39.900

Ghelfi Revolution 330 3HP með 2 blöðum, 135cm borð
379.900

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Drive hræristöð
45.990

Kaufmann flísaskeri 720mm
45.900



Mikið úrval

Drive flísasög 600W
9.290

Drive Pro
600mm flísaskeri í tösku
21.990

Drive-HM-120C 1200W - 12cm hræripinni - 2 hraðar
17.990,-

Flísaþvottasett á hjólum
5.790

Drive DIY 500mm flísaskeri
8.990

Soteco Topped 515, Longo pac
165.990

ÍTÖLSK GÆÐI

Arges HKV-100GS15 1000W, 15 lítrar
24.900

Drive LG3-70A 1800W flísasög 86x57cm borð
128.347

Drive hornalaser 360 gráður
17.990
þrífótur kr 3.690

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Reykjavík	Kletthálsi 7	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18	Opið virka daga kl. 8-18

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Ferðalagið byrjar Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

259 kr. 300g

VESTLUND **Rúllutertur 300 gr**

1198 kr. 1 kg.

BÓNUS **súkkulaðikaka 1 kg**

1498 kr. 200g.

GULL **bitafiskur (þorskur) 200 gr**

259 kr. 2 stk.

BÓNUS NÝBAKAÐ **kleinuhringir 2 stk**

435 kr. 15 stk.

BÓNUS **Kleinur 15 stk+ 25% meira magn**

498 kr. kg.

1598 kr. 10 x 120g

NAUTAVEISLU frosnir 10 x 120g
Nautahamborgarar

1998 kr. kg.

ÍSLANDSLAMB (blandaðar)
Grill-lambalærisneiðar

2498 kr. kg.

ÍSLANDSLAMB
Grill-lambalærisneiðar 1.fl.

539 kr. 2 x 140g

ÍSLANDSNAUT FERSKIR
Ungnautahamborgarar 2 x 140g

2998 kr. kg.

BÓNUS **Hangiálegg**

2498 kr. kg.

ÍSLANDSLAMB **Grill lambakótilettur**

979 kr. kg.

BÓNUS **Grill Grísabógsneiðar**

2998 kr. kg.

Íslandslamb **Lambaprime ferskt ókryddað**

3798 kr. kg.

Íslandslamb **Lambafillet ferskt ókryddað**

Verð í þessari auglýsingu
Gilda a.m.k. til 19.júlí

VALITOR

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Ferðalagið byrjar Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

EUROSHOPPER SÚKKULAÐI 100 grömm

98 kr.100g

175 kr. 2 ltr.

198 kr. 4 stk.
Heima grillbakkar 4 stk í pakka

479 kr. 1ltr.
Heima uppkveikilögur

298 kr. 1 stk.
Heima einnota grill

159 kr. 5 stk.
Bónus pylsubrauð 5 stk

159 kr. 4 stk.
Bónus hamborgarabrauð 4 stk

198 kr. 200ml.
E.Finnsson sósur 200ml

39 kr. 200ml
Euroshopper ávaxtadrykkir 200ml

95 kr. 200ml
Euroshopper steiktur laukur 200g

198 kr. 510ml.
Hunts **BBQ sósur** 510ml.

89 kr. 500ml
EUROSHOPPER **orkudrykkur**

98 kr. 500ml
R.C. lemon lime

89 kr. 500ml
Klaki 500 ml TVÆR TEG

198 kr. 200g.
Big rískökur 200g

198 kr. 250g.
Frón pólókex 250g

69 kr. 330ml

198 kr. 170g.

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu **Gilda a.m.k. til 19.júlí**

Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

Hagsmunasamtökin við Austurvöll

TOLLKVÓTAR

Andrés Magnússon
Framkvæmdastjóri SVÞ

Lárus M. K. Ólafsson
Lögfræðingur SVÞ

➜ Með hag almennings að leiðarljósi var því mat ráðuneytisins og Alþingis að halda eftir heimild til að leggja skatt á fyrirtæki, og almenning í landinu, í stað þess að festa í sessi heimild til að grípa til hlutkestis.

Í skjóli nætur í reykfylltu bakherbergi við Austurvöll var fyrir stuttu tekin ákvörðun sem fól í sér fjárhagslega byrði á almenning í landinu. Þetta kann að hljóma líkt og umfjöllun um reyfara en er því miður lýsing á því hvernig Alþingi ákvað undir frestun þings að leggja til og samþykkja ákvörðun um útboð á tollkvótum á landbúnaðarvörum sem fól í sér enn einn viðbótarkostnað í boði hins opinbera á herðar fyrirtækja og almennings í landinu.

Sú ákvörðun sem hér um ræðir er tillaga meirihluta atvinnuveganefndar Alþingis um að afnema heimild sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í búvörulögum til að láta hlutkesti ráða úthlutun á tollkvótum fyrir landbúnaðarvörur þegar umsóknir berast um meiri innflutning en í boði er. Var þannig fest í sessi að ráðherra skuli leita tilboða í tollkvóta en ráðherra var áður heimilt að grípa til hlutkestis sem fól ekki í sér viðbótarkostnað fyrir umsækjendur. Hér er ágætt að hafa hugfast að tilgangur tollkvótanna, sem grundvallast á aðild Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, er að veita innlendri framleiðslu samkeppnislegt aðhald sem varla er gert með auknum álögum á þessar innfluttu vörur.

Boðin hæstbjóðenda

Eins og áður segir var tillaga þessi lögð fram á Alþingi í skjóli nætur og keyrð í gegnum atkvæðagreiðslur án þess að raunveruleg umræða hafi farið fram um hana fyrir utan einhliða rökstuðning atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Var sá rökstuðningur að bregðast þurfti við dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem átaldi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fyrir að hafa einhliða val um að leggja skatt á aðila eða grípa til hlutkestis. Með hag almennings að leiðarljósi var því mat ráðuneytisins og Alþingis að halda eftir heimild til að leggja skatt á fyrirtæki, og almenning í landinu, í stað þess að festa í sessi heimild til að grípa til hlutkestis. Því verða tollkvótar á innflutt matvæli framvegis boðnir hæstbjóðendum þegar eftirspurn í þá er meiri en framboð og því dýrara en ella að hagnýta þá kvóta. Með hlutkesti hefði hins vegar kvótum verið úthlutað án sérstakra viðbótargreiðslna fyrir þá.

Það orkar einnig tvímælis að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti hefur beðið í þó nokkurn tíma eftir umræddri lagabreytingu til að afgreiða umsóknir um tollkvóta á grundvelli skattlagningarheimildarinnar – umsóknir þar sem öll gögn hafa legið fyrir til að afgreiða þær. Rifjast hér upp sú meginregla stjórnsýsluréttarins að taka skuli ákvarðanir í málum svo fljótt og unnt er og á grundvelli þeirra reglna sem gilda á hverjum tíma. Með framferði sínu hefur ráðuneytið því gengið gegn þessari meginreglu.

Starfa með heildarhagsmuni

Þá þurfa þeir 35 þingmenn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og VG, sem samþykktu þessa breytingu um að auka álögur á fyrirtæki og almenning, sem og þeir fimm þingmenn Sjálfstæðisflokks, Pírata og VG sem sátu hjá, að svara hvers vegna tekin var afstaða með sérhagsmunum innlendra framleiðenda umfram hagsmuni almennings. Þessir aðilar þurfa einnig að svara sínum kjósendum um hvað réði för við að veita brautargengi tillögu sem felur í sér viðbótarkostnað fyrir heimili landsins.

Þá þurfa þessir sömu aðilar að taka til skoðunar hvort eðlilegt sé að svona stórt hagsmunamál sé afgreitt í flýti á bak við tjöldin og án þess að kalla eftir umræðu eða leita umsagnar um þau. Kjörnir fulltrúar á Alþingi þurfa ávallt að gæta að því að þeim ber að starfa með heildarhagsmuni landsmanna að leiðarljósi en ekki sinna hagsmunagæslu fyrir tiltekna sérhagsmunahópa. Alþingi er, og á að vera, hagsmunsamtök almennings í landinu en ekki þröngs hagsmunahóps. Þá þurfa þessir sömu aðilar að líta í eigin barm þegar þeir eða aðrir kvarta yfir vöruverði hér á landi enda gafst í þessu máli færi á að lækka vöruverð en því tækifæri var hins vegar varpað fyrir róða.

Þegar yfirmaður er gerandi eineltis

EINELTI

Kolbrún Baldursdóttir
sálfræðingur

➜ Það sem m.a. einkennir yfirmann sem leggur starfsmann í einelti er „valdafíkn“, það „að ráða“, beita og misbeita valdi þóknist honum svo. Ekki er ósennilegt að yfirmaður sem er valdafíkinn búi einnig yfir öðrum neikvæðum skapgerðareinkennum sem birtast í samskiptum við aðra.

Ekki er öllum gefið að vera góður stjórnandi eða yfirmaður. Því miður eru dæmi um yfirmenn á alls kyns vinnustöðum sem skortir flest það sem telst prýða góðan yfirmann. Ekki er hægt að fullyrða um hvort einelti sé algengara hjá kvenyfirmönnum eða karlyfirmönnum. Vandamálið er dulið því ekki allir sem upplifa sig lagða í einelti af yfirmanni sínum segja frá því. Ganga má út frá því að langstærsti hópur yfirmanna séu góðir og faglegir yfirmenn. Í þessari grein sem er sú fyrsta af þremur verður fjallað um þá yfirmenn sem eru ekki færir um að eiga jákvæð og góð samskipti við starfsfólk sitt og eru jafnvel gerendur eineltis. Hvernig getur það gerst að „vanhæfur stjórnandi“ fær yfirmannsstöðu? Auðvitað getur verið um að ræða eiganda fyrirtækis sem er þá jafnframt yfirmaður og stjórnandi. Í öðrum tilfellum liggur svarið ekki á lausu og væri í raun ágætis rannsóknarefni.

Það sem m.a. einkennir yfirmann sem leggur starfsmann í einelti er „valdafíkn“, það „að ráða“, beita og misbeita valdi þóknist honum svo. Ekki er ósennilegt að yfirmaður sem er valdafíkinn búi einnig yfir öðrum neikvæðum skapgerðareinkennum sem birtast í samskiptum við aðra. Lýsing, kannski nokkuð ýkt, á yfirmanni sem er gerandi eineltis gæti litið einhvern veginn svona út:

Lund hans og skap er óútreiknanlegt, sveiflukennt allt eftir því hvernig liggur á honum hverju sinni. Sé hann pirraður lætur hann það gjarnan bitna á starfsfólkinu og verður fljótt reiður mæti hann mótbyr. Það kitlar hann jafnvel að finna að hann getur með lund sinni, líkamsmáli og samskiptaháttum valdið óöryggi á vinnustaðnum.

Þegar manneskja sem hér er lýst er ráðin sem yfirmaður er varla von á góðu ef litið er til samskipta á vinnustaðnum. Einhverjir gætu séð þessa yfirmannstýpu sem ákveðinn og sjálfstæðan aðila. Hins vegar má mikið frekar ætla að neikvæð framkoma hans sé drifin áfram af vanlíðan, minnimáttarkennd og óöryggi. Orsakir geta verið flóknar og átt rætur að rekja í samspili persónueinkenna, félagslegs bakgrunns og hvernig einstaklingurinn upplifir stöðu sína á staðnum. Þessi tegund af yfirmanni kemur oft vel fyrir út á við. Hann er e.t.v. vinamargur og kannski ágætur maki og foreldri? Tjái hann sig um vinnustaðinn opinberlega gæti hann vel birst sem hæfur stjórnandi sem tekur frumkvæði og hrindir hlutum í framkvæmd.

Afbrýðisemi og öfund

Á vinnustað sem stjórnað er af yfirmanni eins og hér er lýst getur hæglega þrifist einelti og stundum er yfirmaðurinn sjálfur gerandinn. Valdafíkinn stjórnandi sem er auk þess fullur af minnimáttarkennd er ekki ólíklegur til að níðast með einhverjum hætti á starfsmanni/starfsmönnum. Hann veifar valdasprotanum og undirstrikar með honum hver það er sem hefur heill og hamingju starfsfólksins í hendi sér. Einn af helstu fylgikvillum minnimáttarkenndar er afbrýðisemi og öfund. Þessi tegund af yfirmanni óttast að einhver skyggi á sig. Upplifi hann að einhver ógni sér gæti hann gripið til þess að lítillækka þann, gera hann ótrúverðugan eða nota vald sitt og áhrif til að koma honum illa með einhverjum hætti. Starfsmaðurinn er þá kannski fluttur til í starfi eða aðrar leiðir fundnar með það að markmiði að losna við hann.

Liður í að minna starfsfólkið á hver ræður er að vera gagnrýninn, dómharður og óútreiknanlegur. Að vera óútreiknanlegur er tækni sem er til þess fallin að grafa undan öryggistilfinningu starfsmanna. Skilaboðin eru að enginn skuli halda að hann geti verið öruggur með stöðu sína. Þessi yfirmaður fylgist vel með fólkinu á staðnum og notar til þess ýmsar leiðir, leyndar og ljósar. Sumum kann að finnast að þessi yfirmaður hreinlega bíði færis á að geta tekið einhvern á beinið. Þegar starfsmaður er tekinn á beinið er það oft gert með hörku og óbilgirni. Sá sem einu sinni upplifir yfirmanninn í þessum aðstæðum vill fyrir alla muni ekki lenda í þeim aftur. Í næstu grein verður fjallað um „vanvirka“ yfirmanninn sem verður stundum, vegna aðgerðaleysis, óbeinn þátttakandi eineltis á vinnustaðnum.

Mikilvægt skref fyrir Hafnfirðinga

BÆJARMÁL

Ó. Ingi Tómasson
bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, formaður skipulags- og byggingaráðs

➜ Var framkvæmdin grenndarkynnt og má segja að lán hafi fylgt okkur sem stóðu í samningaviðræðum við Landsnet, að gamalt skipulag fór í loftið með línum ofanjarðar næst byggð. Íbúar á Völlum mótmæltu og haldinn var íbúafundur.

Stórum áfanga var náð nýlega þegar samkomulag var undirritað um uppbyggingu hluta raforkuflutningskerfis Landsnets hf. innan Hafnarfjarðar. Í samkomulaginu felst að línur við byggð verða fjarlægðar, aðrar settar í jörð og Ísallína flutt fjær byggð á lægri og minna áberandi möstur. Einnig verður bætt úr hljóðvist og ásýnd spennuvirkis í Hamranesi.

Forsenda samkomulagsins er umsókn Landsnets um framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu 2 sem var svo samþykkt þann 9. júlí sl. af fulltrúum meirihlutans en af einhverjum ástæðum sá minnihlutinn ástæðu til að sitja hjá við afgreiðslu málsins. Nýr meirihluti í bæjarstjórn Hafnarfjarðar tók strax þá stefnu að afgreiða ekki umsóknina fyrr en niðurrifi Hamraneslína yrði flýtt og línur í lofti nálægt íbúðabyggð settar í jörð.

Forsagan

Í stuttu máli þá má rekja þessa sögu aftur til ársins 2007 þegar kosið var um stækkun álversins í Straumsvík. Ísal bauðst til að greiða fyrir jarðstrengi og niðurrif lína, þegar niðurstaða íbúakosningarinnar lá fyrir varð ekkert úr þeim framkvæmdum. Eftir kosninguna var haft eftir þáverandi bæjarstjóra, Lúðvík Geirssyni, að raflínur í nágrenni álversins í Straumsvík yrðu lagðar í jörð við nýbyggingarsvæði á Völlunum, engin breyting yrði á því, þrátt fyrir niðurstöðu íbúakosningarinnar. Í ágúst 2009 var undirritað samkomulag um uppbyggingu flutningskerfis raforku í landi Hafnarfjarðar þar sem nýjar línur og spennuvirki yrði reist fjærri byggð og aðrar rifnar.

Öllum framkvæmdum átti að vera lokið árið 2017. Fyrirvari í samkomulaginu varð þess valdandi að engar framkvæmdir eru enn hafnar. Það var svo í október 2012 sem þáverandi bæjarstjóri, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, undirritaði viðauka við samkomulagið frá 2009 þar sem segir m.a. í 4. gr: „Landsnet hefur upplýst Hafnarfjarðarbæ um þá ákvörðun sína að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir við niðurrif Hamraneslínu 1 og 2.“ Þessum framkvæmdum átti að vera lokið 2020 og að mati lögfróðra er óvíst að samkomulag þetta hefði haldið.

Aðkoma íbúasamtaka Valla

Íbúum á efri hluta Valla sem búa næst háspennumannvirkjum hefur ítrekað verið lofað að þessi mannvirki verði rifin niður og eru orðnir langþreyttir á að þau loforð hafi ekki verið efnd. Nýr meirihluti setti sér þau markmið að flýta niðurrifi Hamraneslína og nýjar línur færu í jörðu næst íbúabyggð. Að fenginni reynslu kom ekki til álita að setja fyrirvara inn í samkomulagið. Eftir langar viðræður við Landsnet lá fyrir að fyrirtækið var reiðubúið að flýta niðurrifi Hamraneslína til ársins 2018 og leggja nýjar línur í jörð næst byggð. Var framkvæmdin sett í grenndarkynningu og má segja að lán hafi fylgt okkur sem stóðum í samningaviðræðum við Landsnet, að gamalt skipulag fór í loftið með línum ofanjarðar næst byggð. Íbúar á Völlum mótmæltu og haldinn var íbúafundur. Í framhaldinu var fulltrúa íbúasamtakanna boðin þátttaka í viðræðunum þar sem áherslur íbúa sem ekki höfðu komið fram áður, s.s. bætt hljóðvist við spennuvirki og niðurrif Ísallína, voru settar á oddinn.

Landsnet var upplýst um stöðuna og viðræður miðuðu að þeirri lausn sem skrifað var undir. Það er mjög ánægjulegt hversu gott samstarf við íbúasamtökin var í þessum viðræðum og sýnir slagkraft íbúa þegar þeir standa saman.

the PIER

ÚTSALA
ÚTSALA

10–80%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM

GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS

Erum á Facebook • www.pier.is Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 Erum á Facebook • www.pier.is

TÍMAMÓT

MERKISATBURÐIR

1627 Sjóræningjar frá Alsír stíga á land í Vestmannaeyjum þennan dag. Koma þeir á þremur skipum og drepa í kjölfarið 34 eyjaskeggja og taka með sér 242 gísla.

1661 Fyrstu peningaseðlar í Evrópu líta dagsins ljós, en þeir eru gefnir út af Stokkhólmsbanka.

1917 Flutningaskipið Vesta sekkur eftir að tundurskeyti frá þýskum kafbáti hæfir það á ferð þess til Englands. Sekkur skipið á aðeins einni mínútu og farast fimm manns, en tuttugu er bjargað. Þeir koma á land í Færeyjum.

1930 Haile Selassie, skrifar undir allra fyrstu stjórnarskrá Eþíópíu.

1951 Skáldsagan Catcher in the Rye eftir J. D. Salinger kemur út í Bandaríkjunum þennan dag, en hana þekkja Íslendingar undir nafninu Bjargvætturinn í grasinu, í þýðingu Flosa Ólafssonar.

1955 Dwight D. Eisenhower, forseti Bandaríkjanna gerir stutt stopp á Íslandi þennan dag, en hann er á leið frá Bandaríkjunum til Evrópu.

1991 Jarðskjálfti ríður yfir Filippseyjar með þeim afleiðingum að rúmlega sextán hundruð manns láta lífið.

1992 Richard von Weizsäcker, forseti Sambandslýðveldisins Þýskalands kemur í tveggja daga opinbera heimsókn til Íslands.

1994 Borgarastríði í Rúanda lýkur.

1999 Flugvél ferst á leið sinni yfir Atlantshafið þar sem John F. Kennedy yngri, Carolyn Bessette Kennedy, eiginkona hans, og systur hennar, eru farþegar. Allir um borð láta lífið.

2005 Bókin Harry Potter og blendingsprinsinn kemur út og allt verður vitlaust, enda gríðarlega vinsælar bókmenntir.

2009 Kosið er um aðildarumsókn að Evrópusambandinu þennan dag og samþykkt að láta slag standa. Litlu munar, en 33 þingmenn samþykkja á meðan 28 hafna, tveir sitja hjá. Klofna allir flokkar á þingi í málinu, nema Samfylkingin.

---

†

Dóttir mín, systir okkar og mágkona,

INGIBJÖRG SVAVA GUÐJÓNSDÓTTIR

lést á Landspítalanum 3. júlí 2015. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug.

Þórdís Ágústsdóttir
Sigrún Tryggvadóttir **Kristján H. Sigurgeirsson**
Ágúst Guðjónsson **Anna Guðjónsson**
Örn Þór Guðjónsson
Svandís Guðjónsdóttir **Skúli Skúlason**

---

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

SIGURÐUR ÞORSTEINN NIKULÁSSON

lést á heimili sínu 10. júlí. Útför hans fer fram frá Lindakirkju, föstudaginn 17. júlí, kl. 15.00.

Ingibjörg Þórdís Sigurðardóttir
Steinunn Helga Sigurðardóttir **Gunnar Páll Gunnarsson**
Sigrún Sigurðardóttir **Jón Þorgeir Einarsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

MARTHA MARÍA SANDHOLT
Hátúni 8, Reykjavík,

lést á Borgarspítalanum aðfaranótt 10. júlí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 17. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á KFUM og KFUK á Íslandi.

Jenny Irene Sörheller **Haraldur Hjartarson**
Stefanía Sörheller **Einar Guðmundsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

ÞETTA GERÐIST 16. JÚLÍ 1916

Íslenskt ljóðskáld kemur í heiminn

Ljóðskáldið og dægurlagahöfundurinn Kristján frá Djúpalæk fæddist þennan dag árið 1916, að Djúpalæk í Skeggjastaðahreppi. Var hann nemandi við Eiðaskóla, og sinnti svo almennum sveitastörfum samhliða.

Um tvítugt hóf hann svo nám við Menntaskólann á Akureyri, en staldraði fremur stutt við og lauk rétt fyrsta árinu. Hafði hann þá kynnst heimasætunni frá Staðartungu í Hörgárdal meðan hann var í Eiðaskóla og varð þar yfir sig ástfanginn. Úr varð að þau giftu sig og bjuggu saman allt þar til hann lést.

Hjónin bjuggu til að byrja með í Staðartungu og lögðu fyrir sig búskap, en gáfust fljótt upp á slíku og fluttu til Akureyrar.

Vann Kristján verksmiðjuvinnu ýmiss konar, en þótti hún heldur leiðinleg. Þrátt fyrir vinnuleiðindin blómstraði sköpunargáfan og samdi hann mikið af ódauðlegum perlum á meðan hann stóð sína plikt í verksmiðjunum.

Árið 1949 fluttu þau hjón til Hveragerðis. Þá var Kristján orðinn þekktur fyrir hæfileika sína. Hann lifði þó ekki á listinni og var barnaskólakennari í Hveragerði og í Þorlákshöfn. 1961 sneri hann svo aftur í heimahagana og bjó á Akureyri til dauðadags, 15. apríl 1994.

Í FÍNUM MÁLUM Afmælisbarn dagsins ætlar að bregða sér af bæ og smakka sushi á Seyðisfirði og skála jafnvel í hvítvíni. MYND/AÐSEND

Pollróleg næstu fimm ár

Flestir kannast við ljúfa rödd Sigríðar Lund Hermannsdóttur útvarpskonu, sem nú er fjárbóndi austur á landi. Hún fagnar fjörutíu og fimm ára afmælinu í dag með sushi-ferð.

„Þetta þýðir bara að það séu fimm ár í fimmtugt, og það eru sko tímamót í lagi," segir Sigríður Lund Hermannsdóttir, sem flestir kannast við sem Siggu Lund fjölmiðlakonu.

Afmælisbarn dagsins hefur sannarlega vent kvæði sínu í kross og titlast nú sem sauðfjárbóndi, en flestir landsmenn kannast við hana úr útvarpinu, svo sem þegar hún stjórnaði morgunþættinum Súper á FM957 við gríðargóðan orðstír.

Nú hefur Sigga sest að á bænum Vaðbrekku í Jökuldal á Austurlandi, og kæmist að öllum líkindum ekki lengra frá Reykjavík. Þar dekrar hún við heimalninga og mokar skít svo eitthvað sé nefnt. „Þetta hefur verið mikil u-beygja sem ég hef tekið undanfarið árið. Ég hef búið í höfuðborginni alla mína hunds- og kattartíð, fyrir utan þegar ég var barn í Vestmannaeyjum," útskýrir hún.

Sigga segir hlutskipti sitt nú að öllu leyti ólíkt því sem hún átti að venjast fyrir um ári. „Þetta er sannarlega áskorun fyrir mig, og ég viðurkenni fúslega að ég hef alveg hugsað með mér eftir að hafa lokið við að moka skítinn úr fjárhúsunum, hvað í ósköpunum ég sé að gera hérna, og hve mikið óskaplega væri fínt að hoppa inn í stúdíó og bjóða áheyrendum góðan dag í staðinn," segir Sigga og rekur upp hláturroku eins og henni einni er lagið.

Segist Sigga þó býsna ánægð með stöðuna og finna sig vel í náttúrunni, enda mikið náttúrubarn. „Þetta er svo hollt. Maður fer að spá allt öðruvísi í hlutina og hvaðan þeir koma. Ég missti næstum andlitið þegar ég áttaði mig á að orðið tað þýðir hreinlega kúkur, og við kaupum okkur ægilega fínt taðreykt hangikjöt úr Melabúðinni án þess að láta hugann reika að einhverjum kúk," bendir Sigga réttilega á og skellir upp úr.

„Ég er samt ekki búin að grafa mig niður hérna úti í buskanum fyrir austan, ég gæti alveg hugsað mér að eiga afturkvæmt í fjölmiðlabransann og verð líklega svolítið með annan fótinn í Reykjavík," bendir Sigga á og bætir við að hún eigi svo ljómandi fínan mann að svoleiðis bardús ætti alveg að geta gengið upp.

Einhverra hluta vegna hefur Sigga verið lítið í að halda upp á afmælið sitt í gegnum tíðina, þótt hún elski að fá pakka og kveðjurnar líkt og mörg afmælisbörn. Hún bregður lítið út af vananum í þetta skiptið, en í tilefni dagsins segist Sigga ekki hafa planað nein ósköp. „Ég reikna með að bregða mér af bæ í dag og kíkja í sushi á nýjum veitingastað á Seyðisfirði," segir Sigga og kveðst nokkuð sátt við að fá frí frá lambakjötinu.

gudrun@frettabladid.is

SIGGA LUND Fjölmiðlakona og fjárbóndi. MYND/AÐSEND

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

Fallegt handverk
Ágústa Bárðardóttir hannar skartgripi og passar upp á að hver hlutur sé einstakur.
SÍÐA 2

Athyglissýki eða ...?
Systkinin Pippa og James Middleton hafa baðað sig í sviðsljósinu eftir að systir þeirra giftist inn í bresku konungsfjölskylduna. Ekki eru allir sáttir við það.
SÍÐA 4

TÆKIFÆRISGJAFIR
- mikið af frábærum tilboðum

iittala
10% afsláttur
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

HIÐ DOPPÓTTA MAN

SKRAUTLEG *Sigríður Ásta Árnadóttir, hamóníkuleikari og nýútskrifaður ritstjóri, lifir doppóttu lífi og á sjaldan dökkan dag enda gera litir lífið betra.*

„Þegar manni finnst eitthvað fallegt þá velur maður það gjarna," segir Sigríður Ásta Árnadóttir, nýútskrifaður ritstjóri frá HÍ og harmóníkuleikari í tangósveitinni Mandólín, en hún er doppudýrkandi mikill. „Ég er veik fyrir fallegum litum og mynstrum og hneigist til að velja doppótta hluti þegar þeir fást. Ég hef ekki alltaf verið svona, ég átti röndótt tímabil fyrir einhverju síðan. Þá var allt í kringum mig og heima hjá mér röndótt. Ég hef líka átt svona skeið með liti, einu sinni keypti ég allt blátt, svo var allt grænt og svo var rautt tímabil líka. Nú er það doppótt. Ég hugsa ekkert mjög mikið þegar ég er að velja mér hluti. Það er kannski til eitthvað þrennt mismunandi og ég veit alltaf um leið hvað mér finnst fallegast." Sigríður Ásta segist aldrei hafa átt drapplitað eða svart tímabil. „Ég hef reynt að hafa svartan þemadag upp á sportið en það endar alltaf á því að ég er komin í skærlita sokka eða doppótta skó. Einu sinni vantaði mig nauðsynlega svarta spariskó og á endanum varð ég að senda mömmu út í búð því ég kom alltaf heim með eitthvað doppótt."

Sigríður Ásta segist reka tvöfalda stefnu í fatakaupamálum. „Annars vegar kaupi ég mikið af notuðum fötum í Rauðakrossbúðinni eða Hjálpræðishernum en á hinn bóginn vil ég fjárfesta í vönduðum fatnaði. Mér finnst gaman að vera í einhverju sem ég hef ekki verið í áður og gaman að raða saman fötum og fæ útrás fyrir það með því að versla í búðum með notuð föt. Mér hugnast lítið að fara í H&M, ég vil annaðhvort eiga vandað eða notað. Ég hef líka litað flíkur og sauma stundum sjálf, helst pils og eitthvað einfalt. En ég er aðallega liðtæk í að aðlaga flíkur sem ég kaupi, breyta þeim og þess háttar." Sigríður Ásta er stundum stoppuð á götu af fólki sem finnur þörf hjá sér að ræða fötin hennar og litavalið. „Ég hjóla líka um á appelsínugulu hjóli og fólk segir: Mikið ert þú hressandi og skemmtilega klædd og gaman að sjá svona á Íslandi. Sem mér finnst mjög gaman að heyra því ég var með það markmið í mörg ár að hressa upp á fatastíl Íslendinga og fannst ég vera í herferð gegn leiðinlegum fötum." Sigríður Ásta segist ekki klæða sig í litrík föt til að fá athygli heldur líði henni best í lit. Og hún skiptir litum eftir líðan. „Ég hef tekið eftir því að ég sæki í bláan lit þegar ég þarf á öryggi að halda. Og svo er mér óhætt að segja að rauða tímabilið mitt hafi verið á tímabili þegar ég var í mikilli sköpunarorku. Þannig að þegar þú ferð að rukka mig um þetta held ég að ég sjái eitthvert munstur." Eða doppur.

SIGRÍÐUR ÁSTA ÁRNADÓTTIR Sækir í doppurnar í lífinu.

brynhildur@365.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

SKARTGRIPAHÖNNUÐUR Ágústa heillaðist af skartgripagerð þegar hún prófaði hana. Hún gerir falleg og litrík hálsmen.

MYND/ANDRI MARINÓ

PÚSSAR HVERJA PERLU

ÍSLENSK HÖNNUN *Ágústa Bárðardóttir hefur gaman af handavinnu og sérstaklega skartgripagerð. Hún gerir falleg hálsmen frá grunni og hættir ekki við grip fyrr en hann er fullkominn og hún tilbúin ganga með hann sjálf.*

Ágústa Bárðardóttir segist hafa verið eins og barn í sælgætisverslun þegar hún kom inn í föndurbúð í Aþenu á dögunum. Þar náði hún sér í fullt af fallegu efni sem hún hyggst nota í skartgripagerð sína en hún hannar undir merkinu Bjallar handverk. Hún kynntist skartgripagerðinni í gegnum iðjuþjálfun á Reykjalundi. „Þar notuðum við tilbúnar perlur og þegar ég kom heim prófaði ég mig áfram með þær. Þegar leið á fannst mér það einhvern veginn ekki vera mitt þannig að ég fór að búa til mínar eigin perlur eða kubba úr tré. Auk þess fór ég á námskeið í silfurgerð hjá Tækniskólanum og komst þá yfir þann hjalla að vera hrædd við að sýna það sem ég er að gera," útskýrir Ágústa.

HVERT HÁLSMEN ER EINSTAKT

Enn sem komið er hefur Ágústa eingöngu gert hálsmen en hún hyggst bæta úr því og gera líka armbönd. Mikil vinna er á bak við hvert men því hvert og eitt er unnið algjörlega frá grunni. „Þegar ég byrjaði að gera skartið átti ég nokkrar trjágreinar sem ég ákvað að prófa að nota. Ég vinn mest með greinar sem eru einn til þrír sentimetrar í þvermál. Greinarnar saga ég í litla kubba, bora í hvern fyrir sig og pússa svo í höndunum, þannig fæ ég það lag sem ég vil. Ég vil hafa þetta svolítið gróft svo það sjáist að það sé handgert. Perlurnar mála ég svo og lakka og síðan geri ég hálsmenið. Ég nota alls kyns tilbúnar perlur á milli trékubbanna. Ég áætla að á bak við hvert hálsmen sé um fimm tíma vinna. Hvert hálsmen er einstakt og ég veit ekki hvernig það verður þegar ég byrja á því."

Ágústa hefur töluvert prjónað og saumað í gegnum tíðina en hún segir skartgripagerðina hafa heillað sig gjörsamlega. „Mér finnst þetta rosalega gaman og það sannfærði mig um að ég væri á réttri leið að stjórnendur Kisans (kisinn.is) höfðu samband við mig og báðu mig um að hafa vörurnar mínar þar til sölu. Á vefsíðunni er íslensk hönnun og handverk til sölu, mér finnst þetta flott framtak og var þess vegna til í að taka þátt," segir hún. Ágústa bætir við að hún hafi ákveðið það þegar hún byrjaði á skartgripagerðinni að binda sig ekki við eitthvað eitt heldur geri hún það sem hana langar. „Mottóið mitt er að hætta ekki við grip fyrr en ég er það ánægð með hann og ég myndi ganga með hann sjálf."

NAFNIÐ SÓTT Í MÝRDAL

Spurð hvaðan hið óvenjulega nafn á skartið kemur segir hún að það sé tenging austur í Mýrdal. „Eiginmaður minn er fæddur og uppalinn þar og við bjuggum þar um tíma. Þar er fjall fyrir ofan bæinn og ganga tvö klettanef út úr því, nokkurs konar snjóflóðagildrur frá náttúrunnar hendi. Klettanefin eru kölluð Bjallar, mér þykir ofsalega vænt um Mýrdalinn og nafnið kemur þaðan."

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

5000 kr.
Dagar í Flash

Kjóll áður 19.990
nú 5.000 kr.

Kjóll áður 19.990
nú 5.000 kr.

Kjóll áður 17.990
nú 5.000 kr.

Kjóll áður 19.990
nú 5.000 kr.

Mussa
verð 5.000 kr.

Skyrtur
verð 5.000 kr.

Skyrtur
verð 5.000 kr.

Toppar
verð 5.000 kr.

Sumarkjóll áður 9.990
nú 5.000 kr.

Hörskokkur áður 9.990
nú 5.000 kr.

Mussa áður 9.990
nú 5.000 kr.

FLASH

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Fleiri myndir á Facebook

KONUNGLEG MYND Mörgum finnst óviðeigandi að systkini Katrínar, hertogaynju af Cambridge, séu á formlegri skírnarmynd konungsfjölskyldunnar. Pippa var í ljósum kjól, líkt og systir hennar.

KONUNGLEG FRÍÐINDI FYRIR EKKERT

HNEYKSLUN *Það þykir eðlilegt þegar skírn er í fjölskyldu að taka mynd af hópnum. Konungsfjölskyldan er engin undantekning þar á. Blaðamaður netsíðu Daily Mail er þó ekki viss um að systkini Katrínar, hertogaynju af Cambridge, hefðu þurft að vera á konunglegri, opinberri fjölskyldumynd.*

Á fjölskyldumyndinni eru foreldrar litlu prinsessunnar, Katrín og Vilhjálmur, ásamt börnum, foreldrar Katrínar, Michael og Carole Middleton, Karl prins og Camilla, Elísabet drottning, langamma barnsins, og eiginmaður hennar, Filippus, hertogi af Edinborg. Auk þeirra eru systkini Katrínar, James og Pippa, á myndinni sem blaðamanni finnst tæpast viðeigandi.

Allt frá því að systir þeirra, Katrín, giftist Vilhjálmi prins hafa þessi þá óþekktu systkini baðað sig í sviðsljósinu og telja sig nánast konungleg. Þau virðast vera alls staðar þar sem eitthvað merkilegt er að gerast, líkt og fjölskylda Kardashian, segir í blaðinu. Systkinin hafa flogið upp einhvern tignarlega stigann til frægðar og eru nú á hverjum gestalistanum eftir öðrum hjá þeim sem meira mega sín í bresku samfélagi. Að auki eru þau í miklu eftirlæti hjá almannatenglum sem vilja koma vörum á framfæri.

Í KONUNGLEGU HÁSÆTI

Stuttu eftir hina konunglegu skírn voru systkinin komin í hásæti á Wimbledon-leikunum en miðar í bestu sætin eru afar eftirsóttir hjá auðkýfingum og fræga fólkinu. „Af hverju er þessu unga fólki veittur slíkur konunglegur heiður?“ spyr blaðamaður Daily Mail og bendir á að þau gegni engum opinberum skyldum. Aðeins þeir sem hafa lagt eitthvað markvert til samfélagsins og fólk í æðstu stöðum hafa hingað til fengið sæti á besta stað á Wimbledon. Meðal gesta í heiðursstúkunni að þessu sinni var David Beckham, John Bercow, forseti neðri deildar breska þingsins, og John Whittingdale, ráðherra menningar-, fjölmiðla- og íþróttamála í Bretlandi. Auk þeirra mátti sjá leikarann fræga Stephen Fry og Ólympíufarann Sir Ben Ainslie. Þarna mátti líka sjá einkaritara drottningar, Sir Christopher Geidt.

KVÆNTUR FJÖLSKYLDUNNI

Samkvæmt frétt Daily Mail lyftu margir brúnum þegar Middleton-systkinin birtust og settust í konungleg sæti á Wimbledon. „Þótt þau séu mágur og mágkona verðandi konungs verðskulda þau ekki hásæti konungsfjölskyldunnar,“ skrifar Daily Mail. Þess má geta að Wimbledon-mótið er stærsti tennisviðburður í heimi og mikil virðing er borin fyrir mótinu í Bretlandi.

Blaðamaður heldur áfram og segir að Middleton-fjölskyldunni sé hampað óeðlilega mikið. „Stundum er eins og Vilhjálmur sé ekki aðeins kvæntur Katrínu heldur allri fjölskyldunni. Þá er rifjað upp að þegar Vilhjálmur prins hafi verið skírður árið 1982 hafi bróðir Díönu og systir ekki verið með á formlegri, konunglegri myndatöku.

Í HEIÐURSSÆTI Systkinin Pippa og James Middleton á Wimbledon-tennismótinu.

GÓÐ TENGSL

En hvað hefur breyst í konunglegum siðvenjum? Skýringin gæti legið í því að prinsarnir Vilhjálmur og Harry eru frjálslegri í hegðun en önnur konungleg börn í Bretlandi hafa getað leyft sér. Katrín er ekki af aðalsættum en talið er að Vilhjálmur, sem sjálfur missti móður sína ungur, dáist að samheldni Middleton-fjölskyldunnar og sé ekki mjög stífur á siðareglum sem viðgengist hafa í bresku konungsfjölskyldunni. Honum hafi því þótt eðlilegt að systkini eiginkonu sinnar væru með á hinni formlegu skírnarmynd. Bróðir hans, Harry, var við skyldustörf í Afríku og er því ekki með á myndinni.

Systkinin Pippa og James lifa sínu sjálfstæða lífi en mörgum þykir þau njóta þess um og of að vera í sviðsljósinu. Það er ekkert sérstaklega þægilegt fyrir Middleton-hjónin og alls ekki fyrir konungsfjölskylduna.

TRI Suðurlandsbraut 32

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND

#cubeyourlife

BORGUN

TRI VERSLUN býður viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum í allt að 36 mánuði í samstarfi við **BORGUN**

FERÐAHJÓL
Verð frá 99.990kr

29”
Verð frá 109.990kr

ROAD RACE
Verð frá 179.990kr

þýsk gæði á góðu verði!

CUBE 2015

HAFÐU SAMBAND

WWW.TRI.IS

- Opnunartími @ TRI VERSLUN -

Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00

Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

SHIMANO SHIMANO

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA

Arctic Star

Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlins

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki fást hjá Lyfju og Apótekniu.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavik - S: 562-9018 / 898-5618

SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Einnig sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett. Við eigum líka fægilög, fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.

Sendum í póstkröfu

Gullkistan

Frakkastíg 10 - Sími 551 3160 - gullkistan@vortex.is - www.thjodbuningasilfur.is

LOUIS VUITTON

LOUIS VUITTON

SAKUJAN Á UPPLEIÐ

AFTUR TIL FORTÍÐAR *Sakujan-jakkar, bomber-jakkar skreyttir klassískum japönskum myndum, voru áberandi á tískusýningum fyrir vorið 2016.*

Tískustraumar tíunda áratugarins svífa yfir vötnum þessa dagana. Eitt af aðalsmerkjum áratugarins var hinn svokallaði bomber-jakki sem allir unglingar urðu að eiga. Saga bomber-jakkans nær þó enn lengra aftur, enda voru slíkir jakkar hannaðir fyrir flugmenn, og þá sérstaklega orrustuflugmenn í bandaríska hernum. Á tískusýningum nýverið, þar sem sýnd var karlfatatískan fyrir vorið og sumarið 2016, var að finna æði marga bomber-jakka. Flestir voru svokallaðir sakujan-jakkar, það er bomber-jakkar skreyttir klassískum japönskum myndum á borð við dreka, koi-fiska, tígrisdýr og kirsuberjablóm. Uppruna þessara jakka er að finna í síðari heimstyrjöldinni. Hermenn sem dvöldu í Asíu á stríðsárunum vildu taka eitthvað með sér til minningar um tíma sinn þar og létu því skreyta jakka sína með slíkum myndum. Síðan þá hafa slíkir jakkar orðið vinsælir meðal ferðamanna í Asíu en þá má fá í öllum túristabúðum.

Nú hafa hönnuðir fært jakkann skör ofar á tískupallana og ef að líkum lætur á herðar almennings.

VALENTINO
DOLCE & GABBANA
SAINT LAURENT

ÚTSÖLULOK

ALLT Á

7000
5000
3000

Erum á STRANDGÖTU 24 Haf.

Nýkomið mikið úrval af sófasettum

Tungusófar með og án svefnsófa - margar gerðir
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
STRANDGÖTU 24 - 220 Hafnarfirði sími 565 4100

Alþjóða heilsu Qigong samband
Heldur kynningarnámskeið og fyrirlestur 24. - 27. júlí
5 helstu ástæður þess að iðka qigong
Qigong (borið fram "tsí-gong") er yfir 5.000 ára gamalt æfingakerfi í heilsurækt þarsem saman fer qi, sem merkir "lífskraftur", og gong, sem merkir "nákvæmar æfingar".
1. Aukin vellíðan og lífsþróttur
Minnkar blóðþrýsting, bætir hjarts- og æðastarfsemi, jafnar hjartsláttartíðni og minnkar kólesteról.
2. Dregur úr þrálátum sársauka
Með hjálp sjónar og stjórn hugar og líkama getur þú dregið úr þrálátum sársauka frá liðagigt.
3. Betra blóðstreymi
Með sérstökum öndunaræfingum getur þú aukið súrefnisflæði í líkamanum.
4. Dregur úr spennu
Með því að minnka viðbrögð við spennuvekjandi álagi. Hjálpar gegn þráhyggju- og árattuhegðun, þunglyndi og kvíða og persónuleikaeinkennum af A-gerð.
5. Byggir upp sjálfsvirðingu
Með því að leyfa þér að líða vel og þægilega.
DREKINN
WUSHU FÉLAG REYKJAVÍKUR
Skráning í síma 553 8282
HEILSU DREKINN
Skeifan 3j | Sími 553 8282 | www.heilsudrekinn.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

ÞRÆÐIR MARKAÐI

NÝTT OG GAMALT *Elva Dögg Árnadóttir textílhönnuður þræðir fatamarkaði á ferðalögum í útlöndum og blandar gjarnan saman gömlum og nýjum flíkum. Hún er veik fyrir japönskum kímonóum sem hún segir gera allt sparilegra.*

Ég er mikið kímonófrík og á fimm stykki. Þessi rauði er í sérstöku uppáhaldi en hann er sá fyrsti sem ég eignaðist, keypti hann á markaði í New York fyrir tíu árum. Hann er mjög vel með farinn og fallegur. Ég var um tíma með verslun með notuð föt og þessi kímonókaup urðu hreinlega til þess að ég fór að flytja inn kímonóa frá Japan. Þessi tegund heitir Haori og er meira í ætt við jakka," segir Elva Dögg Árnadóttir textílhönnuður þegar hún er spurð út í uppáhaldsflíkina í fataskápnum.

Hún segir kímonósniðið einstaklega klæðilegt og nánast hægt að vera í hverju sem er undir einum slíkum, það verði allt sparilegt.

„Ég get verið í svörtum hlírabol og velúrbuxum og skellt mér svo í þennan og er orðin fín. Hann er klassískur og alltaf í tísku," segir Elva en jakkinn er úr þykku silki sem búið er að pressa svo sérstök áferð er á efninu. Þegar Elva er beðin um að lýsa fatastílnum segist hún blanda saman gömlu og nýju en hún er dugleg að þræða markaði með notuð föt.

„Ég verð sjúk þegar ég kemst á svona markaði og enn meira hér áður fyrr. Mér þykir alltaf vænt um að finna eitthvað spes á mörkuðum eða í second hand-búðum, þar finnast svo skemmtilegar flíkur. Ég á mikið af notuðum klassískum fötum en ég versla líka mikið í H&M. Ég kaupi langmest af fötum erlendis á ferðalögum."

Hvað ertu annars að fást við þessa dagana?

„Ég er að vinna að sýningu en ég útskrifaðist úr textílhönnun frá Myndlistaskóla Reykjavíkur síðasta vor. Mig langar að sýna myndir sem ég vann í tengslum við lokaverkefnið mitt. Lokaverkefnið var prjón og ég tók þessar ljósmyndir í þeirri vinnu. Ég á bara eftir að finna gott sýningarpláss," segir Elva.

Nánar má forvitnast um verk hennar á elvadogg.com.

SPARILEGT Elva Dögg Árnadóttir keypti sinn fyrsta kímonó á markaði í New York og síðan hefur bæst í safnið. Hún segir kímonó gera allt sparilegra. MYND/ERNIR

SÝNING Í HAUST Elva vinnur nú að fleiri verkum fyrir sýningu í haust.



NÁTTÚRA Innblásturinn á bak við myndir Elvu kemur úr íslenskri náttúru og tónlist frá áttunda áratugnum.

FRJÁLSLEG HERRATÍSKA VORIÐ 2016

Það kennir margra grasa í herratískunni á tískuvikunni fyrir vor/sumar 2016 sem fram fer í New York þessa dagana. Sjaldan hefur karlmannafatnaður verið jafn fjölbreyttur og allt virðist leyfilegt.

Mörg þekkt nöfn sýna á tískuvikunni og flestir eru sammála um að herrafötin séu óvenju frjálsleg að þessu sinni. Sumt er hippalegt, annað er rokkaralegt, og röndótt verður örugglega vinsælt á næsta ári. Þá vekur athygli að buxur eru víðar og stuttar. Karlar þurfa ekki að óttast liti næsta vor og ættu endilega að láta hugmyndaflugið ráða í klæðaburði.

VEIÐIPORTIÐ

ÚT Á GRANDA

ÚT Á GRANDA

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán.–fös. kl. 9–18. Laugard. kl. 10–16. **Opið á sunnudögum í allt sumar 10 – 14**

Snowbee prestige með rennilás

Bestu vöðlurnar sem við bjóðum. Soft touch efni, styrkingar á skálmum, ríri rennilás. Góðir vasar. Valdar sem bestu vöðlurnar 2012 og 2013 af Tackle and Trade í Englandi.

Fullt verð 59.900 kr

Tilboð 49.900 kr

Fáanlegar í King stærðum.

Jaxon 4 og 5 laga vöðlur

Klárlega bestu kaupin i dag. 5 laga skálmar, enginn saumur á innanverðum skálmum, góður sokkur belti, poki og góður vasi.

Meira en 350 vöðlur seldar á síðustu 3 árum og allir glaðir.

Verð 34.900 kr



Barnavöðlur

Að veiða, busla í læknum í sveitinni eða bara í leikskólann. Frábært fyrir krakka á öllum aldri. 4 litir í boði bleikur, blár, grænn og mosagrænn fyrir eldri krakka.
St. 20-43

Verð 9.900 kr

Pvc vöðlur premium

Betra stígvél, þykkari bót á hnjám þessar eru níðsterkar og á fínu verði!

Verð 11.900 kr

Swing Poweron slöngubátar

Ál gólf, árar, pumpa, taska ce vottun, 2 bekkir innbyggðir stangahaldarar og viðgerðarsett .
Ath. Sömu bátar og jaxon bátarnir 8 ára reynsla á Íslandi 3 ára ábyrgð

320 cm - **199.000 kr.**
360 cm - **249.000kr.**
420 cm - **299.000 kr.**

Swing Desander slöngubátar

Ál gólf, árar, pumpa, taska ce vottun, 2 bekkir innbyggðir stangahaldarar og viðgerðarsett. Á Desander er hægt að færa bekkina að vild eftir öllum bátnum
Ath. Sömu bátar og Jaxon bátarnir 8 ára reynsla á Íslandi 3 ára ábyrgð

320 cm - **199.000 kr.**
360 cm - **249.000 kr.**
420 cm - **299.000 kr.**

Útdraganleg stöng og hjól

Útdraganleg 8 eða 9 feta stöng og gott hjól Frábært í ferðalagið eða bara til að hafa í bílnum

Verð **8.900 kr**



Klofstígvél

Já þessi eru enn til hjá okkur, gömlu góðu bússurnar!

Nýtt og betra stígvél og styrkingar á hnjám.

Bestu bússurnar sem við höfum selt hingað til .

Verð 8.900 kr

Sjóveiðsett

4 legu Jaxon bosmann sjóhjól öflug lína og 6 feta öflug sjóstöng
Fullt verð 30.480 kr

Tilboð 24.900 kr

Besta Strandveiðisettið

(100 – 180 metra köst)

Okkar besta strandveiðisett Jaxon ornet 800 hjól 250m af 60 punda ofurlínu, Jaxon 14 eða 15 feta strandveiði stöng. Slóðar, sökkur, sigurnaglar, beitutegja og beita allt klárt

Fullt verð 47.875 kr.

Vortilboð 39.900 kr.

Byrjenda strandveiðisett

(70 – 120 metra köst)

Jaxon Arcadia strandveiðistöng 13-14 feta, Mistrall strandveiðihjól 250 metrar 25 punda af girni, sakka, slóði og beita

Fullt verð 25.770 kr.

Vortilboð 21.900 kr.

Stangahaldarar

I.G. stangahaldarar! Þessir hafa sannað sig í gegnum árin og á besta verðinu

Verð 8.900 kr

Amerískir gæða haldarar. Sogskál á húddið og segull með gúmmískálum á þakið. Taka allt að 8 stangir

Fullt verð 36.900 kr

Tilboð 29.900 kr

Sætishlífar í bílinn

Ertu að skemma sætin í bílnum?
2 níðsterkar og vatnsheldar hlífar í pakka, frábært verð!

Verð 6.900 kr

Flökunarhnífar í úrvali

Verð frá 1.990 kr

Þú getur líka komið með gamla hnífinn og við brýnum hann fyrir 790 kr. og hann verður sem nýr !

Fluguveiðisett

Stöng, lína, hjól, 10 flugur, taumur polaroid gleraugu og derhúfa

Aðeins 22.900 kr

BÍLAR & FARARTÆKI

KIA Sorento crdi. Árgerð 2013, ekinn 73 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.107296. BÍLAMARKAÐURINN 5671800

NISSAN Qashqai+2 SE. Árgerð 2013, ekinn 39 Þ.KM, dísel, 6 gírar.EINS OG NYR Verð 3.990.000. Rnr.107286. BÍLAMARKAÐURINN 5671800

NISSAN X-trail dísel. Árgerð 2008, ekinn 130 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. EINN EIGANDI TOPP EINTAK, TILBOÐ 1.990.000.STG Rnr.232118. BÍLAMARKAÐURINN 5671800

FIAT 2300.HYMER Árgerð 2000, ekinn 117 Þ.KM, dísel, 5 gírar. TILBOÐ 2,990.000. Rnr.231360. BÍLAMARKAÐURINN 5671800

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800

---

bilfang.is
S. 567 2000

NÝR BÍLL !
Hyundai I30 Diesel sjálfskiptur ,nokkrir litir í boði, OKKAR VERÐ AÐEINS 3.590 þús !!!

FLOTTUR / DIESEL !
Jeep Cherokee Limited 2.0 Diesel 06/2014 ek 25 þ.km Hlaðinn búnaði ! Okkar verð 7.9 mil !!!

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
Seljum í dag !
www.bilfang.is

STÓRA BÍLASALAN



BMW 520d. Árg.02/2013, ek 45 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur,leður,sóllúga ogfl.. Verð 6.990.000. Rnr.156508.Er á staðnum.

Óskum eftir bílum á staðinn.
Mikil sala.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is

SUZUKI

ALLT AÐ MILLJÓN KRÓNA AFSLÁTTUR
Á NÝJUM SÝNINGARHJÓLUM. Ýmsar gerðir til, sjón er sögu ríkari. EKKI MISSA AF ÞESSU.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

CLASSICBILAR.IS
Bílasala

BMW 520D E60 touring. Árg 2009, ekinn 169 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. þéttur og góður bíll á TILBOÐSVERÐI 3.500þ stgr. áhvl.2.400þ Rnr.100653. ásett verð 4590þ

Óskum eftir bílum á söluskrá okkar
www.classicbilar.is

Classicbilar.is
Gilsbúð 3, 210 Garðabær
Sími: 517 9500
www.classicbilar.is

---

abill.is
NETBÍLASALA



VW Passat eco/highline metan. Árgerð 2012 ekinn 42 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.157371.Flott eintak toppverð JR skráðu bilinn fritt að skra

abill.is
Bildshöfða 3, 112 Reykjavík
Sími: 5876600
Opið 10-18 og lau 12-16

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR

BMW X5 4.0d e70 . Árgerð 2013, ekinn 36 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 13.890.000. Rnr.141595. Mikið af aukabúnaði.

NISSAN Qashqai SE. Árgerð 2013, ekinn 41 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.990.000. Rnr.240448.

KIA Sportage EX 4wd. Árgerð 2013, ekinn 62 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.890.000. Rnr.240634 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

MERCEDES-BENZ GLA 200 CDI 4matic. Árgerð 2014, ekinn 15 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.590.000. Rnr.991378.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

---

bíll.is
bestir í bílum...

KLÁR Í VEIÐI
TOMADOO 530 open nýr bátur með nýjum mercury 60hö mótor innbyggður 50 l tankur æðislegur skemmti / veiðibátur jafnt á sjó sem vatni (tvöföld skel)góð kerra með og yfirbreyðsla fylgir Verð 3.980.000. skoðar öll skipti Rnr.138451. Afhendist hvert á land sem er s. 6952015

Bíll.is
Sími: 577 3777
www.bill.is

J.R.BÍLASALAN
BÍLDSHÖFÐA 3, 110 REYKJAVÍK
S: 567-0333 www.jrbilar.is

MERCEDES-BENZ 312d. Árgerð 2000, ekinn 530 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.290.000. Rnr.157326.

JR Bílasala
Bildshöfði 3, 110 Rvk
Sími: 567 0333
www.jrbilar.is

---

100 bílar.is

BMW X5 4.0D, 7/2011, ek 44 þkm, Mjög flottur bíll - Twin turbo dísel, Sportsæti - Rafmagnskrókur, verð 9950 þús, er á staðnum, raðnr 151811

100 bílar ehf
Í miðbæ Mosfellsbæjar, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Skoda Actavis 2006 árg. Túrbó dísel 4x4, 890þús tilboð S: 6162597

0-250 þús.

Reno Clio „99 beinskiptur, e.210 þ. Sparneytinn og mjög góður bíll. Verð 150 þ. S.8616953/8228444

250-499 þús.

SPARIBAUKUR - 390 ÞÚS
VW POLO 1,4 COMFORTLINE árg' 00 ek.152 þús, 5 dyra, beinskiptur, einn eigandi síðan ,01, lýtur vel út, verð 390 þús möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955

til sölu

Árgerð 2012.
Ekinn 20 Þ. KM

Bíllinn er eins og nýr og mjög vel útbúinn. Umboðsbíll.

Verð:
kr. 10.900.000.

LAND ROVER RANGE ROVER EVOQUE PRESTIGE

Höfðabílar, Fosshals 27, 110 RVK
577 4747 www.hofdabilar.is

HÖFÐABÍLAR

LÍTIÐ KEYRÐUR YARIS!!!
TOYOTA YARIS 1.0 VVT-I árg'00 ek.134 þús, 3ja dyra, tímakeðja, smurbók, ný smurður, gott viðhald, snyrtilegur smábíll sem eyðir mjög litlu, verð 450 þús möguleiki á 100% visláni, s.841 8955

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

0-600 STAÐGREITT
Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 776 7507

Sendibílar

568 5000
NS
NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Reiðhjól

JS LJÓSASMIÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
BLATTVÉLAVIÐGERÐIR

Reiðhjólaviðgerðir

Gerum við allar gerðir reiðhjóla. Fljót og góð þjónusta. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S: 554 0661 GSM: 897 4996 - 699 2502 velaverkjs@simnet.is velaverkjs.is - slattuvel.is

Hjólhýsi

Hjólhýsi til sölu, Hobby 350TB árg. ,11. Vel með farið og lítið notað. Verð 2.290.000 kr. Uppl. í síma 892 3207.

Vélsleðar

Bátar

Hjólbarðar

VAKA

FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

vantar bíla á skrá

BETRI NOTAÐIR BÍLAR

HYBRID

Við erum sérfræðingar í hybrid

Það er mikil sala á notuðum hybrid bílum og okkur vantar allar gerðir af Toyota og Lexus hybrid á skrá.

Frábært tækifæri til þess að selja bílinn og fá sér nýjan.

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Sími: 570 5070
info@toyota.is

Opið mán - fös:
07.45 -18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

Fellihýsi



ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s.663 5315.

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

HREINVERK
Teppahreinsun, gluggahreinsun, rennuhreinsun, flutningsþrif, húsgagnahreinsun og fl. Uppl. í s. 699 6762 og www.hreinverk.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Garðyrkja

GRÖFUÞJÓNUSTA RAGNARS
Öll almenn jarðvinna. S: 8237473 - 6162698

Málarar

ÞAK OG HÚSAMÁLUN
Get bætt við mig verkum. Vönduð vinnubrögð, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S.G Málarameistari S: 699-4464 og 695-4464. asgmalun@gmail.com

MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR
Alhliða málningarþjónusta. Fáðu ástandsskoðun og verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Sími 776-0000

REGNBOGALITIR
Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

Málningarþjónusta - húsamálun, inni og úti. Uppl. s. 660 7606 og 846 5305.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896 5778

Vanan smið vantar vinnuverkefni, s.845-2939.

Spádómar

908 1888
Spásími Daddýar- 250kr mín

661 3839 - SÍMASPÁ
Opið frá kl. 13 alla daga.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Nudd

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

KEYPT & SELT

Til sölu

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407



Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

Til sölu

NEGLUR - VAXVÖRUR - LÖKK -HÁRLENGINGAR.
Skiptastjóri þrotabús hefur lager til sölu fyrir snyrtistofur/naglastofur/Hárgreiðslustofu. Einnig Gelish lökk frá Nail Harmony.

Nánari upplýsingar fást í síma 8464960 og tölvupóstfangið haflidi@msr.is

KOMDU ÚT ÞVÍ SÓLIN VILL SJÁ ÞIG!
Komdu út á 4ra hjóla Rafskutlu, 3 litir til, nokkur eintök eftir. Sýningar salur: Auðbrekka 23. Kóp. V. 329 þús s. 783-3003

myranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

ÁLBAKKAR - LAGERÚTSALA
Stærðir frá 890 ml og 1170 ml. Lok fylgja með. Langbestu verðin. Fyrirspurnir berast í síma 861-7375 eða á ctc@ctc.is

Útsala stórar plöntur allar gerðir veljum íslenskt. Blómsturvellir v. Reykjalund s.8641202

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)
Upplýsingar í síma 661 7000

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Tölvur

Glænýj Acer borðtölva. Aldrei notuð. Verð 50þ yfir 20% afsl. Ljósritari og prentari á 15þ. S. 8677105

Nudd

Heilsu og slökunarnudd. Nuddstofan, opið frá 10-20. Opið á lau. S. 855 3199

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Hestamennska

Tek stoðhesta í geymslu. Uppl. í s. 482 1019 á kvöldin.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

85fm íbúð til leigu 104 RVK, leigist með húsgögnum frá 01. sept til 01. maí, hentar vel háskólafólki. Verð 160þús per mán. Uppl. í s. 892 9320

TIL LEIGU AÐEINS Á AÐEINS 950 KR FM!
129 - 280 fm bil með allt að 10 m lofthæð, stórar innkeryrsluhurðir, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
www.lundurfasteignir.is
S. 690 3031 / 661 7000

Geymsluhúsnæði

SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS
Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLUR.COM
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

ATVINNA

Atvinna í boði

115 SECURITY AUGLÝSIR EFTIR ÖRYGGISVÖRÐUM Í VERSLUNARÞJÓNUSTU

Skilyrði:

-Hreint sakavottorð
-Íslenskukunnátta
-20 ára lágmarksaldur
-Góð þjónustulund.

Umsókn með mynd og ferilskrá sendist á 115@115.is Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 5 115 115

BAKARÍ
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. V.t. 13-19. virka daga. Uppl. á staðnum f.h Ingunn Björnsbakarí ehf Klapparstíg 3 v/ Skúlagötu s. 551-1531.

Bombay Bazaar

Veitingastaðurinn Bombay Bazaar í Kópavogi auglýsir eftir starfsfólki í vinnu bæði í fullt starf og hluta starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst. Endilega sendið umsókn á bombaybazaar200@gmail.com

KvikkFix

KvikkFix getur bætt við sig fólki. Vantar fólk í smur- og dekk. Einnig manneskju í móttöku hálfan daginn. Áhugasamir sendi umsókn á hinrik@nrg.is

Slökkvitæki ehf óskar eftir starfskrafti í sölu og þjónustustarf. Skilyrði eldri en 25 ára, bílpróf og góð þjónustulund. Umsókn með ferilskrá sendist á eldklar@eldklar.is

MEISTARAMÚR EHF.
Óskum eftir mururum og flísalagningarmönnum, einungis vanir menn koma til greina. Uppl. í s. 866 6291 & 824 0824

ATVINNA Í BOÐI
Fyrir fjölskyldu í vesturbæ Reykjavíkur, óskum eftir konu til að sjá um þrif, barnagæslu, matseld og annað tilfallandi. Fullt eða hlutastarf, möguleiki að húsnæði fylgi. Vinsamlegast sendið upplýsingar á olgamariao@gmail.com

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800

35 ára kk ó.e. vinnu t.d. við útkeyrslu. S. 8468602

TILKYNNINGAR

Einkamál

fasteignir

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4
SÍMI 570 4500,
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is
www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Fasteignamarkaðurinn ehf. - lögg. fasteignasali

Fasteignamarkaðurinn ehf., sem er ein elsta og rótgrónasta fasteignasala landsins, óskar eftir að ráða til starfa löggiltan fasteignasala til að sinna sölu fasteigna og ýmsu öðru er viðkemur daglegum rekstri fasteignasölu. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sölu fasteigna.

Mjög góð föst mánaðarlaun í boði fyrir réttan aðila auk mögulegrar árangurstengingar.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf umsækjenda sendist á netfangið gtj@fastmark.is fyrir 20. júlí n.k. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

tilkynningar

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. júlí 2015, virðisauka-skattur sem fallið hefur í eindaga til og með 6. júlí 2015 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. júlí 2015, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipa-gjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármála-eftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkis-sjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrir-vara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. júlí 2015

Tollstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

atvinna

Starf kirkjuvarðar í Seljakirkju laust til umsóknar

Seljakirkja í Reykjavík óskar eftir að ráða kirkjuvörð í 70% starfshlutfall frá og með 24. ágúst nk.

Óskað er eftir ábyrgum og jákvæðum einstaklingi sem hefur áhuga á starfi kirkjunnar. Starfslýsingu má finna á seljakirkja.is og allar frekari upplýsingar má fá hjá sóknarpresti olafur.borgthorsson@kirkjan.is.

Umsóknir skulu berast til seljakirkja@kirkjan.is.
Umsóknarfrestur er til 24. júlí.

ATVINNA

AÞ-Þrif leitar að einstaklingum í vinnu.

Einungis íslensku- eða enskumælandi einstaklingar koma til greina.

Ákjósanlegur aldur er 20–40 ára.
Gerðar eru kröfur um bílpróf og hreint sakavottorð.

Umsóknir sendist á
bjarki@ath-thrif.is merkt „Atvinna“

AÞ-ÞRIF
WWW.ATH-THRIF.IS
Skeiðarási 12
210 Garðabæ

Á matseðli í

júlí

BBQ grísarif með frönskum, hrásalati og sósu ~~1.295,-~~

Heitur matur er afgreiddur frá 11:30

995,-

© Inter IKEA Systems B.V. 2015

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®

Veðurspá

Fimmtudagur

Áfram norðaustlæg átt 3-10 m/s í dag og að mestu skýjað og þurrt, en nokkrir dropar munu þó falla allra syðst seinnipartinn. Hiti 7 til 16 stig, hlýjast suðvestan til.



Föstudagur			Laugardagur		
Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
13°	8°	9°	12°	5°	3°
↘5	↙5	↓5	↙7	↙9	↘5
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
9°	11°	7°	5°	12°	3°
↓4	↖4	↙7	↘7	↖3	↓7

KROSSGÁTA



LÁRÉTT
2. hyski, **6.** kusk, **8.** árkvíslir, **9.** kraftur, **11.** frá, **12.** helgitákn, **14.** tregða, **16.** rás, **17.** svívirðing, **18.** niður, **20.** karlkyn, **21.** nabbi.

LÓÐRÉTT
1. íþrótt, **3.** Í röð, **4.** sígild list, **5.** kóf, **7.** fáfróður, **10.** hrós, **13.** sjón, **15.** æfa, **16.** egna, **19.** tveir eins.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. pakk, **6.** ió, **8.** ála, **9.** afl, **11.** af, **12.** kross, **14.** öfýsi, **16.** æð, **17.** níð, **18.** suð, **20.** kk, **21.** arða.
LÓÐRÉTT: 1. blak, **3.** aá, **4.** klassík, **5.** kaf, **7.** öfróður, **10.** lof, **13.** sýn, **15.** iðka, **16.** æsa, **19.** ðð.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Alexandre Danin hafði hvítt gegn Mikhail Simantsev í móti í Prag fyrr á árinu.

1. Hxg5! Dxg5 2. De4! Svartur gafst upp enda tapar hann liði. Íslendingar eru töluvert að tefla erlendis þessa dagana.

www.skak.is: Heimsmeistarinn væntanlegur!

Hvítur á leik

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SUDOKU

LÉTT

1			7	2				
	8	5			6			
6	4				3			
		4	9		8			3
		9		7		4		
7	1			4	5		6	
			5			6		2
	3		6				9	
						7		

MIÐLUNGS

	4	8					6	
					1		7	5
5			2		3		8	4
		5		4		1		
1			8		5			3
	7	4					9	
	9	6	5					
					8			
			9	2				

PUNG

3			6					
4	8		1		9	5		
5	6			3		4		1
			3		2	8		
		3			7	6	4	
9	2		4					
1					3		7	
7		5	8					3

4	7	5	1	2	6	9	3	8
9	6	8	5	3	4	1	7	2
1	2	3	7	8	9	4	5	6
5	4	6	3	7	2	8	9	1
8	1	7	9	4	5	6	2	3
2	3	9	6	1	8	5	4	7
3	9	1	8	5	7	2	6	4
6	8	4	2	9	3	7	1	5
7	5	2	4	6	1	3	8	9

4	9	7	6	3	1	8	5	2
2	5	6	4	7	8	1	9	3
8	1	3	5	9	2	4	6	7
5	4	2	3	1	7	6	8	9
3	6	9	8	2	4	5	7	1
1	7	8	9	5	6	2	3	4
6	3	5	1	4	9	7	2	8
9	2	1	7	8	5	3	4	6
7	8	4	2	6	3	9	1	5

5	7	1	6	4	2	9	8	3
2	6	8	3	5	9	4	7	1
9	3	4	8	1	7	6	5	2
7	4	5	1	2	8	3	6	9
6	8	9	4	7	3	2	1	5
1	2	3	5	9	6	7	4	8
8	1	6	9	3	4	5	2	7
3	5	2	7	6	1	8	9	4
4	9	7	2	8	5	1	3	6

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

ÓDÝR SJÓNVÖRP



32"

UNITED LED32X16T2

- Einfalt og gott 32" sjónvarp
- 1366x768 punkta HD upplausn
- Progressive Scan
- Stafrænn DVB-T2+C móttakari
- USB margmiðlunartengi sem styður DivX, MKV, MP3 og JPEG
- 3 x HDMI, Scart, CI kortarauf, S-video, Coax, PC, heyrnartóls- og RCA tengi

TILBOÐ

39.990

FULLT VERÐ **49.990**

40"

UNITED LED40X16T2

- Einfalt og gott 40" sjónvarp
- Háskerpu 1920x1080 punkta FHD upplausn
- Progressive Scan
- Stafrænn DVB-T2+C móttakari
- USB margmiðlunartengi sem styður DivX, MKV, MP3 og JPEG
- 3 x HDMI, Scart, CI kortarauf, S-video, Coax, PC, heyrnartóls- og RCA tengi

TILBOÐ

59.990

FULLT VERÐ **69.990**

Sjónvarpsmiðstöðin

UNITED

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

MENNING

Franskt, þýskt og íslenskt efni

Guðný Einarsdóttir heldur orgeltónleika í Hallgrímskirkju í hádeginu í dag. Þar hljóma verk þriggja meistara sem fæddir voru hver á sinni öld.

„Þetta er blandað prógramm, frönsk, þýsk og íslensk tónlist frá ýmsum tímum, allt frá 17. öld og fram á okkar daga," segir Guðný Einarsdóttir organisti um verkin sem hún leikur á hádegistónleikunum í Hallgrímskirkju í dag, 16. júlí. Þar á hún við Magnificat eftir Matthias Weckmann, Prélude, fugue et variation eftir César Franck og Tokkötu eftir Jón Nordal.

Hún segir ekkert erfitt að æfa stór orgelverk þótt sólin skíni úti. „Ég reyni að blanda saman útivist og æfingunum," segir hún glaðlega. „Hjólaði til dæmis í morgun úr Mosfellsbænum niður í Hallgrímskirkju til að njóta sólar og fylla lungun af lofti."

Tónleikarnir eru hluti af Alþjóðlegu orgelsumri í Hallgrímskirkju 2015. Þeir hefjast klukkan 12 á hádegi og miðaverð er 2.000 krónur. - gun

ORGANISTINN Guðný hefur starfað við Fella- og Hólakirkju í nokkur ár en færir sig yfir í Hjallakirkju 1. september. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SKÁLHOLT Sumartónleikar í Skálholti fara fram í einstöku umhverfi og eru skemmtilegur hluti af íslenska tónlistarárinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tónskáld og morðingi geldings

TÓNLIST ★★★★☆

Sumartónleikar í Skálholti
Elfa Rún Kristinsdóttir og Elina Albach fluttu blandaða dagskrá á Sumartónleikum í Skálholti.
LAUGARDAGINN 11. JÚLÍ.

Sagt er að tónskáldið G. A. Pandolfi Mealli hafi drepið gelding. Geldingar voru fyrirferðarmiklir í tónlistarlífinu á sautjándu öldinni. Þá þótti fínt að vera góður söngvari með engin eistu. Til fróðleiks má geta að örlítil prósenta karlmanna verður aldrei kynþroska. Þeir eru kallaðir náttúrulegir geldingar. Einn slíkur er söngvari sem heitir Radu Marian. Frábært sýnishorn með söng hans má finna á YouTube undir heitinu „Radu Marian, Händel, Lascia Ch'io Pianga". Röddin er furðuleg, hún er sópran, en samt allt öðruvísi en konu- eða barnarödd. Hún gefur manni hugmynd um hvernig geldingar fyrri alda hljómuðu.

Aftur að Mealli. Hann stakk af frá ódæðinu og flúði til Frakklands og svo til Spánar, þar sem hann fékk fína stöðu. Eiginlega ekkert eftir hann hefur varðveist, nema sónötur fyrir fiðlu og sembal. Það er mikil synd, því ef marka má það sem Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari og Elina Albach semballeikari fluttu í Skálholti á laugardaginn, þá var Mealli frábært tónskáld. Tónlistin hans er fallega dreymandi, það er frelsi yfir henni, frumleiki sem maður á ekki að venjast frá þessu tímabili tónlistarsögunnar.

Elfa Rún og Albach léku þrjár sónötur eftir tónskáldið. Semballeikurinn var frábær, tær og skýr, jafn og yfirvegaður. Fiðluleikurinn var líka magnaður, en þó mátti finna að nokkuð sárum tón. Ef til vill var hljóðfærinu sjálfu þar um að kenna. En öll hlaup voru nákvæm og andrúmsloftið í túlkuninni var sannfærandi, fullt af innlifun og andakt, en líka fjöri þegar við átti.

Fleira en tónlist morðingjans var á dagskránni á tónleikunum. Örstutt einleiksverk fyrir fiðlu eftir Salvatore Sciarrino (f. 1947) var fallega spilað. Traumverk nr. 2 og 5 úr bók II eftir James Dillon (f. 1950) voru jafnframt grípandi. Leikurinn var einbeittur og þráhyggjukenndur, kraftmikill og lifandi. Tvær sónötur eftir Bach (BWV 1015 og 1023) voru einnig flottar, og Continuum fyrir orgel eftir Ligeti var skemmtilegur inngangur að þeirri síðari.

Tónleikarnir voru sniðuglega samsettir. Samtímatónsmíðarnar og gömlu verkin eftir Mealli og Bach mynduðu áhrifamiklar andstæður. Hástemmd fegurð barokktímabilsins var enn meira hrífandi við hliðina á hrjúfri nútímatónlistinni. Myrkrið þar var sömuleiðis enn þá kröftugra við hliðina á ljósinu úr fortíðinni. Meira svona, takk. Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Glæsilegur flutningur

Viltu vita hvað eignin þín hefur hækkað í verði ?

Frítt verðmat og framúrskarandi þjónusta í þína þágu.

Kristján Þ. Hauksson
Sölufulltrúi.
696 1122
kristjan@fastlind.is

Þórunn Gísladóttir
Löggiltur fasteignasali.
510 7900
www.fastlind.is

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

SKÁLDIÐ „Inn á milli lendir maður í ljóðum sem tengjast ekkert norðurleiðinni og gleymir sér," segir Eyþór. FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR GUÐJÓNSSON

Sá fyrir mér rútuferð

Norður nefnist nýlega útkomin ljóðabók eftir Eyþór Árnason, sviðsstjóra í Hörpu. Þegar hringt er í hann til að spjalla um bókina er hann auðvitað kominn norður.

„Ég er, skal ég segja þér, á leiðinni inn í Hljóðakletta. Var í Skagafirði um helgina og hélt svo áfram norður í Þingeyjarsýslu. Blönduhlíð í Skagafirði er sveitin mín, ég er frá bænum Uppsölum í Blönduhlíð," segir Eyþór Árnason sviðsstjóri glaðlega. Eru allir Skagfirðingar skáld? spyr ég því Eyþór er nýbúinn að gefa út þriðju ljóðabókina sína, Norður. „Já, eigum við ekki að segja það. Þeir eru nú kannski ekki alveg allir hrifnir af ljóðunum mínum, því þau eru órímuð," svarar hann hlæjandi.

Nýju bókina tileinkar Eyþór foreldrum sínum. „Titillinn Norður vísar til þess að ég átti nokkur sjoppuljóð um gamla og nýja áfangastaði á leiðinni norður í land. Þá fór ég að sjá fyrir mér rútuferð. Olíustöðin og Ferstikla í Hvalfirði fá sitt ljóðið hvor, líka Hreðavatnsskáli, Brú og bæði gamli og nýi Staðarskáli. Meira að segja sjoppan hans Lindemanns í Varmahlíð. En inn á milli lendir maður í ljóðum sem tengjast ekkert norðurleiðinni og gleymir sér þar til maður er allt í einu staddur í Víðihlíð! Bókin byrjar í Reykjavík og átti að enda í Skagafirði en ég lauma líka smá inn um Þingeyjarsýslur, enda var móðir mín þaðan."

> **Titillinn Norður vísar til þess að ég átti nokkur sjoppuljóð um gamla og nýja áfangastaði á leiðinni norður í land.**

Eyþór er titlaður leikari í símaskránni. „Ég útskrifaðist sem leikari 1983, setti titilinn í símaskrána og beið eftir frægð og frama, svo hef ég bara ekki nennt að breyta þessu," útskýrir Eyþór, sem átti langan feril að baki sem sviðsstjóri hjá Stöð 2 þegar hann réð sig í Hörpu við opnun hennar.

Fyrri bækur Eyþórs eru Hundgá úr annarri sveit, sem kom út 2009 og hann hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir og Svo kom ég aftur úr ágústmyrkrinu, en hún kom út 2011.

Spurður hvort hann vilji velja ljóð úr nýju bókinni til birtingar afbiður Eyþór sér það. „Ég er alveg búinn að sleppa tökum á þessu efni. Sonur minn segir að Næturljóð sé best – ég hef ekkert vit á þessu."

Þar með leyfum við skáldinu að halda áfram för og skoða Hljóðakletta. gun@frettabladid.is

Blönduós 1

Bílstjórinn
ryður út pökkum
með hjöruliðskrossum
og hlaupastelpum

Álengdar á planinu
bíður skjálfandi veiðimaður
eftir manndrápsspúnaboxinu
því hér duga engin
vettlingatök við tröllin

Síðan mætir
sjálfur Skugga-Sveinn
í flekkóttu gærunni,
hristir nýhvesstan atgeirinn
og selur lúnum rútuferðalöngum
ilmandi birkihnífa

smjörklípuhnífana góðu
sem allir verða að eiga

en Ásta í Dal
brýnir ástríðurnar meðan
Haraldur nálgast
á ölöglegum hraða

MEGATILBOÐ

Ótrúlega flott úrval af pizzum á frábæru verði

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast. Í tilboðinu 5 fyrir 4 er ódýrasta pizzan frí.



Borgaðu með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró.
Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að **14 daga vaxtalausan greiðslufrest.**
Skráðu þig á **www.netgiro.is**

Netgíró
Betri leið til að borga

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

TÖFF TRÍÓ Hljómsveitin Skarkali kemur fram á tónleikum í Hannesarholti í kvöld. MYND/AÐSEND

Ætla að útskýra öll lögin mjög vel

Hljómsveitin Skarkali fagnar útgáfu frumburðarins í kvöld í Hannesarholti.

„Það er mikil tilhlökkun innan sveitarinnar. Ég mun útskýra öll lögin mjög vel þar sem að þetta eru jú útgáfutónleikar," segir Ingi Bjarni Skúlason, píanóleikari hljómsveitarinnar Skarkala.

Sveitin hefur gefið út sína fyrstu plötu og heitir hún einfaldlega Skarkali og verður útgáfunni fagnað með tónleikum í Hannesarholti í Reykjavík.

Auk Inga Bjarna skipa sveitina bassaleikarinn Valdimar Olgeirsson og trommuleikarinn Óskar Kjartansson. Hljómsveitin var stofnuð árið 2013. Áður hafa liðsmenn spilað saman í mörgum hópum við hin ýmsu tilefni eftir að hafa kynnst í Tónlistarskóla FÍH.

„Platan var tekin upp á tveimur dögum í Amsterdam, þetta gekk nokkuð vel. Auðvitað er maður stundum ekki með sjálfum sér í hljóðverinu en þetta hljómar mjög vel og við erum mjög sáttir við plötuna," segir Ingi Bjarni spurður út í plötuna.

Á disknum eru níu frumsamin lög í fjölbreyttum djass-útsetningum.

Upptökur fóru fram í Amsterdam í febrúar síðastliðnum þar sem tveir meðlima tríósins stunda tónlistarnám í Hollandi.

Skarkali hefur tvisvar komið fram á Jazzhátíð Reykjavíkur auk þess sem tríóið tók þátt fyrir Íslands hönd í Young Nordic Jazz Comets árið 2013 í Noregi. Sumarið 2014 ferðaðist tríóið til Færeyja og hélt þar fjóra tónleika sem voru hluti af tónleikaröðinni Summartónar.

Útgáfa nýju plötunnar er styrkt af Hljóðritasjóði STEF, Menningarsjóði F.Í.H og Tónskáldasjóði Rásar 2.

> **Platan var tekin upp á tveimur dögum í Amsterdam, þetta gekk nokkuð vel. Auðvitað er maður stundum ekki með sjálfum sér í hljóðverinu en þetta hljómar mjög vel og við erum mjög sáttir við plötuna.**

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 20.30 og að þeim loknum gefst tónleikagestum kostur á að kaupa plötuna á sérstöku tónleikaverði. Skarkali kemur fram á fleiri tónleikum í sumar og verður til að mynda á Ísafirði næsta þriðjudag.

- glp

FIMMTUDAGUR

SIRKUS ÍSLANDS

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Gjörningar

16.00 Vængjasláttur, lokahátíð Listhópa og Götuleikhúss Hins hússins fer fram í dag á göngugötunni á Laugavegi frá klukkan 16.00 til 18.00. Allir velkomnir.

16.00 Sirkus Íslands verður á Húnavöku á Blönduósi sem hefst í dag, og stendur alla helgina. Verða þrjár sýningar í boði en um ræðir fjölskyldusýninguna Heima er best, krakkasýninguna S.I.R.K.U.S. og fullorðinskabarettinn Skinnsemi. Miðaverð 3.500 krónur. Hvar: Sirkustjaldinu Jöklu á Blönduósi.

Leiklist

14.00 Söguleg gamansýning, Let's Talk Arctic. Farið yfir sögu Íslands með gamansemina að vopni. Hvar: Menningarsetrið Hof, Akureyri. Aðgangseyrir 2.900 krónur.

Opnanir

12.00 Annar hluti er sýning á svarthvítum ljósmyndum Dags Gunnarssonar, Á förnum vegi, verður opnuð í dag. Hvar: Grófarhúsinu Tryggvagötu.

Sýningar

17.00 Soffía Sæmundsdóttir og Heike Liss opna sýninguna Wish you were here. Sýningin er örsýning og póstkorta prójekt málarans Soffíu Sæmundsdóttur og fjöltæknilistakonunnar Heike Liss sem kynntust á námsárum sínum í Kaliforníu. Hvar: Grafíksalnum Hafnarhúsinu, Tryggvagötu 17, hafnarmegin.

Uppákomur

17.30 Június Meyvant ætlar að spila fyrir gesti og gangandi í 12 Tónum við Skólavörðustíg í dag. Allir hjartanlega velkomnir.

21.30 Ljóðakvöld verður haldið á Gauknum í kvöld. Allir velkomnir.

Uppistand

22.00 Tilraunauppistand á Rokkbarnum í Hafnarfirði í kvöld. Hér fá óreyndir að prófa sig áfram og reynsluboltar geta prófað nýtt efni. Aðgangur ókeypis.

Tónlist

12.00 Guðný Einarsdóttir heldur orgeltónleika í Hallgrímskirkju, en tónleikarnir eru hluti af Alþjóðlegu orgelsumri í Hallgrímskirkju 2015. Á efnisskrá tónleikanna eru Magnificat eftir Matthias Weckmann, Prélude, fugue et variation eftir César Franck og Tokkata eftir Jón Nordal. Miðaverð 2.000 krónur. Hvar: Hallgrímskirkju.

19.30 Í kvöld leiðir Elfa Rún Kristinsdóttir Barokkbandið Brák á sínum fyrstu tónleikum. Frumflutt verður nýtt verk eftir staðartónskáld Sumartónleika í Skálholti, Finn Karlsson, leikin verða kammer- og hljómsveitarverk eftir Rameau, de la Guerre og Muffat ásamt splunkunýjum útsetningum Gregoire Simon á Les Dominos eftir Couperin. Hvar:Skálholti.

20.00 DJ Lazybones mun skemmta gestum Boston í kvöld. Aðgangur ókeypis.

20.00 Anna Jónsdóttir sópran mun í dag halda áttundu tónleikana í tónleikaröðinni „Uppi og niðri og þar í miðju" í Stefánshelli í Borgarfirði í kvöld. Aðgangur er ókeypis en frjáls framlög vel þegin.

20.00 Arnljótur leikur fyrir gesti og gangandi á Hlemm Square í kvöld. Aðgangur ókeypis.

20.30 Útgáfutónleikar Skarkala tríós verða haldnir í kvöld, og því spilað efni af nýju plötunni. Hvar: Hannesarholt, Grundarstíg 10.

21.00 DJ Introbeats þeytir skífum á Prikinu í kvöld. Aðgangur ókeypis.

22.00 Magnús R. Einarsson, Karl Pétur Smith og Tómas Magnús Tómasson halda tónleika á Ob-La-Dí-ObLa-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur ókeypis.

Leiðsögn

20.00 Helgi Máni Sigurðsson sagnfræðingur mun í kvöld leiða áhugaverða göngu í Öskjuhlíð þar sem sagt verður frá ýmsum minjum sem þar er að finna. Skoðaðar stríðsminjar frá 1939-1945. Lagt verður af stað frá inngangi í Perluna og gangan hentar öllum. Aðgangur ókeypis.

Listamannaspjall

16.00 Listamannaspjall með myndlistarkonunni Ástu Óladóttur. Mun hún sýna gvassmyndir, og að sjálfsögðu verður Gallerí Gestur (Ferðagallerí í tösku) einnig á staðnum. Hvar: Iðnó.

Samkoma

20.00 Spilakvöld hjá Spilavinum. Spiluð verða alls konar borðspil og fullorðnir, og börn eldri en tólf ára í fylgd með fullorðnum eru velkomin. Hvar: Spilavinir, Bláu húsunum við Faxafen.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.

Á FÖRNUM VEGI

LITRÍKT AUGNABLIK

THE GORGEOUS COLOURING BOOK FOR GROWN-UPS
2.499.-

The Gorgeous COLOURING BOOK FOR GROWN-UPS

art THERAPY AN ANTI-STRESS COLOURING BOOK

ART THERAPY ANTI- STRESS COLOURING BOOK
3.999.-

The MINDFULNESS COLOURING BOOK
art therapy for busy people
Emma Farrarons

THE MINDFULNESS COLOURING BOOK
2.499.-

ENCHANTED FOREST COLOURING BOOK
2.999.-

Johanna Basford
Enchanted Forest
An Inky Quest & Coloring Book

STAEDTLER
GÆÐA TÚSSLITIR
339.-
STK.

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Auglýsingin er birt með fyrirvara um villur og myndabrengl. Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum.

AFMÆLISBARN DAGSINS

27 ára AnnaLynne McCord, leikkona, leikstjóri, handritshöfundur og fyrrverandi fyrirsæta

Þekktust fyrir: Nip/Tuc, 90210 og Excision

BÍÓFRÉTTIR

Skósveinar slá Aulann út

Teiknimyndin Minions, eða Skósveinarnir eins og hún kallast á okkar ylhýra, fékk gríðarlega góðar viðtökur í kvikmyndahúsum vestanhafs um frumsýningarhelgina og sópaði inn rúmum hundrað og fimmtán milljónum Bandaríkjadala. Þar með slær hún út, Despicable Me, þar sem Minions komu fyrst fram á hvíta tjaldinu. Sú mynd átti miklum vinsældum að fagna, en hún halaði inn rúmar fimmtíu og sex milljónir dala.

FRUMSÝNINGAR

Ant-Man 3D

Hasar- og Sci-Fi mynd

Helstu leikarar: Paul Rudd, Michael Douglas og Corey Stoll.
Frumsýnd 16. júlí

IMDb 8/10 Rotten Tomatoes 73%

Paper Towns

Rómantísk gamanmynd

Helstu leikarar: Cara Delevingne, Halston Sage, Nat Wolff
Frumsýnd 22. júlí

IMDb 7.3/10

André Rieu á tónleikum í Maastricht 2015

Söngur og dans

André nýtur stuðnings Johann Strauss Orchestra. Að auki koma við sögu frægir tenórar.

Tuttugu ára afmæli Batman Forever

Leðurblökumaðurinn barðist við ófétin Two Face og The Riddler í myndinni, en innan leikarahópsins logaði allt í ósætti og veseni.

Í ár eru liðin tuttugu ár frá því að kvikmyndin Batman Forever leit dagsins ljós. Leikstjóri myndarinnar er Joel Schumacher, en hann leikstýrði svo Batman & Robin sem kom út árið 1997, eða tveimur árum á eftir Batman Forever. Val Kilmer tók að sér hlutverk Leðurblökumannsins, en hann fetaði þar í fótspor Lewis G. Wilson, Roberts Lowrey, Adams West og Michaels Keaton.

Þá leika þau Nichole Kidman, Jim Carrey, Drew Barrimore, Tommy Lee Jones, Chris O'Donnell og Michael Gough stórar rullur í myndinni.

Í tilefni tvítugsafmælisins er kjörið að grípa í nokkra mola um myndina og það sem gerðist að tjaldabaki.

BATMAN, JÁ TAKK! Þegar Joel Schumacher var valinn til að leikstýra myndinni vildi Michael Keaton ekki halda áfram sem Batman. Hann valdi því Val Kilmer, sem greip gæsina strax og samþykkti að leika í myndinni áður en hann las handritið.

HELVÍITIÐ HANN CARREY Tommy Lee Jones samþykkti að leika skúrkinn Two Face, þar sem sonur hans, þá ellefu ára gamall, hafði sérstakt dálæti á þeim karakter. Hann hefur líklega bölvað honum á einhvern tímann, því Two Face og The Riddler sem Jim Carrey lék, voru mikið samtvinnaðir í myndinni, en Carrey sagði síðar frá því að Jones hefði hatað sig innilega og verið duglegur við að láta hann vita af því á meðan á tökum stóð.

ALVÖRU ROKK Írsku ofurtöffararnir í U2 voru beðnir um að birtast í myndinni þar sem þeir myndu flytja lag í einu atriðinu. Þeir bættu um betur og sömdu titillag myndarinnar, 'Hold Me, Thrill Me, Kiss Me, Kill Me'. Náði lagið gríðarlegum vinsældum og nældi sér til að mynda í fyrsta sæti Billboard Album Rock Tracks. Bono, söngvari sveitarinnar, lýsti laginu á þann hátt að það endurspeglaði hvað virkilega þýddi að vera í rokkhljómsveit.

SKELFILEGUR BÚNINGUR Kilmer kvartaði mikið undan búningnum og sagði nær ómögulegt að heyra nokkuð í honum og alveg útilokað að bregða sér á klósettið. Hann sagði jafnframt að það hefði farið í skapið á sér. Kannski það útskýri stemninguna á settinu samkvæmt Schumacher.

BATMAN OG ROBIN Þóttu félagarnir standa sig vel, en Val kilmer átti ekki afturkvæmt í gallann.

UPPFÆRÐUR DOKTOR Nicole Kidman fór með hlutverk hinnar töfrandi og eiturkláru Dr. Chase Meridian, en hún fetaði þar í fótspor Rene Russo sem fram til þessa hafði leikið hana. Þótti Russo orðin of gömul fyrir hlutverkið, og var því skipt út.

TAKIÐ MIG ALVARLEGA Þegar Drew Barrymore lék Sugar, hjálparhellu Two Face, var hún í óðaönn við að hrista af sér barnastjörnustimpilinn sem festist við hana eftir kvikmyndina um geimveruna ET. Þótti henni takast ágætlega til, en Sugar var áberandi kynþokkafullur karakter.

SNOOP DOGG

LIVE DJ SET

DJ SNOOPADELIC

FIMMTUDAGSKVÖLDIÐ 16. JÚLÍ

LAUGARDALSHÖLL • 19:00 - 01:00

BLAZ ROCA | ÚLFUR ÚLFUR

SHADES OF REYKJAVÍK | KSF & ALVIA

[WITH SECRET ACTS] + LEYNIGESTIR

DJ OF THE NIGHT • DJ BENNI B-RUFF

TICKET SALE	MIÐASALA Á MIÐI.IS	TICKET PRICE	MIÐAVERÐ 8.990

CRABBIE'S

NORDIC EVENTS

THULE

LÍFIÐ

FRÆGIR Í NÆRMYND **WILL FERRELL**

NAFN: **John William Ferrell**

LISTAMANNSNAFN: **Will Ferrell**

STAÐUR: **Irvine, Kalifornía, Bandaríkjunum**

FÆÐINGARDAGUR: **16. júlí 1967**

Afmælisbarn dagsins er enginn annar en bandaríski gamanleikarinn Will Ferrell en talið er að hann sé staddur hér á landi um þessar mundir. Will er einn vinsælasti leikarinn í Hollywood í dag og hefur hann gert þónokkrar myndir ódauðlegar enda engum líkur þegar það kemur að gríninu. Ferillinn hans fór á flug á tíunda áratugnum þegar hann var ráðinn sem leikarinn í þáttunum Saturday Night Life en það hefur verið stökkpallur fyrir fjölmarga leikara á borð við Tinu Fey, Amy Poehler og Andy Samberg.

Nokkrar af vinsælustu kvikmyndum Ferrells eru Anchorman, Talladega Nights, Stepbrothers og The Other Guys en þær hafa allar slegið í gegn og túlkun hans á karakterunum hittir alltaf í mark. Hann er flokkaður í hóp sem kallast „frat pack“ en það eru gamanleikarar sem að urðu vinsælir í lok seinustu aldar. Aðrir í hópnum eru Ben Stiller, Owen Wilson, Steve Carrell og Jack Black.

Will giftist fyrirsætunni Viveca Paulin árið 2000 og eiga þau saman þrjú börn. Fjölskyldan heldur sig að mestu utan sviðsljóssins og er lítið vitað um einkalíf hennar. Fjölskyldan býr til skiptis í New York og Orange County í Kalifornía. Ásamt því að vera leikari hefur Ferrell framleitt og skrifað kvikmyndir.

Í KARAKTER Hér sést Ferrell í hlutverki Rons Burgundy í myndinni Anchorman. NORDICPHOTOS/GETTY

Fækkar fötum fyrir vefmyndavél

Kvikmyndin Webcam var forsýnd í Smárabíói á þriðjudag en hún fjallar um unglingsstúlku sem fækkar fötum fyrir framan vefmyndavél. Leikstjóri og handritshöfundur myndarinnar er Sigurður Anton Friðþjófsson og með aðalhlutverk fara þau Anna Hafþórsdóttir og Telma Huld Jóhannesdóttir, Júlí Heiðar Halldórsson, Ævar Már Ágústsson, Gunnar Helgason og Guðmundur Snorri Sigurðarson.

Í STUÐI Andri og Írena kíktu á Webcam í Smárabíói síðastliðið þriðjudagskvöld.

ÁNÆGÐ Hér má sjá leikara og aðstandendur myndarinnar, þau Telmu Huld, Elmar, Guðmund, Júlí Heiðar, Ævar Má, Magnús, Önnu, Aron Braga og leikstjórann Sigurð Anton.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

GÓÐUR HÓPUR Þau Sóley, Þórey, Hákon, Ebba Katrín og Klara létu sig ekki vanta í Smárabíó.

Í GÓÐUM GÍR Þessi hressi hópur mætti á forsýninguna en myndin var frumsýnd í gærkvöldi.

HRESSAR Sandra, Arnrún og Bylgja voru á svæðinu en myndin fjallar um unga stúlku sem fækkar fötum fyrir framan vefmyndavél.

FLOTTIR Þeir Elmar, Guðmundur og Haukur virtust vera í bananastuði á þriðjudagskvöldi.

SAMSUNG

48" & 55"
Vinsælustu stærðirnar

Bein eða bogin - þín upplifun

Bestu verðin

Samsung H5005
48" : 139.900.-

Samsung H6475
55" 249.900.-

Samsung JU6675
48" : 239.900.-

Samsung JU6415
48" : 249.900.-

Samsung JU6675
55" 319.900.-

Samsung JU7005
55" 389.900.-

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	**ORMSSON** ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	**KS** SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	**SR BYGG** SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	**ORMSSON** AKUREYRI SÍMI 461 5000	**ORMSSON** HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	**ORMSSON** VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	**ORMSSON** PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	**ORMSSON** ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	**GEISLI** VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	**TÆKNIBORG** BORGARNESI SÍMI 422 2211	**OMNIS** AKRANESI SÍMI 433 0300





LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
ANT-MAN 3D	5, 8, 10:30(P)
SKÓSVEINARNIR 2D	2, 4, 6
SKÓSVEINARNIR 3D	2, 4
MINIONS - ENS TAL 2D	6, 8, 10
TED 2	10:35
JURASSIC WORLD 2D	8
INSIDE OUT 2D	2



Hárskrautið handgerðar söngtifur

Katrín Sif Jónsdóttir fór með teymi frá Kevin Murphy á Haute couture-tískuvikuna í París og greiddi fyrirsætum fyrir sýningu Bowie Wong.

Hárgreiðslukonan Katrín Sif Jónsdóttir tók í síðustu viku þátt í því að greiða fyrir sýningu Bowie Wong á Haute couture-sýningu hans sem er hluti af Paris Fashion Week. Aðaltískuvikan í París fer fram í september næstkomandi en Haute couture-sýningarnar eru haldnar fyrr.

Katrín hefur áður tekið þátt í að greiða fyrir tískuviku þó þetta sé að hennar sögn sú stærsta sem hún hefur tekið þátt í. „Ég hef farið tvisvar á tískuvikuna í Prag í gegnum Kevin Murphy sem er áströlsk hársnyrtivara," segir Katrín, sem er partur af Kevin Murphy-teyminu.

Katrín fór með teyminu á tískuvikuna í Prag og var þar beðin um að vera einnig í teyminu á Haute couture-sýningunni í París og segist hlæjandi hafa verið fljót að svara þeirri bón játandi.

Hún segir upplifunina í París talsvert ólíka þeirri í Prag. „Í París eru mörg hús að sýna í einu, þetta er miklu meiri nákvæmnisvinna og miklu meiri tími sem fer í hvern og einn hönnuð. Allt þarf að vera alveg fullkomið," segir Katrín en hver hönnuður er með sitt hárgreiðsluteymi.

Greiðslan sem gerð var fyrir sýninguna ber nafnið Cicada og er hönnuð af Masimo More og innblásin af samnefndu skordýri og gerði Bowie Wong handgerðar söngtifur sem settar voru í hár fyrirsætnanna fyrir sýninguna.

Katrín var alsæl með að hafa komist út til Parísar og að hennar sögn hefur hana alltaf dreymt um að taka þátt í tískuvikum. „Ég fór í fyrsta skipti á tískuvikuna í Prag fyrir þremur árum og var alveg þrjú ár fyrir það að koma mér upp tengiliðum og komast að því hvernig ég kæmist út," segir Katrín.

BJALLAN Hér má sjá handgerðar söngtifur sem settar voru í hár fyrirsætnanna. NORDICPHOTOS/GETTY

NÓG AÐ GERA Það var allt á fullu fyrir sýninguna og Katrín segir gaman að hafa fengið að taka þátt. MYND/KATRÍNSIF

ALSÆL Katrín Sif var ánægð með það að fá tækifæri til þess að greiða á Paris Fashion Week. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRIMARINÓ

> **Það var alltaf draumurinn. Ég er búin að vera að gera hár síðan ég var svona tíu ára.**

Hún útskrifaðist sem hárgreiðslukona árið 2009 og stofnaði stofuna Sprey í kjölfar útskriftar og segist hafa stefnt ómeðvitað á að verða hárgreiðslukona frá unga aldri. „Það var alltaf draumurinn. Ég er búin að vera að gera hár síðan ég var svona tíu ára."

Katrín vonast til að verkefnið muni opna henni fleiri dyr og segir gott að vera búin að skipa sér fastan sess í teyminu og að fólk sé farið að þekkja vinnubrögð hennar.

gydaloa@frettabladid.is

Kom á óvart hversu margar konur leikstýra myndböndum

Grúska Babúska gaf út sína fyrstu plötu á USB-lykili og gefur nú út fimm nýjar smáskífur á þessu ári. Hljómsveitina skipa fimm tónlistarkonur sem dreymdi um að stofna hljómsveit. Smáskífunum fylgja tónlistarmyndbönd sem leikstýrt er af konum.

Hljómsveitin Grúska Babúska vakti eftirtekt þegar hún gaf út sína fyrstu plötu árið 2013 á USB-lykli með útlit babúsku.

Hljómsveitin var stofnuð árið 2012 og segir Harpa Fönn Sigurjónsdóttir, einn meðlima, þær koma úr ólíkum áttum en allar hafa átt sameiginlegan draum um að stofna hljómsveit og vinna þær nú að því að gefa út nýtt efni.

Lögin sem gefin verða út í ár eru fimm talsins og verða þau öll gefin út sem smáskífur ásamt myndbandsverkum eftir ólíka leikstjóra sem allir eiga það sameiginlegt að vera kvenkyns.

„Það var eiginlega hálf óvart, fyrsta myndbandið sem við gerðum unnum við með konu og líka número tvö og það gekk svo vel," segir hún glöð í bragði og heldur áfram: „Þegar maður fer að leita að leikstjóra á Íslandi detta manni fyrst í hug karlmenn. Konurnar eru kannski ekki með eins tækifæri þar og við fórum að skoða hvaða konur væru að leikstýra tónlistarmyndböndum og það var bara heill hellingur þegar maður fór að skoða og það var rosalega gaman."

> **Konurnar eru kannski ekki með eins tækifæri þar og við fórum að skoða svona hvaða konur voru að leikstýra tónlistarmyndböndum og það var bara heill hellingur þegar maður fór að skoða og það var rosalega gaman.**

Meðlimir hljómsveitarinnar eru fimm talsins, þær Harpa Fönn Sigurjónsdóttir hljómborðsleikari, Arndís Anna Kristínar- og Gunnarsdóttir flautuleikari, Dísa Hreiðarsdóttir trommuleikari, Guðrún Birna La Sage de Fontenay gítarleikari og Björk Viggósdóttir, synþa-leikari.

Í dag verður myndband við lagið Fram frumsýnt á Vísi en myndbandinu er leikstýrt af Björk Viggósdóttur sem í kringum samvinnuna varð meðlimur í hljómsveitinni. - glö

HRESSAR Hljómsveitin Grúska Babúska hefur verið starfandi frá árinu 2012. MYND/MATTEISMAN

SUMAR SMELLIR

ÚRVALIÐ ER Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUN LANDSINS

KOSS HEYRNARTÓL
HEYRNARTÓLIN SEM FÓLK HEFUR BEÐIÐ EFTIR ERU LENT! FRÁBÆR HEYRNARTÓL MEÐ KRISTALTÆRUM HLJÓMI!
HEARING IS BELIEVING!

CLASSIC

PORTAPRO
ÓBREYTT FRÁ ÁRINU 1984!

Ein vinsælustu heyrnartól í heimi sem staðist hafa tímans tönn og verið framleidd óbreytt frá árinu 1984. Einstök fislétt hönnun með víðum kristaltærum hljóm og ríkum djúpum bassa.

- Fislétt Ultra-ferðaheyrnartól frá Koss
- Kristaltær 3D hljómur og þéttur bassi
- Oxygen-free copper og 15-25.000 Hz
- Opnir og þægilegir eyrnapúðar
- Stillanlegur þéttleiki á spöng
- Samanbrjótanleg fyrir fólk á ferðinni
- Fullkomin ferðapoki úr leðri fylgir!

9.990
MEÐ MIC OG SVARHNAPP 16.900

TILBOÐ
FLOTT SVÖRT EÐA HVÍT TASKA
2.990
AÐEINS Í JÚLÍ

ICONIA

A1-830
250% ÖFLUGRI!

- 8" IPS HD fjölsnertiskjár 1024x768
- Intel Dual Core Z2560 1.6GHz Turbo, 4xHT
- PowerVR SGX 544 Dual Core skjákjarni
- 16GB FLASH og allt að 64GB micro SD
- 300Mbps WiFi net, Bluetooth 3.0, GPS
- Li-Polymer rafhlaða allt að 7.5 tímar
- USB2 micro og microSD kortalesari
- Tvær HD vefmyndavélar 5MP og 2MP
- Android 4.2 og tilbúin fyrir 4.4 KitKat

29.900
NÝ OG ÖFLUGRI KYNSLÓÐ

SILICON BUMPER VARNARHLÍF
ROCK100 HEYRNARTÓL FYLGJA

MOBII P742

- 7" LED fjölsnertiskjár 1024x600
- Quad Core 1.3GHz ARM A7 örgjörvi
- Dual Core Mali 1080p 3D skjákjarni
- 8GB flash og allt að 32GB microSD
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- Li-Polymer rafhlaða allt að 5 tímar
- USB2 micro og Micro SD kortalesari
- Silicon varnarhlíf og ROCK 100 heyrnartól
- Android 4.4 stýrikerfi og fjöldi forrita

16.900
FRÁBÆR FYRIR KRAKKANA;)

NÝTT VAR AÐ LENDA
ÁBRENNT OG UPPLÝST ÍSLENSKT LETUR

ZERO
FYRIR ÞÁ KRÖFUHÖRÐUSTU

- Ducky Zero mekanískt lyklaborð
- Ábrennt og upplýst íslenskt letur
- Cherry MX Blue Clicky Switches
- Flýtitakkar fyrir allar helstu aðgerðir
- Full N-Key rollover fyrir leikina
- Þrískipt baklýsing með 8 birtustig
- Mjög þægilegt að skipta um takka
- Dual Layer PCB eykur líftíma

24.900
MAGNAÐ LEIKJALYKLABORÐ

KEMUR Í FJÖRUM LITUM!

1TB Slim
HÁGÆÐA FERÐAFLAKKARI

- Örsmár Seagate USB3.0 ferðaflakkari
- Einstaklega falleg Slim Metal hönnun
- Fær straum úr USB tengi
- Hugbúnaður fyrir PC, MAC og snjallsíma
- One-Click Plan afritunarhugbúnaður
- Örþunnur og fisléttur aðeins 150 gr.
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0

14.900
500GB EXP 9.990 | 2TB 19.900

1920x1080 FHD
ANTI-GLARE SKJÁR MEÐ BLUELIGHT SHIELD!

ASPIRE

E5-573G
NÝJASTA KYNSLÓÐ FARTÖLVA

Nýjasta kynslóð fartölva með Intel Broadwell, 15.6" FULL HD Anti-Glare skjá, 3x hraðara þráðlausu neti og 5x hraðari SSHD harðdisk.

- Intel Core i5-5200U 2.7GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 15.6" FHD LED Anti-Glare 1920x1080
- 2GB GeForce GTX 940M leikjaskjákort
- 2.0 TrueHarmony Wide Range hljóðkerfi
- 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.1, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD Skype vefmyndavél
- Windows 8.1 64-bit & Windows 10 Ready!

149.900
ÓTRÚLEGT KYNNINGARVERÐ!

50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM CLINGO FARSÍMA FESTINGUM Í JÚLÍ Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

Verð frá: **490**

FARSÍMAFESTINGAR

POINT OF VIEW **3.990**
2 LITIR

SELFÍ STÖNG

Hleður síma, spjaldtölvur og fleiri USB tæki
KLÆR FYRIR MISMUNANDI LÖND FYLGJA
HLEÐUR ALLT AÐ 4 TÆKI Í EINU

PRO 4 REV **4.990**

OFUR HLEÐSLUTÆKI

16GB AIR WIFI **69.900**
iPad Air 2
9.7" RETINA WiFi 16GB
89.900
ALGENGT VERÐ 99.990
10 ÞÚSUND LÆGRA VERÐ!
ALGENGT VERÐ 79.990

16GB iPad Air

OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

2011 - 2014 Framúrskarandi fyrirtæki

acer lenovo hp packard bell TOSHIBA Apple Microsoft intel

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

BÚIÐ SPIL Ólafur stýrði Víkingi í tæp fjögur ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

FÓTBOLTI

Ólafur rekinn frá Víkingi

Ólafi Þórðarsyni, öðrum þjálfara Víkings, var sagt upp í gær, en hann hefur þjálfað liðið í þrjú og hálft ár. Víkingar hafa aðeins unnið 1 af síðustu 10 leikjum sínum í Pepsi-deildinni og í þeim leik tók Ólafur út leikbann. Milos Milojevic verður einn þjálfari Víkings en hann var þjálfari við hlið Ólafs. Fyrsti leikurinn undir stjórn Milosar er gegn botnliði Keflavíkur á sunnudag.

SUND

Jón Margeir fékk silfur

Jón Margeir Sverrisson vann silfur í gær í 200 metra skriðsundi á HM fatlaðra í sundi í Glasgow. Jón Margeir kom í mark á 1:58.06 mínútum og var rúmri sekúndu á eftir Rússanum Viacheslav Emeliantsev sem hafði áður tekið af honum heimsmetið í undanrásunum.

FÓTBOLTI

Gunnar varði vítaspyrnu

Gunnar Nielsen, færeyski markvörður Stjörnuliðsins, átti frábæran leik þegar Stjarnan tapaði 2-0 fyrir Celtic í gær í fyrri leik liðanna í forkeppni Meistaradeildarinnar. Celtic skoraði fyrra mark sitt rétt fyrir hálfleik og það síðara eftir besta kafla Stjörnunnar í leiknum í byrjun seinni hálfleiks. Gunnar Nielsen (sjá mynd) bjargaði Stjörnuliðinu margoft, sérstaklega þegar hann varði víti frá Leigh Griffiths á 78. mínútu. Seinni leikur liðanna fer fram á Íslandi í næsti viku en Stjarnan á smá von eftir að hafa sloppið með tveggja marka tap.

Eins og ég sé í útlöndum

Hólmar Örn Eyjólfsson mætir KR með norska stórveldinu Rosenborg í annarri umferð forkeppni Evrópudeildarinnar í kvöld. Hólmar nýtur lífsins í Þrándheimi og hefur ekki liðið betur á vellinum í langan tíma.

FÓTBOLTI Bikarmeistarar KR eiga tvo erfiða leiki fyrir höndum í annarri umferð forkeppni Evrópudeildarinnar í knattspyrnu, en Vesturbæjarliðið mætir norska stórveldinu Rosenborg í næstu umferð. Fyrri leikurinn fer fram á Alvogen-vellinum í kvöld. Hann hefst klukkan 19.15 og er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.

Skrítið að vera hérna

Hólmar Örn Eyjólfsson, leikjahæsti leikmaður íslenska U21 árs landsliðsins frá upphafi, gekk í raðir Rosenborg á miðju tímabili í fyrra og er búinn að festa sér byrjunarliðssæti. Hann hefur spilað 14 af 16 leikjum liðsins í norsku úrvalsdeildinni í ár þar sem það trónir á toppnum.

„Það er frekar skrítið að vera hérna undir þessum kringumstæðum. Mér líður dálítið eins og ég sé í útlöndum en samt er ég heima á Íslandi. Ég tala bara ensku við alla og svona," sagði Hólmar Örn brosandi við Fréttablaðið eftir æfingu Rosenborg á KR-vellinum í gær.

„Það er gaman að koma heim til Íslands og mæta KR í fyrsta sinn í langan tíma," bætti hann við.

Vanmetum ekki KR

Norska stórveldið ætlar sér að sjálfsögðu að komast í gegnum KR-ingana og mun lengra en það. „Markmiðið er að komast í riðlakeppnina," sagði André Hansen, markvörður Rosenborg, við Fréttablaðið í gær, en hann þekkir vel til í Vesturbænum.

Hansen kom til landsins á láni sumarið 2009 frá Lilleström þegar norska félagið keypti Stefán Loga Magnússon af KR-ingum. Hann spilaði í þrjú ár með Odd Grenland áður en hann gekk í raðir Rosenborg fyrir tímabilið, en hann hefur staðið sig mjög vel.

„Við erum með mjög sterkt lið en við vanmetum ekki KR. Við erum búnir að sjá þá spila og vitum hvað þeir geta," sagði Hólmar, sem fagnaði mikið fyrst þegar dregið var til annarrar umferðar. En svo stefndi allt í að Rosenborg væri á leið til Írlands í síðustu viku þegar KR var marki undir og manni færri.

„Þeir spjöruðu sig og þá var mikið fagnað," sagði Hólmar Örn, en hann segir Rosenborg-liðið vera að spila mjög góðan fótbolta um þessar mundir.

„Við spilum 4-3-3 mjög sókndjarft og sækjum mikið og hratt. Það er að ganga upp og ef við höldum svona áfram getur fátt stöðvað okkur á leiðinni að titlinum."

Loksins í liði sem vinnur

Hólmar Örn var á mála hjá Bochum í þýsku B-deildinni áður en hann kom til Rosenborg. Þar áður var hann hjá West Ham en spilaði aldrei leik fyrir aðalliðið. Eftir upp og niður gengi á ferlinum er hann í mjög góðri stöðu hjá Rosenborg.

„Ég hef líklega aldrei notið mín betur. Ég er loksins kominn í lið sem vinnur fleiri leiki en það tapar. Það er virkilega gaman að vera hluti af svona liði og það er mikil jákvæðni í kringum það. Það er gaman að taka þátt í þessu," sagði Hólmar.

Aðspurður um landsliðsdrauma sagði miðvörðurinn hávaxni að hann langi til að komast í hópinn hjá Lars og Heimi.

„Það er eitt mitt helsta markmið. Ég hef nokkrum sinnum verið í hópnum og þar vil ég vera fastamaður. Ég verð bara að halda áfram að gera það sem ég hef verið að gera til að komast þangað," sagði Hólmar Örn Eyjólfsson.

Kemur á hverju ári

André Hansen, markvörður Rosenborg, er mikill Íslandsvinur. Hann hefur verið fastagestur hér á landi síðan hann spilaði níu leiki fyrir KR í Pepsi-deildinni 2009.

„Ég eignaðist mjög góðan vinahóp sem sá vel um mig og því kem ég hérna nánast árlega. Þetta er gott land og hingað er gott að koma," sagði André Hansen við Fréttablaðið. tomas@365.is

GENGUR VEL Hólmar Örn Eyjólfsson kom til Rosenborg á síðustu leiktíð til að leysa miðvarðarvandræði, en hann negldi sér stöðu í byrjunarliðinu og er fastamaður. Honum hefur ekki liðið betur í boltanum í langan tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KR – ROSENBORG

KR-ingar mæta norska stórveldinu Rosenborg í annarri umferð riðlakeppni Evrópudeildarinnar í kvöld. Vestubæjarstórveldið ætlar sér í næstu umferð og þarf því að eiga sinn besta leik á heimavelli.

365.is | Sími 1817 365

Önnur heimsókn frá Aserbaídsjan

FH mætir liði Inter Baku í forkeppni Evrópudeildarinnar í Kaplakrika í kvöld.

FÓTBOLTI „Þeir eru ágætir. Þetta er hörkulið og við þurfum að eiga tvo mjög góða leiki til að komast áfram," sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, á blaðamannafundi í Kaplakrika í gær, spurður um möguleika Fimleikafélagsins gegn Inter Baku frá Aserbaídsjan í 2. umferð forkeppni Evrópudeildarinnar í kvöld.

Ólíkt FH er Inter Baku á miðju undirbúningstímabili. Einu leikirnir sem liðið hefur leikið síðan deildin heima fyrir kláraðist eru tveir Evrópuleikir gegn Laci frá Albaníu en Aserarnir fóru áfram á útivallarmarki. Heimir segist vera búinn að fara yfir þá leiki.

„Það var talsverður munur á Inter-liðinu milli leikja. Þeir voru mun betri í seinni leiknum og þetta er gott lið. En við erum á heimavelli og þurfum að ná góðum úrslitum," sagði Heimir en FH vann 2-0 samanlagðan sigur á finnska liðinu SJK í 1. umferðinni.

„Ég sá líka báða leiki þeirra við Elfsborg í Evrópudeildinni í fyrra. Þeir voru miklu betri í fyrri leiknum og hefðu átt að vinna stærra en 1-0 en Elfsborg kláraði þetta í vítaspyrnukeppni í seinni leiknum," sagði Heimir en FH mætti svo einmitt Elfsborg í næstu umferð og féll úr leik, samanlagt 5-3.

Miklar breytingar hafa orðið á liði Inter Baku frá síðasta tímabili þegar það endaði í 2. sæti asersku deildarinnar. Að sögn þjálfara Inter Baku, Zaur Svanadze, eru aðeins fjórir leikmenn eftir í liðinu frá því í fyrra. „Þetta verður mjög erfiður leikur en við erum nánast með nýtt lið," sagði Svanadze á blaðamannafundinum í gær.

Kollegi hans hjá FH var leikmaður Fimleikafélagsins þegar það mætti öðru asersku liði, Neftchi Baku, í 1. umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu fyrir áratug. Heimir á ekki góðar minningar frá þeim leikjum.

„Ferðin til Aserbaídsjan var áhugaverð. Þeir spiluðu okkur svo sundur og saman í heimaleiknum," sagði Heimir en Tomislav Misura, núverandi leikmaður Grindavíkur, skoraði í báðum leikjunum fyrir Neftchi sem vann einvígið, 4-1 samanlagt.

Það er skammt stórra högga á milli hjá FH-ingum en á sunnudaginn taka þeir á móti KR í Krikanum í uppgjöri tveggja efstu liða Pepsi-deildarinnar.

Síðan tekur við langt ferðalag til Aserbaísjan en seinni leikur FH og Inter Baku fer fram næsta fimmtudag. FH á svo leik í Keflavík sunnudaginn 26. júlí en líklega verður sá leikur færður yfir á mánudaginn. - iþs

FLEIRI SIGRAR EN TÖP

FH hefur unnið 12 af 28 Evrópuleikjum sínum undir stjórn Heimis Guðjónssonar frá 2008 en tapleikirnir eru 11 talsins.

ERFITT VERKEFNI FH á fyrir höndum erfiða Evrópuleiki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

Golfers LEXUS BORGUN EIMSKIP Golfstöðin

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í SÍMA **1817** EÐA Á **365.IS**

BEINAR ÚTSENDINGAR *FRÁ MÓTINU:*

Fimmtudaginn	16. júlí	**kl. 08:00**
Föstudaginn	17. júlí	**kl. 08:00**
Laugardaginn	18. júlí	**kl. 09:00**
Sunnudaginn	19. júlí	**kl. 10:00**

Nánar á **365.is** og í **síma 1817**

OPNA BRESKA
MEISTARAMÓTIÐ

Í dag hefst Opna breska meistaramótið sem er þriðja risamót ársins. Í ár er mótið haldið á hinum sögufræga St. Andrews-velli í Skotlandi. Tekst McIlroy að verja titilinn eða nær Spieth að sigra sitt þriðja risamót í röð? Allir keppnisdagarnir verða í beinni útsendingu á Golfstöðinni. Tryggðu þér áskrift á 365.is

3.490 kr. ef þú ert með Stóra pakkann eða Sportpakkann.

5.490 kr. ef þú ert með aðra áskrift hjá 365.

6.490 kr. ef þú ert ekki með neina áskrift hjá 365.

GSM áskrift, internet, heimasími og aðild að **Vild** fylgir áskrift að Golfstöðinni

0 kr. 4 GSM áskriftir
60 mín. og **60 SMS**
60 mín. og 60 SMS fylgja hverri áskrift

0 kr. Internet
20 GB

0 kr. Heimasími
100 mín.*
*Greitt er 9,7 kr. upphafsgjald þegar hringt er úr heimasíma

365

NÝTT **10 GB** GAGNAMAGN FYLGIR Á **0 KR.**

SUMARÚTSALA

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

Á VÖLDUM SUMARVÖRUM

20-50% AF GARÐHÚSGÖGNUM - 30% AF HEKKKLIPPUM - 30% AF SLÁTTUORFUM
20-40% AF GREINAKURLURUM - 30% AF MOSATÆTURUM - 25-30% AF JARÐVEGSTÆTURUM
30% AF LAUFSUGUM - 25% AF SLÁTTUTRAKTORUM - 25% AF KÖRFUBOLTASPJÖLDUM
30% AF MARKÍSUM - 25-30% AF BLÓMAPOTTUM - 40% AF FERÐABOXUM
30% AF BRÚNU PALLA- OG GIRÐINGAREFNI

FJÖLDI ANNARRA VARA Á LÆKKUÐU VERÐI

Ferðagasgrill G-600, 2,93 kW, ryðfrír brennari, 2 grillgrindur.

19.995 kr.

50632100
Almennt verð: 24.995 kr.

CARGO 200 ferðabox, 370 l, 174x77x42 cm. 3 punkta læsing. Burðargeta 50 kg.

49.995 kr.

79294200
Almennt verð: 84.995 kr.

HÆGT AÐ OPNA BÁÐUM MEGIN

CARGO 300 ferðabox, 470 l, 218x92x40 cm. 3 punkta læsing. Burðargeta 50 kg.

59.995 kr.

79294300
Almennt verð: 104.995 kr.

BROIL KING gasgrill GEM SUPER, 11,5 kW.

34.995 kr.

50657518
Almennt verð: 49.995 kr.

Sláttuorf BC139, fjórgengismótor, 0,7 kW, 43 cm sláttubreidd.

20.995 kr.

53323120
Almennt verð: 29.995 kr.

FÖRUM Í

ÞAÐ VERÐUR GRILLVEÐUR UM HELGINA

HELGARTILBOÐ

BROIL KING Gasgrill MONARCH 320, 8,8 kW, 3 brennarar, aðal eldunarsvæði er 57x37cm.

59.995 kr.

50657510 Almennt verð: 69.995 kr.

WEBER Q1200 gasgrill, 2,64 kW.

37.995 kr.

50650007

FRÁBÆRT VERÐ!

Kolagrill, 43 cm.

3.895 kr.

42373644

HELGARTILBOÐ

NAPOLEON ferðagasgrill TravelQ m/vagni, 4,1 kW, tvöfaldur brennari úr ryðfríu stáli, eldunarsvæði 37x54 cm.

59.995 kr.

506600012 Almennt verð 69.995 kr.

BROIL KING PORTA CHEF ferðagasgrill, 4,1 kW, ryðfrír brennari, eldunarsvæði 46x31 cm.

29.995 kr.

50652233

HEITGALVANISERUÐ
LEYFILEG HEILDARÞYNGD 750 KG
MEÐ LED LJÓSUM

Kerra, 2100x1200x310 mm. Burðargeta 550 kg.

189.995 kr.

79290124

0%

Eða 16.777 kr. á mánuði
Miðaða við 12 mánaða vaxtalaust kortalán, alls 201.325 kr.

BASIC PLUS 12021 þverbogar.

9.995 kr.

90330110

Baksýnisspeglar, framlengingar, 2 stk.

3.995 kr.

90330500

TJALD, SVEFNPOKAR OG DÝNUR FYRIR TVO

Tjaldsett fyrir tvo, tjald, svefnpokar og dýnur fyrir tvo.
12.995 kr.
88015944

FRÁBÆRT VERÐ!

Tjald, 2 manna, 1000 mm, 200x140x100 cm.
2.995 kr.
88015950

Tjald, 3 manna, 1000 mm, 200x210x130 cm.
6.995 kr.
88015952

Tjald, 4 manna, 1000 mm, 230x340x175 cm.
13.895 kr.
88015959

Braggatjald, 5 manna, 1000 mm, 480x260x170 cm.
19.995 kr.
88015956

FERÐALAG

ALLT FYRIR ÚTILEGUNA

Svefnpoki, -5°, 200x80 cm.
5.495 kr.
88015974

Tjalddýna, 200x70 cm.
795 kr.
88015966

Útileguteppi, 130x150 cm.
1.995 kr.
41095490

Vindsæng, blá, 76x190x20 cm.
1.995 kr.
88012341

Rafmagnspumpa.
2.995 kr.
88012369

Gasljós.
3.995 kr.
41118645

Útilegustóll.
1.695 kr.
88098157

Hitablásari, 2000W, 22V.
1.995 kr.
65105754

Gaseldavél, 350x265x100 mm.
5.995 kr.
88011920

Ferðasalerni, 20 l.
14.895 kr.
87977157

Útileguljós, 3 stillingar.
1.675 kr.
41120653

Kælibox, 24 l.
2.995 kr.
41119565

Rafmagnskælibox, 12V, 26,8 l.
12.895 kr.
87977143

Rafmagnskælibox á hjólum,12V, 39 l.
24.695 kr.
87977170

byko.is

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

DAGSKRÁ

19:45

SUMAR- OG GRILLRÉTTIR EYÞÓRS

Girnilegir og sumarlegir grillþættir með Eyþóri Rúnarssyni, meistarakokki. Í þessum þáttum sýnir hann okkur réttu handtökin og kynnir fyrir áhorfendum girnilegar uppskriftir, nýstárlegar aðferðir við eldamennskuna og kemur okkur í rétta sumarskapið.

FRÁBÆR
FIMMTUDAGUR
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

20:10

RESTAURANT STARTUP

Skemmtilegir og spennandi raunveruleikaþættir í umsjón hins harða og eitursvala Joe Bastianich og veitingahúsaeigandans Tim Love. Í hverjum þætti velja þeir á milli tveggja hópa þátttakenda.

21:40

TYRANT

Önnur þáttaröðin af hörku-spennandi þáttum um afar venjulega bandaríska fjölskyldu sem dregst inn í óvænta og hættulega atburðarás í Mið-Austurlöndum.

22:25

NCIS

Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.

22:00

WE'RE THE MILLERS

Hressileg gamanmynd um undirförulan marijúanasala með Jennifer Aniston og Jason Sudeikis í aðalhlutverkum.

21:30

BREATHLESS

Dramatískir þættir sem gerast á sjöunda áratugnum og fjalla um lækna og hjúkrunarkonur á spennandi tímum.

19:00

WALKING WITH DINOSAURS

Spennandi mynd sem færir okkur aftur í tímann þegar risaeðlur gengu um og réðu ríkjum.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. Nánari upplýsingar á **365.is**

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
07.40 iCarly *(19.45)*
08.05 The Middle *(21.24)*
08.30 Masterchef USA *(22.25)*
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors *(6.50)*
10.15 60 mínútur *(20.53)*
11.00 Jamie's 30 Minute Meals
11.25 Dads *(10.19)*
11.45 Undateable *(5.13)*
12.10 Á fullu gazi *(3.6)*
12.35 Nágrannar
13.00 The Object of My Affection
14.50 The Extra Man
16.35 Frikki Dór og félagar
17.00 iCarly *(19.45)*
17.20 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 The Simpsons
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.55 Modern Family *(12.24)*
19.15 Fóstbræður *(5.8)*
19.45 Sumar og grillréttir Eyþórs *(6.8)* Glænýir, girnilegir og sumarlegum grillþættir með meistarakokknum Eyþóri Rúnarssyni. Í þessum þáttum sýnir hann okkur réttu handtökin og kynnir fyrir áhorfendum girnilegar uppskriftir, nýstárlegar aðferðir við eldamennskuna og kemur okkur í rétta sumarskapið
20.10 Restaurant Startup *(7.10)*
20.55 Battle Creek *(11.13)*
21.40 Tyrant *(4.12)* Önnur þáttaröðin af þessum hörkuspennandi þáttum um afar venjulega fjölskyldu í Bandaríkjunum sem dregst inn í óvænta og hættulega atburðarás í Mið-Austurlöndum
22.25 NCIS *(8.24)*.
23.10 Shameless *(7.12)*
00.00 NCIS. Los Angeles *(4.24)* Fimmta þáttaröðin um starfsmenn sérstakrar deildar innan bandaríska hersins sem hafa það sérsvið að rannsaka glæpi sem tengjast sjóhernum eða strangæslunni á einn eða annan hátt. Með aðalhlutverk fara meðal annars Chris O'Donnell og LL Cool J.
00.45 Stoker
03.40 The Object of My Affection
05.30 Fóstbræður *(5.8)* Hér er á ferðinni endursýning á fjórðu og síðustu seríunni með Fóstbræðrunum fyndnu.
05.55 Fréttir

SPORT *besta sætið*

10.55 KR – Cork City FC
13.25 UEFA Champions League 2014 Dortmund – Arsenal
15.05 NBA Bballography. Guerin
15.30 FH – SJK
17.20 MotoGP 2015 Pýskaland
18.25 Sumarmótin Norðurálsmótið
19.00 UEFA – Forkeppni Evrópudeildarinnar – KR – Rosenborg
21.10 Wimbledon Tennis 2015
01.05 UEFA – Forkeppni Evrópudeildarinnar – KR – Rosenborg

SPORT 2 *enski boltinn*

12.25 Breiðablik – Fjölnir
14.05 Pepsímörkin
15.35 LA Galaxy – Club America
17.20 Goðsagnir efstu deildar Ragnar Margeirsson
17.55 Manstu *(4.8)*
19.00 KR – Rosenborg
21.10 San Jose – Club America
22.50 Man. Utd. – Swansea
00.40 Premier League World Skemmtilegur þáttur um leikmennina og liðin í ensku úrvalsdeildinni.

INN

20.00 Landsbyggðin á Hrafnaþingi
20.30 Landsbyggðin á Hrafnaþingi
21.00 Landsbyggðin á Hrafnaþingi
21.30 Sjónvarp Víkurfrétta

STÖÐ 3

19.00 Community *(9.13)*
19.25 Last Man Standing *(10.22)*
19.45 Cristela *(4.22)*
20.10 Sirens *(9.10)*
20.35 Witches of east End *(2.10)*
21.15 Supernatural *(9.23)* Áttunda þáttaröðin af yfirnáttúrlegu spennuþáttunum um Winchester-bræðurna sem halda ótrauðir áfram baráttu sinni við yfirnáttúrulegar furðuskepnur. Englar og djöflar eru hluti af daglegu lífi bræðranna og í fjórðu þáttaröðinni þurfa þeir einnig að gera upp nokkur mál sín á milli.
22.00 American Horror Story. Coven
22.50 Utopia *(4.6)*
23.40 Cristela *(4.22)*
00.05 Sirens *(9.10)*
00.25 Witches of east End *(2.10)*
01.05 Supernatural *(9.23)*
01.45 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

Krakkastöðin

07.00 Lína langsokkur **07.25** Latibær **07.47** Mæja býfluga **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveins **09.49** Tommi og Jenni **09.55** UKI **10.00** Ofurhundurinn Krypto **10.22** Ævintýri Tinna **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Lína langsokkur **11.25** Latibær **11.47** Mæja býfluga **12.00** Könnuðurinn Dóra **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveins **13.49** Tommi og Jenni **13.55** UKI **14.00** Ofurhundurinn Krypto **14.22** Ævintýri Tinna **14.47** Ævintýraferðin **15.00** Lína langsokkur **15.25** Latibær **15.47** Mæja býfluga **16.00** Könnuðurinn Dóra **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveins **17.49** Tommi og Jenni **17.55** UKI **18.00** Ofurhundurinn Krypto **18.22** Ævintýri Tinna **18.47** Ævintýraferðin **19.00** Walking With Dinosaurs

GULLSTÖÐIN

18.15 Strákarnir
18.45 Friends *(2.24)*
19.10 New Girl *(16.24)*
19.35 Mike & Molly *(17.23)*
19.55 How I Met Your Mother *(9.24)*
20.20 Sullivan & Son *(10.10)*
20.45 Ally McBeal *(4.24) (It's My Party)* Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
21.30 Breathless *(4.6)*
22.20 Curb Your Enthusiasm *(5.10)*
22.55 Arrested Development *(14.15)*
23.35 It's Always Sunny in Philadelp *(6.10)*
00.00 Sullivan & Son *(10.10)*
00.25 Ally McBeal *(4.24)*
01.10 Breathless *(4.6)*
02.00 Curb Your Enthusiasm *(5.10)*
02.35 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

12.10 Another Cinderella Story
13.45 James Dean
15.20 That Thing You Do!
17.05 Another Cinderella Story
18.40 James Dean
20.15 That Thing You Do! Tvöfaldur Óskarsverðlaunahafi, Tom Hanks, leikstýrir og fer með stórt hlutverk í þessari gamansömu mynd um hljómsveitarbrölt á gullöld rokksins. Strákana óraði ekki fyrir hvað stofnun hljómsveitar gæti þýtt fyrir þá en þegar Play-Tone Records bauð þeim samning og lagið That Thing You Do sló í gegn varð ekki aftur snúið. Ævintýrið var hafið og enginn vissi hvar þetta myndi enda.
22.00 We're the Millers
23.50 Ghost Rider. Spirit of Vengeance
01.25 Uncertainty
03.10 We're the Millers

RÚV

16.00 Matador *(18.24)*
17.20 Stundin okkar *(11.28)*
17.45 Kungfú Panda *(1.17)*
18.07 Nína Pataló *(34.39)*
18.15 Táknmálsfréttir
18.25 Stjörnustílistar Danmerkur – Nadia Meyer *(1.4)*
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Sumardagar *(8.19) (Borgarnes)*
19.55 Pricebræður bjóða til veislu *(4.5) (Spise med Price)*
20.35 Best í Brooklyn *(7.23)* Besti gamanþátturinn á Golden Globe og Andy Samberg besti gamanleikarinn. Lögreglustjóri ákveður að breyta afslöppuðum undirmönnum sínum í þá bestu í borginni. Aðalhlutverk. Andy Samberg, Stephanie Beatriz, Terry Crews og Melissa Fumero.
21.05 Skytturnar *(5.10) (The Musketeers)*
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Glæpahneigð *(14.23) (Criminal Minds)*
23.00 Stúlkurnar í Anzac *(1.6) (Anzac Girls)*
00.00 Fréttir
00.15 Dagskrárlok

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond *(5.23)*
08.22 Dr. Phil
09.03 The Talk
09.45 Pepsi MAX tónlist
13.05 Cheers *(25.26)*
13.31 Dr. Phil
14.15 America's Next Top Model *(4.16)*
15.00 Survivor *(5.15)*
15.43 Bachelor Pad *(7.8)*
17.09 Hreimsins besti *(4.4)*
17.52 Dr. Phil
18.33 The Talk
19.12 Hotel Hell *(2.6)*
19.55 The Royal Family *(1.10)*
20.15 Agent Carter *(5.8)*
21.00 Agents of S.H.I.E.L.D. *(8.22)*
21.45 Extant *(2.13)*
22.30 Sex & the City *(10.18)*
22.55 Scandal *(8.22)*
23.40 Law & Order *(23.23)*
00.25 American Odyssey *(8.13)*
01.10 Hannibal *(3.13)*
01.55 Agents of S.H.I.E.L.D. *(8.22)*
02.40 Extant *(2.13)*
03.25 Sex & the City *(10.18)*
03.50 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

08.00 The Open Championship Bein útsending frá fyrsta keppnisdegi Opna breska meistaramótsins sem fram fer á St. Andrews vellinum í Skotlandi.
19.00 Inside The PGA Tour Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Árið sem er framundan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufing til mergjar.
19.25 The Open Championship

HRINGBRAUT

10.45 Heimsljós (e) **11.15 433** (e) **11.45** Grillspaðinn (e) **12.00** Mannamál (e) **12.30** Matjurtir (e) **12.45** Heimsljós (e) **13.15 433** (e) **13.45** Grillspaðinn (e) **14.00** Mannamál (e) **14.30** Matjurtir (e) **14.45** Heimsljós (e) **15.15 433** (e) **15.45** Grillspaðinn (e) **16.00** Mannamál (e) **16.30** Matjurtir (e) **16.45** Heimsljós (e) **17.15 433** (e) **17.45** Grillspaðinn (e) **18.00** Mannamál (e) **18.30** Matjurtir (e) **18.45** Heimsljós (e) **19.15 433** (e) **19.45** Grillspaðinn (e) **20.00** Við árbakkann **20.30** Lífsins list **21.00** Afsal **21.30** Vesturfarar **22.00** Við árbakkann (e) **22.30** Lífsins list (e) **23.00** Afsal (e) **23.30** Vesturfarar (e)

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

DESPERATE TIMES.
DESPERATE MEASURES.

TOM CRUISE
MISSION: IMPOSSIBLE
ROGUE NATION

HEIMSFRUMSÝND 29. JÚLÍ

MORGUNMATURINN

„Ég fæ mér banana, djús og heilsutvennu. Þegar ég er í stuði og um helgar finnst mér gaman að fá mér fínni bröns og þá eru amerískar pönnukökur með smjöri, bláberjum, bönunum, súkkulaðispæni og sírópi klisjulegur og góður kostur.“

Edda Sif Pálsdóttir, umsjónarkona Íslands í dag

Kominn tími til að leyfa fólkinu að heyra

Páll Óskar Hjálmtýsson hefur í nógu að snúast og er um þessar mundir að taka upp nýtt tónlistarmyndband.

„Við erum að skjóta nýtt myndband núna sem verður vonandi tilbúið á næstu dögum,“ segir tónlistarmaðurinn Páll Óskar Hjálmtýsson. Hann er þessa dagana á fullu við að vinna nýtt myndband ásamt framleiðslufyrirtækinu Silent. Myndbandið er við nýtt lag sem kallast Líttu upp í ljós og sér Daníel Bjarnason um leikstjórn, Snædís Snorradóttir um framleiðslu og Hákon Sverrisson um stjórn kvikmyndatöku.

„Ég er virkilega ánægður með þetta lag. Það er samið og útsett, af Jakobi Reyni Jakobssyni og Bjarka Hallbergssyni en þeir mynda teymi sem kallast Dusk. Við þrír erum búnir að vera að vinna mikið af músík saman,“ segir Palli um lagið og nýtt samstarf sitt í tónlist við Dusk-teymið. „Við byrjuðum að vinna saman fyrir rúmum tveimur árum og nú er kominn alveg ágætis grunnur að virkilega fínum lögum. Ég hlakka til að leyfa fólki að heyra og það er kominn tími til,“ bætir Palli við. Hann sendi síðast frá sér í apríl lagið Ást sem endist.

Gert er ráð fyrir að myndbandið líti dagsins ljós í næstu viku og þá getur fólk einnig að nálgast lagið ókeypis á palloskar.is. „Þessar smáskífur mínar eru ekki til sölu, heldur eru þær gefins á netinu.“

Sumarið er annasamur tími hjá Palla og er nóg að gera hjá honum. „Það eru einhvers konar bæjarhátíðir allar helgar og ég er á þeim öllum,“ bætir Palli við léttur í lundu. - glp

FLOTTUR Páll Óskar Hjálmtýsson tekur upp nýtt myndband.

SVALUR SNOOP DOGG Bandaríski rapparinn ætlar að stýra risapartíi í Laugardalshöllinni í kvöld. NORDICPHOTOS/GETTY

Snoop Dogg vill alls ekki sjá limósínur

Bandaríski rapparinn Snoop Dogg heldur risapartí í kvöld í Laugardalshöllinni. Hann vill fá ýmsar gæðavörur hér á landi en lætur leikjatölvuna vera í þetta sinn.

Bandaríski rapparinn Snoop Dogg sem treður upp í Laugardalshöllinni í kvöld undir nafninu DJ Snoopadelic, sendir allajafnan ítarlegan lista á tónleikahaldara með ýmsum kröfum. Á svokölluðum „ræder-lista“, sem kappinn hefur sent á tónleikahaldara og Fréttablaðið hefur undir höndum er ætlast til þess að ákveðnir hlutir séu til staðar svo að allt fari vel fram.

Á listanum kemur fram að Snoop vilji fá nokkrar gæðategundir af ýmsu áfengi. Hann biður um fjórar flöskur af ísköldu Moet Rosay kampavíni, tvær flöskur af ísköldu Ciroc Vodka, tvær flöskur af ísköldu Patrón tekíla og tvær flöskur af Hennesy XO koníaki. Allar flöskurnar skulu vera að minnsta kosti 750 ml.

Ofan á allt þetta fer Snoop fram á að fá 24 flöskur af ísköldum Red Bull orkudrykk, 36 flöskur af ísköldum Premium bjór og 24 flöskur af ísköldu vatni. Þá eru ávaxtasafar eins og ananas- og appelsínusafar einnig á listanum.

Hvað varðar snæðing, þá vill rapparinn samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fá djúpsteiktan kjúkling og er það mjög mikilvæg máltíð. Að auki vill hann hafa val um tvo aðra rétti sem að jafnaði eru ýmist steiktur fiskur, BBQ-rif, lasanja eða nautakjöt.

Kappinn gerir einnig ráð fyrir að grípa í sígarettur hér á landi og gerir kröfur um að sex pakkar af Marlboro Lights séu til staðar fyrir hann. Að ógleymdum nýjum, hreinum og hvítum handklæðum þegar Snoop þarf á þeim að halda. „Það kom maður á hans vegum á mánudag til landsins, sem er að taka út svæðið. Snoop sendir fólk á undan sér til að kanna hvort allt sé ekki öruggglega nógu gott og hvort allt sé til staðar,“ Kristinn Bjarnason, einn skipuleggjenda tónleikana. Hann neitar þó að tjá sig frekar um kröfur kappans.

Snoop lendir hér á landi í dag á einkaþotu sinni. Slíkur reynslubolti og kanóna gerir að sjálfsögðu miklar kröfur hvað varðar samgöngur enda hefur hann ferðast um allan heim í fjölda ára. Kröfurnar eiga einnig við um samgönguhætti hér á landi, því hann vill eingöngu ferðast á milli staða á svartri extra stórri Mercedes Vito lúxus sendibifreið og tekur fram að hann vilji ekki sjá limósínur.

Það sem kemur hvað helst á óvart er að hann gerir ekki kröfu um leikjatölvu í þetta skiptið því undanfarin ár hefur kappinn viljað geta gripið í Play Station-tölvu eða Xbox-tölvu á tónleikaferðalögum sínum.

Laugardalshöllinni hefur nú verið breytt í heljarinnar klúbb og mun Snoop stýra tæplega þriggja klukkustunda partíi. „Það er búið að setja upp brjálað hljóðkerfi og ljósakerfi sem ekki hefur verið sett upp áður í Höllinni. Þetta verður hipphopp-tónlistarveisla sumarsins, sem verður á heimsmælikvarða og upplifun sem enginn má missa af,“ segir Kristinn fullur tilhlökkunar. Ásamt Snoop Dogg koma fram Blaz Roca, Úlfur Úlfur, DJ Benni B-Ruff, Shades of Reykjavík og KSF ásamt Alvia Islandia. Miðasala fer fram á midi.is.

gunnarleo@frettabladid.is

➜ Hann biður um fjórar flöskur af ísköldu Moet Rosay kampavíni, tvær flöskur af ísköldu Ciroc Vodka, tvær flöskur af ísköldu Patrón tekíla og tvær flöskur af Hennesy XO koníaki. Allar flöskurnar skulu vera að minnsta kosti 750 ml.

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Pórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Porláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Vild

Fríðindakerfi fyrir áskrifendur 365

LAUGARDAGSPASSI Í DALINN

Áskrifendum 365 býðst 2.000 kr. afsláttur á laugardagspassa á Þjóðhátíð í Eyjum ásamt fari með Herjólfi. Verð til áskrifenda Vildar: 14.420 kr. Venjulegt verð: 16.420 kr.
Nánari upplýsingar á 365.is/vild

KOMDU OG UPPLIFÐU ÞJÓÐHÁTÍÐ

Þjóðhátíð 2015

SMELLTU ÞÉR Á LAUGARDAGSPASSA

JÚNÍUS MEYVANT • AMABADAMA
NÝDÖNSK • JÓN JÓNSSON • MAUS

FLUGELDASÝNING
FM BELFAST

BALL MEÐ SÁLINNI HANS JÓNS MÍNS
OG INGÓ OG VEÐURGUÐUNUM

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

BAKÞANKAR
Frosta Logasonar

Fegurðin og klámið

Afrek Gunnars Nelson í blönduðum bardagalistum vekja misjafnar tilfinningar í brjóstum okkar. Sjálfur tilheyri ég þeim hópi sem er einfaldlega að rifna úr stolti. Ég er enn að jafna mig eftir glæsilega framgöngu hans í magnaðri keppni síðastliðna helgi. Þegar ég hugsa um Gunnar verður mér ósjálfrátt hugsað til Brennu-Njáls sögu. Þar er að finna þessa fallegu mannlýsingu.

GUNNAR var mikill maður vexti, sterkur og allra manna best vígur. Hann hljóp meir en hæð sína með öllum herklæðum og eigi skemmra aftur en fram fyrir sig. Eigi var sá leikur að nokkur þyrfti við hann að keppa og hefir svo verið sagt að engi væri hans jafningi. Hann var vænn að yfirliti og ljóslitaður, bláeygur og snareygur og rjóður í kinnum, hárið mikið, gult, og fór vel. Manna var hann kurteisastur, harðger í öllu, ráðhollur og góðgjarn, mildur og stilltur vel, vinfastur og vinavandur.

PARNA er minn maður holdi klæddur. Stolt okkar Íslendinga í tæp þúsund ár og nú er hann snúinn aftur í MMA. En ekki eru þó allir jafn hrifnir. Ríkiskirkjuprestur greindi frá því að hann hefði ásamt syni sínum komist að þeirri niðurstöðu að líklega verki íþróttin á sömu heilastöðvar og hefðbundið klám. Hann segir klámið og UFC-menninguna vera andstæða hagsmunum kvenna og barna.

SEM mótvægi við þessi slæmu áhrif nefnir presturinn svo til sögunnar séra Friðrik nokkurn barnavin. Prestar hafa jú löngum sótt stíft í að starfa með börnum. Friðrik vann sér það helst til frægðar að stofna félög þar sem drengir hlupu um á stuttbuxum. Stóð hann þá á hliðarlínunni og lagði áherslu á að kappið bæri fegurðina ekki ofurliði. Drengir séra Friðriks skyldu verða góðir drengir og hermenn Guðs. Þetta er auðvitað ósköp fallegt. Ég held hins vegar að MMA og UFC eigi miklu meira erindi við okkar yngstu drengi í dag heldur en KFUM og KFUK.



YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðallestur á tölublað 18–49 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.– mar. 2015

Allt sem þú þarft ...

BOSS
HUGO BOSS
BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242